allt

**KOLBRÚN ÝR GUNNARSDÓTTIR**

*Heldur konum í formi með hreyfingu og útrás*

heilsa • jólin • koma

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**RAGNHEIÐUR GUÐFINNA GUÐNADÓTTIR**

*Hver er versti sjónvarpsmaður landsins?*

Capone stendur fyrir Gullkindinni

**FÓLK 38**






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. nóvember 2005 — 316. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Hátíska í 101



Það var ekta tískustemning á Hótel Borg þegar Ásta Guðmundsdóttir, Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir og Ragna Fróða sýndu afurðir sínar fyrir fullu húsi.

**FÓLK 28**

## Grín eða alvara?

Nú er svo komið að þátttaka pólitíkusa í gríninu öllu saman er orðin svo mikil að allt er komið í einn graut og stundum er erfitt að greina hvað eru fréttir og hvað er skop, segir Valgerður Bjarnadóttir.

**Í DAG 16**



## Hélt ræðulausa afmælisveislu

Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingiskona er fertug í dag. Hún verður í Bandaríkjunum á afmælisdaginn.

**TÍMAMÓT 20**

## Örn kemur sterkari til baka



Örn Arnarson þarf að öllum líkindum að fara í hjartaþræðingu. Hann ætlar sér að koma sterkari til baka þegar hann hefur æfingar að nýju.

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJART VEÐUR** um austanvert landið og þurrt. Skúrir og slydduél annars staðar. Hiti 2-8 stig, mildast syðst.




# Missti báða fæturna í hörmulegu bílslysi

**Særún Sveinsdóttir Williams stórslasaðist í þriggja bíla árekstri á fjölfarinni hraðbraut í Omaha í Bandaríkjunum. Hún telur sig hafa misst fæturna þegar bíll vinnufélaga hennar lenti á henni.**

**SLYS** „Ég held ég hafi aldrei misst meðvitund. Lögreglumennirnir töluðu við mig þar sem ég lá í götunni eftir áreksturinn. Ég gerði mér ekki grein fyrir hversu alvarlega ég var slösuð en ég vissi að yfir mér var þungt farg. Lögreglumennirnir sögðu mér síðan að þeir þyrftu að lyfta bílnum ofan af mér,“ segir Særún Sveinsdóttir Williams, sem missti báða fætur, rétt fyrir ofan hné, í hörmulegu bílslysi í Omaha í Nebraskaríki í Bandaríkjunum. Slysið varð á fjölfarinni hraðbraut snemma morguns fyrir réttri viku.

Slysið varð með þeim hætti að Særún ók pallbíl, sem hlaðinn var pokum með haustlaufum, á leið til vinnu. Hún varð þess skyndilega vör að pokar höfðu fallið af palli bílsins, þannig að hún afréð að stöðva hann og kippa pokunum aftur upp á pallinn. Þegar hún var rétt um það bil að ljúka verkinu varð hún fyrir bíl sem kom aðvífandi. Svo einkennilega vildi til að bílstjóri þess bíls, Kenneth Cooks, er samstarfsmaður Særúnar hjá flutningafyrirtækinu Deffenbaugh.



**SÆRÚN SVEINSDÓTTIR WILLIAMS** Særún fór í eina af mörgum aðgerðum í gær en hún missti báða fætur rétt fyrir ofan hné.

Cooks steig út til þess að reyna að aðstoða Særúnu og vísa annarri umferð frá henni, þar sem Særún lá á götunni, þegar kona keyrði á kyrrstæðan bíl Cooks, með þeim afleiðingum að bíllinn rakst á Cooks sem varð til þess að hann kastaðist um tuttugu metra og hlaut alvarlega höfuðáverka. Bíll Cooks endaði svo á Særúnu þar sem hún lá á götunni. Særún telur að það hafi verið þá sem hún missti fæturna. Bílstjóri þriðja bílsins slapp ómeiddur.

„Ég hef það sæmilegt miðað við aðstæður,“ segir Særún en hún átti að fara í skurðaðgerð í gær, eina af mörgum sem eru fyrirhugaðar. Síðan tekur við endurhæfing sem mun vara næstu mánuði.

Særún er einstæð fimm barna móðir og eru þrjú barnanna búsett hjá henni. Hún hefur verið búsett í Omaha frá árinu 1993. **- saj**



**BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ Í LJÓSADÝRÐINNI** Ljósadýrðin í miðbæ Reykjavíkur eykur örugglega á biðlund þessara manna sem horfa hér í átt að strætisvagni í von um að það sé vagninn sem taki þá heim. Þeir sem ekki vilja þreyta biðlundina þeyta hins vegar hjá á sjálfrennireiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslendingar treysta Geir Haarde best stjórnmálamanna samkvæmt könnun:

# Minnst traust til Halldórs

**SKOÐANAKÖNNUN** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, er sá stjórnmálamaður sem mests trausts nýtur meðal almennings samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Alls sögðust 22,4 prósent treysta honum best. „Geir er afskaplega traustur stjórnmálamaður og sýnir það í störfum sínum. Því koma þessar niðurstöður lítið á óvart,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Í öðru sæti yfir þá sem mests trausts njóta er Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna. „Steingrímur hefur oftast nær komið mjög vel út úr könnunum sem þessari. Hann nýtur trausts og hefur gott persónulegt fylgi,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri-grænna.

Á hæla Steingríms kemur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Mér þykir mjög vænt um það traust sem mér er sýnt og það er merkilegt að ég hljóti litlu minna traust en ráðherra sem setið hefur í ríkisstjórn í meira en tíu ár,“ segir Ingibjörg um þessar niðurstöður en 18,6 prósent aðspurðra telja að henni megi best treysta. Ingibjörg situr einnig í öðru sæti á lista yfir þá stjórnmálamenn sem minnst traust er lagt á og nefndu þá 18,5 prósent nafn hennar.

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokks, er í fjórða sæti þeirra sem almenningur treystir en trónir á sama tíma á toppnum yfir þá sem minnst er treyst. „Ég held að Halldór sé í bullandi sókn eins og reyndar Framsóknarflokkurinn,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

**- saj/ sjá síðu 6**



**SCHRÖDER OG MERKEL** Schröder hættir á þingi þegar Merkel tekur við sem kanslari. MYND/AP

Umskipti í Þýskalandi:

## Schröder frá og Merkel kjörin

**ÞÝSKALAND, AP** Gerhard Schröder, fráfarandi kanslari Þýskalands, tilkynnti í gær að hann hygðist segja af sér þingmennsku og hætta beinum stjórnmálafskiptum, að því er samflokksmenn hans í þýska Jafnaðarmannaflokknum greindu frá. Angela Merkel, formaður Kristilega demókrataflokksins, verður kjörin eftirmaður Schröders á Sambandsþinginu í dag og samsteypustjórn flokka þeirra beggja svarin í embætti.

Schröder stýrði þýsku ríkisstjórninni í sjö ár, samsteypustjórn jafnaðarmanna og græningja. Merkel verður fyrsta konan og fyrsti Austur-Þjóðverjinn sem sest í kanslarastólinn.

**- aa / sjá síðu 14**

Erlendir starfsmenn á Íslandi:

## Á áttunda þúsund

**VINNUMARKAÐUR** Að minnsta kosti 7.300 útlendingar starfa hér á landi, samkvæmt áætlun sem Vinnumálastofnun hefur gert. Inni í þessari tölu eru ekki borgarar hinna Norðurlandanna og EES-ríkjanna. Þetta eru áætlaðar tölur, ekki er vitað nákvæmlega hversu margir eru starfandi hér.

Ef tölur yfir veitt atvinnuleyfi eru skoðaðar kemur í ljós að Pólverjar hafa fengið flest atvinnuleyfi, eða 2.031, og Kínverjar hafa fengið næstflest eða 510. Litháar hafa fengið tæplega 300 atvinnuleyfi, Filippseyingar, Serbar og Svartfellingar, Slóvakar og Lettar hafa einnig fengið mörg atvinnuleyfi. **- ghs**

Bresk skoðanakönnun:

## Nauðganir sök fórnarlamba

**BRETLAND** Þriðjungur Breta telur að konur sem verða fyrir nauðgun geti sjálfum sér um kennt að nokkru eða öllu leyti ef þær hafa daðrað við árásarmann sinn. Þetta kemur fram í nýrri könnun Amnesty International sem eitt þúsund manns tóku þátt í. Fjórðungur álítur að þær konur sem eru ölvaðar eða klæddar í flegnum fatnaði beri hluta ábyrgðarinnar.

Yfirsaksóknari nauðgunarmála í landinu segir í samtali við BBC að niðurstöðurnar séu sérstakt áhyggjuefni þar sem kviðdómur dæmir í slíkum málum. Viðhorfin sem könnunin endurspeglar rata því vafalaust inn í réttarsalinn. ■



## SPURNING DAGSINS

*Hrafnhildur, verður gjafasæði vinsæl jólagjöf í ár?*

„Ég vona það verði vinsælt allt árið um kring."

Hrafnhildur Gunnarsdóttir er formaður Samtakanna 78. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja rúm 82 prósent að lesbíur í sambúð fái að eignast barn með gjafasæði.

Tryggingastofnun ríkisins skoðar greiðslur til öryrkja:

# Kanna greiðslu grunnlífeyris

**ÖRORKA** Tryggingastofnun ríkisins er að skoða hvort rétt sé að greiða öryrkjum, sem eingöngu eru með lífeyrisgreiðslur, grunnlífeyri upp á 22 þúsund krónur í stað þess að fella niður allar bótagreiðslur hjá þeim sem hafa fengið ofgreiddar bætur á árinu. Þetta eru viðbrögð við gagnrýni upp á það að stofnunin láti allar bótagreiðslur falla niður hjá þeim sem hafa fengið ofgreiddar bætur.

Ágúst Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun, segir að fyrirkomulagi á öllum lífeyristryggingum hafi verið breytt í lögum frá 2002. Í stað þess að reikna út mánaðarlegan rétt hjá einstaklingum miðist allt við ársréttindi fólks. Stofnunin sendi öllum lífeyrisþegum tekjuáætlun fyrir upphaf næsta árs og tilgreini þar allar tekjur sem stofnunin viti um. Hún biðji fólk svo um að senda breytingar ef áætlunin er ekki rétt.

„Ef fólk gerir ekki breytingar þá er viðbúið að það fái rangar greiðslur. Þegar fólk gerir upp bætur ársins á eftir þá koma vangreiðslur og ofgreiðslur í ljós," segir hann. - ghs



**TEKJUÁÆTLUN ÞARF AÐ BREYTA** Ágúst Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá TR, segir viðbúið að vangreiðslur og afgreiðslur komi í ljós ef ekki séu gerðar breytingar á tekjuáætlun.

Kjarnorkuúrgangur ferjaður:

## Flutningnum ákaft mótmælt

**DANNENBERG, AP** Flutningalest sem í eru tólf gámar kjarnorkuúrgangs nálgaðist áfangastað sinn í Þýskalandi í gær. Fjöldi mótmælenda reyndi að tefja för lestarinnar en allt fór þó friðsamlega fram.

Á hverju ári er úrgangur fluttur frá kjarnorkuendurvinnslu í La Hague í Frakklandi til geymslusvæðis í Gorleben í Neðra-Saxlandi og fylgja flutningunum jafnan kröftug mótmæli íbúa svæðisins, svo og náttúruverndarsinna. Tíu þúsund lögreglumenn fylgdu lestinni að þessu sinni og hafa nokkrir tugir manna verið handteknir. ■.



SIGURÐUR JÓHANN HENDRIKSSON

Banaslys í Norðurárdal:

## Lést í bílveltu

**BANASLYS** Maðurinn sem lést eftir bílveltu í Borgarfirði um miðjan dag á sunnudag hét Sigurður Jóhann Hendriksson. Hann var 59 ára gamall, búsettur í Reykjavík. Sigurður Jóhann lætur eftir sig eiginkonu og tvö uppkomin börn.

Slysið átti sér stað í Norðurárdal, skammt ofan við bæinn Sveinatungu, en töluverð hálka var á þessum slóðum á sunnudaginn. Tilkynning barst um slysið rétt fyrir klukkan hálf þrjú um daginn. Í fyrstu var óttast að fleiri hefðu verið í bílnum og var nokkur viðbúnaður vegna slyssins. - óká

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

# Siðlaus framkoma

**Yfir 80 öryrkjar og ellilífeyrisþegar missa tekjur sínar hjá Tryggingastofnun. Formaður Öryrkjabandalagsins segir um „siðlausa framkomu gagnvart veiku og fötluðu fólki" að ræða. Öryrkjabandalagið vill minnka skerðinguna.**

**ÖRYRKJAR** Rúmlega 80 manns, þar af um 60 öryrkjar og 20 ellilífeyrisþegar, missa tekjur sínar síðustu tvo til þrjá mánuði ársins þar sem þessir einstaklingar teljast hafa fengið ofgreiddar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins eða þá að þeir hafa verið með tekjur sem koma til frádráttar við útreikning örorkubóta.

Sigursteinn Másson formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir að bandalagið hafi í tvær vikur reynt að ná sambandi við heilbrigðisráðuneytið, heilbrigðisráðherra og Tryggingastofnun til að koma á samráði og fá reglugerð um stöðvun bótagreiðslna frá 4. október, sem unnið er eftir í þessu máli, mildaða, henni breytt eða helst að hún verði felld úr gildi.

Sigursteinn segir að Tryggingastofnun túlki reglugerðina þannig að fella beri niður tekjur einstaklinga, sem hafi fengið ofgreiddar örorkubætur, út þetta ár. Sigursteinn segir að á næsta ári sé svo tekin upp aftur framkvæmd sem hafi verið í gildi áður en reglugerðin hafi komið til. Sú framkvæmd gangi út á að skerða tekjur einstaklinga með ofgreiddar bætur um hámark 20 prósent. Sigursteinn segir að Öryrkjabandalagið vilji þann framgangsmáta út þetta ár.



**VILL SAMRÁÐ** Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, vill að stjórnvöld hafi samráð við heildarsamtök fatlaðra eins og lög gera ráð fyrir.

„Að okkar mati er ófært að ganga fram með þessum hætti enda væri það ekki gert gagnvart neinum öðrum þjóðfélagshópum," segir Sigursteinn. „Burtséð frá lagatæknilegum atriðum og túlkun laga þá er það mat okkar að þarna sé um að ræða siðlausa framkomu gagnvart veiku og fötluðu fólki sem á mjög erfitt með að verja sig."

Í dag er boðað til fundar í framkvæmdastjórn Öryrkjabandalagsins þar sem þetta mál verður tekið fyrir. Ef þá hefur ekki verið ákveðið af hálfu heilbrigðisráðuneytisins og Tryggingastofnunar að laga þetta og skerða bæturnar að hámarki um 20 prósent 1. desember í stað fullrar skerðingar þá verður málið sett í lögformlegan farveg og til að byrja með sent til úrskurðarnefndar tryggingamála. ghs@frettabladid.is



**FULL TEKJUSKERÐING EÐA SKERÐING UM 20 PRÓSENT?** Rúmlega 80 manns fá fulla skerðingu á örorkubótum út þetta ár þar sem þeir hafa fengið ofgreiddar örorkubætur hjá Tryggingastofnun. Valur Höskuldsson, MND-sjúklingur, er í hópi þeirra fjölmörgu sem missa lífsviðurværi sitt síðustu mánuði ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tveir drengir brenndust:

## Líðan beggja eftir atvikum

**SLYS** Líðan drengjanna tveggja sem brenndust illa á höndum og í andliti í fyrrakvöld þegar þeir kveiktu í eldfimum vökva sem þeir voru að fikta með er eftir atvikum að sögn yfirlæknis á skurðdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

Báðir hlutu þeir talsverðan bruna í andliti og á höndum. Annar þeirra öllu meiri bruna og er honum haldið sofandi í öndunarvél. Hvorugur þeirra er þó í lífshættu.

Lögregla hefur eftir vitnum að slysinu að drengirnir hafi verið að fikta með eld og eldfiman vökva þegar atvikið átti sér stað. Slettist vökvinn yfir drengina með fyrrgreindum afleiðingum. ■

Tekist á við uppreisnarmenn:

## Al-Zarqawi gæti verið allur

**ÍRAK** Ekki er útilokað að Abu Musab al-Zarqawi, sem sagður er höfuðsmaður al-Kaída í Írak, hafi fallið í átökum uppreisnarmanna við bandaríska hermenn í Mosul um helgina.

Hermennirnir réðust inn í hús í borginni þar sem talið var að hermdarverkamenn héldu sig. Í stað þess að falla í hendur Bandaríkjamanna kusu átta menn að svipta sig lífi.



**ABU MUSAB AL-ZARQAWI** Gæti hafa fallið í átökum í Mosul um helgina.

Að sögn dagblaðsins Science Daily er enn verið að bera kennsl á þá sem féllu og er ekki útilokað að al-Zarqawi sé þar á meðal. Ráðgjafi Bandaríkjaforseta sem vitnað er til í frétt blaðsins telur þó ólíklegt að al-Zarqawi sé fallinn. ■




STURTUHORN
Úr hertu öryggisgleri
**Ifö Samba.**
90x90cm með stálbotni.
Einstaklega hagkvæm og nett lausn frá Ifö.
**Tilboð:**
29.900 kr.
Ifö Þægindi á tilboði
Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15
TENGI
Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax 414 1001 | tengi.is


Heilbrigðisráðherra ætlast til þess að starfsfólk Landspítalans leysi deilur:

# Hætta störfum að óbreyttu

**HEILBRIGÐISMÁL** Hætta gæti steðjað að nýrnasjúklingum ef átta af 16 hjúkrunarfræðingum blóðskiljunardeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss hætta þar störfum um áramótin.

Þetta kom fram í máli Valdimars L. Friðrikssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, sem spurði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra um málið á Alþingi í gær.

Valdimar sagði að sérhæfing hjúkrunarfræðinganna væri slíka að heild ár tæki að þjálfa nýjan til starfa. „Átta þeirra túlka fyrirhugaðar breytingar á vinnutíma sem ígildi uppsagnar á ráðningarsamningi og munu því hætta að óbreyttu störfum um áramót," sagði Valdimar og taldi sparnaðaráform hafa verið lögð til grundvallar.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sagðist ætlast til þess að forystumenn spítalans og starfsfólk setti niður þessar deilur og tryggðu áframhaldandi starfsemi deildarinnar. „Afgreiðsla á fjárlögum gefur ekki ástæðu til þess að tala um sparnaðaraðgerðir í þessu skyni og ég ætlast til að þetta mál verði leyst innan spítalans og trúi því að forysta spítalans og það starfsfólk sem hér á í hlut leysi þetta mál og tryggi þessa lífsnauðsynlegu þjónustu. - jh



**JÓN KRISTJÁNSSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA** „Ég ætlast til að þessi mál verði leyst innan spítalans."

www.toyota.is

Það er kannski sumar í Ástralíu ...



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30214 11/2005

... en hér á Íslandi er vetur.

Þess vegna **fylgja vetrardekk á felgum**
öllum seldum Corolla og Avensis fram til áramóta.



Avensis
Verð frá 2.240.000 kr.



Corolla
Verð frá 1.685.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 21.11.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,68 | 61,98 |
| Sterlingspund | GBP | 106,00 | 106,52 |
| Evra | EUR | 72,84 | 73,24 |
| Dönsk króna | DKK | 9,76 | 9,82 |
| Norsk króna | NOK | 9,25 | 9,30 |
| Sænsk króna | SEK | 7,61 | 7,66 |
| Japanskt jen | JPY | 0,52 | 0,52 |
| SDR | XDR | 87,91 | 88,43 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**102,5575**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rúmlegar þrjár milljónir hafa látist úr alnæmi og tengdum sjúkdómum á árinu:

# Yfir fjörutíu milljónir smitaðar

**ALNÆMI** Aldrei hafa jafn margir verið smitaðir af HIV-veirunni og nú. Ný skýrsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO sýnir að fjöldinn er í fyrsta sinn kominn yfir fjörutíu milljónir, þar af hafa fimm milljónir smitast á þessu ári.

Í skýrslunni segir að tekist hafi að hefta útbreiðslu alnæmis í ýmsum löndum, til dæmis í Kenía og Simbabve. Hins vegar óttast sérfræðingar að smituðum muni fjölga hröðum skrefum á næstu árum í Austur-Evrópu og í Mið- og Austur-Asíu.

Á heimsvísu fjölgar þeim sem sýktir eru og mun fleiri ráðstafanir þarf að gera til að stöðva faraldurinn. Sem fyrr er ástandið langverst í Afríku þar sem 64 prósent allra HIV-smitaðra búa.

Yfir þrjár milljónir manna hafa dáið úr alnæmi og tengdum sjúkdómum á árinu, þar af hálf milljón barna. 2,5 milljónir látinna eru íbúar Afríku sunnan Sahara.

Aðgengi fátækra ríkja að lyfjum við sjúkdómnum hefur stórbatnað á síðustu tveimur árum auk þess sem áróður fyrir notkun smokka hefur borið nokkurn árangur. Er talið að lífslíkur allt að 350 þúsund manna hafi batnað af þessum sökum á árinu. **- aöe**



**MUNAÐARLAUS BÖRN** Hundruð þúsunda barna og ungmenna eru munaðarlaus þar sem foreldrar þeirra hafa látist úr alnæmi. NORDICPHOTOS,AFP



**Á KJÖRSTAÐ** Kjörsókn var ágæt í gær, meðal annars neytti þessi kona úr Maasai-þjóðflokknum atkvæðisréttar síns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðaratkvæði í Kenía:

## Völd forsetans verði aukin

**KENÍA, AP** Keníumenn kusu í gær um umdeildar breytingatillögur á stjórnarskrá landsins en þær gera ráð fyrir að völd forsetans verði aukin verulega.

Forsetinn, Mwai Kibaki, hefur kallað kosningarnar sögulegt tækifæri en stjórnarandstæðingar vilja að forseti deili valdinu með lýðræðislega kjörnum forsætisráðherra. Miklar óeirðir hafa átt sér stað að undanförnu vegna kosninganna þar sem níu manns hafa látist. Í stjórnarskránni sem kosið er um kveður einnig á um aukið jafnrétti kynjanna og endurbætur í landbúnaði. ■

## FRAKKLAND

**Störfum fjölgað fyrir fátæk ungmenni** Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, hét því í gær að gera það sem í valdi ríkisstjórnarinnar stæði til að fjölga störfum sem ungmennum í hinum fátæku innflytjendahverfum borga landsins stæðu til boða. Áður hafði Jacques Chirac forseti heitið átaki gegn misréttinu sem þessi þjóðfélagshópur byggi við.

# Sharon segir skilið við Likud

**Eftir að hafa sagt skilið við Likud-bandalagið ákvað Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, að fara fram á við forseta landsins að þing yrði rofið og boðað yrði til kosninga. Sharon hefur, ásamt bandamönnum sínum, þegar stofnað nýjan flokk sem búist er við að geti náð lykilstöðu í stjórnmálum landsins.**

**ÍSRAEL** Stórtíðindi urðu í ísraelskum stjórnmálum í gær þegar Ariel Sharon forsætisráðherra sagði skilið við Likud-bandalagið og stofnaði nýjan stjórnmálaflokk. Ísraelska þingið hefur fallist á tillögu um þingrof og er reiknað með að kosningar verði seint í mars.

Óhætt er að segja að atburðarásin í Ísrael hafi verið hröð eftir að Verkamannaflokkur Amir Peretz ákvað að hætta þátttöku í ríkisstjórninni á sunnudag. Strax í kjölfarið sagði hinn 77 ára gamli Ariel Sharon sig úr Likud-bandalaginu og tilkynnti hann að hann hefði stofnað nýjan stjórnmálaflokk, Þjóðarábyrgðarflokkinn, sem höfða á til hófsamari hluta þjóðarinnar. Í gærmorgun gekk hann á fund Moshe Katsav forseta og bað hann um að rjúfa þing og boða til kosninga. Síðdegis í gær samþykkti þingið fyrstu tillöguna um að leysa sjálft sig upp með drjúgum meirihluta en þrjár umferðir þarf til viðbótar. Undir kvöld greindi svo Katsav forseti frá því að kosningar yrðu að öllum líkindum haldnar 28. mars, en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir þeim haustið 2006.

Stuðningsmenn Sharons eru þegar farnir að streyma úr Likud-bandalaginu og í gærkvöld höfðu þrettán af 40 þingmönnum flokksins gengið til liðs við Þjóðarábyrgðina, þar á meðal Ehud Olmert fjármálaráðherra og Tzipi Livni dómsmálaráðherra. Auk Likud-manna verða áberandi í flokknum menn úr mennta- og viðskiptalífi landsins og jafnvel þingmenn Verkamannaflokksins. Dagblaðið Haaretz taldi hins vegar ólíklegt að Shimon Peres, fyrrverandi leiðtogi hans, yrði þar á meðal en getgátur höfðu verið um það.



**HUGSAR SITT** Ariel Sharon sagði á blaðamannafundi í gærkvöld að dvölin í Likud-bandalaginu hefði verið orðin „óbærileg“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flokksmenn í Likud-bandalaginu voru að vonum æfir yfir framgöngu síns fyrrverandi leiðtoga en Sharon og bandamönnum hans hefur verið bannað að koma inn á flokksskrifstofurnar. Talið er líklegt að Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, verði næsti flokksformaður.

Sharon hélt blaðamannafund í gærkvöld þar sem hann skýrði út ákvörðun sína. Þar sagði hann að lífið í Likud-bandalaginu hefði verið orðið „óbærilegt“ og hann hefði íhugað úrsögn um nokkurra vikna skeið. Auk þess sagði hann að áframhaldandi dvöl í flokknum hefði teflt í tvísýnu tækifærum til samkomulags við Palestínumenn sem urðu til vegna rýmingar landnemabyggða á Gaza, en þær mættu mikilli andspyrnu hjá íhaldsarminum í Likud-bandalaginu. Sharon útilokaði hins vegar með öllu að frekari einhliða brottflutnings landnema væri að vænta. Hér eftir myndi hann fylgja svonefndum friðarvegvísi en lokatakmark hans er að Palestínumenn fái að stofna sjálfstætt ríki.

sveinng@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FRAMUNDAN**

SVELLKALT Síðasti dagurinn í þokkalegum hlýindum því á morgun fer veður hægt en ákveðið kólnandi og á fimmtudag verður orðið ískalt um allt land. Má búast við allt að 10 stiga frosti inn til landsins.

Um helgina verður viðsnúningur á ný og horfir býsna vel til með björtu og mildu veðri.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI**

Suðaustan strekkingur og lítilsháttar skúrir. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*




Fremur stífar vestlægar áttir. Lægir síðdegis.

Stíf norðanátt austan til, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 6°C heiðskírt | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 1°C alskýjað | Berlín | 5°C hálfskýjað | Mílano | 11°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C hálfskýjað | New York | 9 °C rigning |
| Helsinki | -1°C hálfskýjað | Madríd | 15°C hálfskýjað | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 21°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


TAKTU NÆSTA SKREF
AÐ MEISTARAVERKI
BETRI VEXTIR
ALLT AÐ 100% LÁNS HLUTFALL
ÞEKKING & ÞJÓNUSTA
NÝBYGGINGALÁN
Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar einstaklingum og verktökum til byggingar íbúðarhúsnæðis, frá einbýlishúsum að stórum fjölbýlishúsum. Lánin bera breytilega vexti og lánshlutfall getur verið allt að 100%. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Við styðjum framkvæmdamenn!
FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
Fíton/SÍA FI015128



## KJÖRKASSINN

*Mun Björn Ingi Hrafnsson leiða Framsókn í borginni?*

| | |
|---|---|
| Já | 52% |
| Nei | 48% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á Alþingi að bjarga Byggðastofnun með aukafé?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is visir

Ásatrúarmenn og fríkirkjuprestur skora á yfirvöld að breyta lögum um hjónavígslur:

# Vilja gefa samkynhneigða saman

**RÉTTINDAMÁL** „Þeir í þjóðkirkjunni mega vera með sína trúarlegu kreddu en okkur þykir sárt að þurfa að bíða eftir því að þeir þokist til umburðarlyndis til að við megum framkvæma okkar athafnir," segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði.

Hann segir landslög til verndar þjóðkirkjunni meina ásatrúarsöfnuðinum að gefa saman samkynhneigða og skorar hann á yfirvöld að bæta úr því.

Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur er sama sinnis en hann segist oft hafa framkvæmt athafnir fyrir samkynhneigða sem voru svipaðar hjónavígslum gagnkynhneigðra. „Það hefur aðeins vantað upp á viðurkenningu frá hinu opinbera og ég hef óskað eftir því að ríkisstjórnin setji inn í frumvarp sitt heimild handa prestum og forstöðumönnum trúfélaga til að gefa saman samkynhneigða," segir Hjörtur Magni.

„Ég trúi því að frumvarpið sé í anda Krists; Kristur fór ekki í manngreiningarálit og ekkert er haft eftir honum í biblíunni sem mælir gegn samkynhneigðum. Þvert á móti var hann mjög á bandi þeirra sem voru settir á jaðar samfélagsins," segir fríkirkjupresturinn. - jse



**ALLSHERJARGOÐINN HILMAR ÖRN HILMARSSON** Hilmar segir landslög til verndar þjóðkirkjunni koma í veg fyrir að ásatrúarmenn geti gefið samkynhneigða saman og þykir sárt að þurfa að bíða eftir þjóðkirkjunni í þessum efnum.

## LEIÐRÉTTING

Vegna mistaka í blaðinu í gær endurbirtum við réttan lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði. Rósa Guðbjartsdóttir verður í öðru sæti, Almar Grímsson í því þriðja og Helga R. Stefánsdóttir vermir nú sjöunda sæti listans. Valgerður Sigurðardóttir, sem lenti í öðru sæti, ákvað að taka ekki sæti á listanum.

**LISTI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI**

1. Haraldur Þ. Ólason
2. Rósa Guðbjartsdóttir
3. Almar Grímsson
4. María Kristín Gylfadóttir
5. Bergur Ólafsson
6. Skarphéðinn Orri Björnsson
7. Helga R. Stefánsdóttir

## ÍSAFJÖRÐUR

**Eldur kviknaði í íbúðarhúsi** Eldur kviknaði út frá eldavél í íbúðarhúsi á Ísafirði um kvöldmatarleytið í gær. Slökkvilið var fljótt á staðinn og réð niðurlögum eldsins. Klæðningar á veggjum eldhússins eyðilögðust en þar fyrir utan urðu engar teljanlegar skemmdir.

## KÓLUMBÍA

**Falsarar handteknir** Kólumbíska lögreglan gerði á dögunum þrjár milljónir dollara í fölsuðum peningaseðlum upptækar, jafnvirði 180 milljónum íslenskra króna, og handtók fimm manns í tengslum við málið. Talið er að fjórutíu prósent falsaðra seðla sem eru í umferð í heiminum séu framleidd í Kólumbíu.

# Flestir treysta Geir

**Flestir treysta Geir H. Haarde best af öllum stjórnmálamönnum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Halldór Ásgrímsson er enn sá stjórnmálamaður sem flestir treysta minnst. Ingibjörg Sólrún er umdeild.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Geir H. Haarde, utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokks, er sá stjórnmálamaður sem flestir Íslendingar bera mest traust til um þessar mundir. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokks, er hins vegar sá stjórnmálamaður sem flestir Íslendingar bera minnst traust til. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Þegar spurt var til hvaða stjórnmálamanns mest traust var borið til nú, nefndu 22,4 prósent þeirra sem tóku afstöðu Geir H. Haarde. Í skoðanakönnun Fréttablaðsins í febrúar, þar sem sama spurning var borin fram, nefndu einungis 6,5 prósent nafn Geirs. Davíð Oddsson var hins vegar sá stjórnmálamaður sem flestir báru þá mest traust til, eða 28,4 prósent. Sem forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins var Davíð umdeildur og auk þess að vera sá sem flestir treystu, var hann í öðru sæti í könnun Fréttablaðsins í febrúar yfir þá stjórnmálamenn flestir báru minnst traust til, eða 24,7 prósent. Meiri sátt virðist því ríkja um Geir H. Haarde, því hann kemst ekki á lista yfir þá tíu stjórnmálamenn sem oftast voru nefndir sem minnst treystandi.

Líkt og í könnuninni í febrúar treysta næstflestir Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri-grænna. Aðeins færri nefna hann þó nú, eða 20,7 prósent í stað 24,6 prósenta. Í þriðja sæti er svo formaður Samfylkingarinnar, en 18,6 prósent segjast treysta Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur best. Það er aukning frá könnuninni í febrúar þegar 15,1 prósent sagðist treysta Ingibjörgu Sólrúnu mest. Í fjórða sæti yfir þá sem flestir treysta er Halldór Ásgrímsson, eða 8,8 prósent. Í febrúar voru það einungis 3,8 prósent sem nefndu nafn Halldórs sem svar við þessari spurningu.

Halldór er sá stjórnmálamaður sem flestir treysta minnst, eða 35,7 prósent. Það er örlítið hærra hlutfall en í febrúar þegar 31,2 prósent treystu honum minnst. 18,5 prósent treysta Ingibjörgu Sólrúnu minnst, og er það mikil aukning frá því í febrúar þegar hlutfallið var 8,7 prósent. Í þriðja sæti er Björn Bjarnason, en 8,6 prósent svarenda sögðust treysta honum minnst. Í febrúar nefndu 2,6 prósent hans nafn. Í fjórða sæti er svo Össur Skarphéðinsson, en 4,7 prósent segjast treysta honum minnst. Það er einnig mikil breyting frá í febrúar, þegar 14,3 prósent sögðust treysta Össuri minnst.

Hringt var í 800 manns 19. nóvember, og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Til hvaða stjórnmálamanns berð þú mest traust um þessar mundir? 52,5 prósent þeirra sem spurðir voru tóku afstöðu til spurningarinnar. Einnig var spurt: Til hvaða stjórnmálamanns berð þú minnst traust um þessar mundir? 48 prósent þeirra sem spurðir voru tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is







SNILLDARTAKTAR!




Nýjasta bók Ians Rankin um lögreglumanninn John Rebus.

**Enn einn snilldarkrimminn frá Ian Rankin!**

*Besta bók Rankins til þessa og það segir þó nokkuð!*
– Observer

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – www.skrudda.is

ENGINN DAGUR EINS
ENGIR TVEIR ÍSLENDINGAR EINS
BÓK EFTIR 366 ÍSLENDINGA




Skálholtsútgáfan

Tilraun Litháa til að smygla amfetamíni í Norrænu í sumar:

# Tveir í þriggja ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Tveir Litháar voru dæmdir í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Austurlands fyrir að smygla fjórum kílóum af amfetamíni til landsins í júnílok. Tvímenningarnir voru handteknir þegar þeir komu með Norrænu en fíkniefnin földu þeir í sérútbúnu geymsluhólfi í bita sem var neðan á bifreiðinni sem þeir höfðu til umráða.

Við yfirheyrslu neituðu þeir að hafa átt efnin eða vitað af þeim en framburður þeirra þótti að mörgu leyti torkennilegur. Til dæmis sögðu þeir tilgang ferðarinnar hafa verið þann að sækja aðra bifreið og að ferðin væri farin að beiðni félaga þeirra. Hins vegar gátu þeir ekki gert frekari grein fyrir þeim félaga sínum eða bifreiðarviðskiptunum.

Dómurinn telur að aðferðirnar við smyglið beri það með sér að um þaulskipulagðan innflutning hafi verið að ræða og því sé brot þeirra stórfellt.

Mennirnir höfðu verið í varðhaldi frá því að þeir voru handteknir en ákæra á hendur þeim var gefin út um miðjan ágúst og mál þeirra dómtekið 10. október. - jse




**NORRÆNA Í HÖFN** Tvímenningarnir voru handteknir við komuna til Seyðisfjarðar með Norrænu í júnílok síðasta sumar með fjögur kíló af amfetamíni.

# ÆVAR ÖRN
## SPRINGUR ÚT MEÐ LÁTUM




„Blóðberg [Ævars] er hans **langbesta bók til þessa** ... áhugaverð, mátulega flókin og það sem mestu máli skiptir, persónurnar eru skemmtilegar, mannlegar og sannfærandi. Með þessari bók er **Ævar orðinn einn af aðal sakamálasögu-höfundum landsins, ef ekki sá besti**.“

**Þórarinn Þórarinsson, Fbl.**

„Kraftmikil krimmasúpa elduð í potti fjölþjóðlegs en lokaðs samfélags á Íslandi krydduð með íslenskum álitaefnum, pólitík, spillingu, dópneyslu og kynlífsþrælkun ... **Ekki hægt annað en að mæla eindregið með bókinni**.“

★★★★ **Jakob Bjarnar Grétarsson, DV**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hver er framkvæmdastjóri Byggðastofnunar?*

2 *Hvaða sjálfstæðiskona í Hafnarfirði ákvað að draga sig í hlé frá stjórnmálum?*

3 *Hvaða íslenski listamaður var fertugur í gær?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Forstjóri CIA ver aðferðir stofnunarinnar í samtali við USA Today:

# CIA stundar ekki pyntingar

**BANDARÍKIN** Porter Goss, forstjóri bandarísku leyniþjónustunnar CIA, segir að stofnunin noti ýmsar aðferðir við yfirheyrslur á föngum en stundi þó engar pyntingar.

Í viðtali við dagblaðið USA Today um helgina ræddi Goss þá gagnrýni sem CIA hefur sætt vegna meðferðar á grunuðum hryðjuverkamönnum. „Umræða um fanga stofnunarinnar er mjög misvísandi, Þessi stofnun notar ekki pyntingar. Pyntingar skila ekki árangri. Við notum löglegar aðferðir til að afla upplýsinga og þær eru bæði einstakar og frumlegar," sagði Goss en skýrði ekki nánar hvað fælist í aðferðunum.

Þá sagði Goss að CIA hefði ekki neina sérstaka skoðun á lagafrumvarpi sem liggur fyrir Bandaríkjaþingi um að „grimmileg, ómannúðleg og niðurlægjandi" meðferð fanga yrði bönnuð. Hann sagðist hins vegar sjálfur telja að margar af þeim aðferðum sem þingið vilji banna hafi þegar skilað mikilvægum árangri og að stofnunin yrði að fá að njóta ákveðins sveigjanleika í baráttu sinni gegn hryðjuverkum.

Aðspurður vildi Goss ekki tjá sig um fréttir undanfarinna vikna um að CIA ræki leynifangelsi í herstöðvum í Mið-Evrópu og fangaflug þeim tengdum. - shg



**TJÁÐI SIG EKKI UM FANGAFLUGIÐ** Porter Goss, forstjóri CIA, sagði hins vegar í viðtalinu að samvinna við bandamenn væri lykilatriði í leyniþjónustustarfi.

Skattsvik í Svíþjóð:

# Þeir ríku svíkja undan skatti

**SVÍÞJÓÐ** Þriðji hver Svíi hefur keypt vinnu sem ekki er gefin upp til skattayfirvalda og það án þess að hafa samviskubit.

Þetta kemur fram í vefútgáfu sænska blaðsins Aftonbladet. Blaðið vísar í fréttinni í niðurstöður nýlegrar rannsóknar sem gerð var hjá skattyfirvöldum.

Rannsóknin leiðir í ljós að það eru ekki þeir efnaminnstu sem reyna að svíkja undan skatti með þessum hætti. Hinn dæmigerði skattsvikari er kvæntur, hámenntaður og vel launaður karlmaður í góðu starfi sem á fjölskyldu og einbýlishús. ■

Átök við Shebaa-býlin:

# Brugðist við árás Hizbollah

**BEIRÚT, AP** Skæruliðar Hizbollah skutu nokkrum eldflaugum á ísraelskar hersveitir í gær við hin umdeildu Shebaa-býli. Ísraelar svöruðu að bragði með loftárás á búðir samtakanna.

Talsmaður Ísraelshers sagði nokkra hermenn hafa fallið og að sögn ísraelskrar sjónvarpsstöðvar féllu fjórir skæruliðar í valinn.

Shebaa-býlin eru á landamærum Líbanons, Sýrlands og Ísraels. Líbanar segja þau tilheyra ríki sínu en Sameinuðu þjóðirnar segja þau hluta Gólan-hæða og því hluta Sýrlands fyrir 1967. ■

Samtök iðnaðarins:

# Ráða frá starfsmannaleigum

**VINNUMARKAÐUR** Samtök iðnaðarins ráðleggja félagsmönnum sínum að ráða fólk til starfa og afla atvinnu- og dvalarleyfis frekar en að nota starfsmannaleigur til að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði og óvænta bakreikninga. Þetta kemur fram á vef samtakanna.

Þar segir að staða skattamála vegna starfsmanna á vegum starfsmannaleiga sé afar óljós. Skattyfirvöld telji að fyrirtækin beri fulla ábyrgð á skattskilum þess og innheimti því skatta og launatengd gjöld.

Ekki skiptir máli þótt starfsmannaleigur ábyrgist greiðslu skatta starfsmannanna. - ghs

# Lögreglurannsókn á olíufélögunum lokið

**Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur sent ríkissaksóknara niðurstöður rannsóknar á olíufélögunum og starfsmönnum þeirra. Rannsóknin hefur staðið í tvö ár og kostað 11 til 12 ársverk. Beðið er ákvörðunar um ákærur.**

**OLÍUFÉLÖGIN** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur lokið rannsókn á olíufélögunum og starfsmönnum þeirra vegna ætlaðra brota á samkeppnislögum með verðsamráði. Málið var 17. þessa mánaðar sent ríkissaksóknara, en þar á bæ verður tekin ákvörðun um framhald málsins.

Rannsóknin beindist bæði að félögunum sem lögaðilum og starfsmönnum þeirra og hefur tekið tvö ár, hófst síðari hluta árs 2003. Rannsóknargögn nema á annan tug þúsunda blaðsíðna og ætluð brotatilvik nema hundruðum. Samkvæmt upplýsingum lögreglu voru yfirheyrðir um 80 einstaklingar, í um það bil 150 yfirheyrslum.

Jón H. Snorrason, saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir í málinu grundvallaratriði sem ríkissaksókari einn taki afstöðu til og þess vegna hafi það verið sent þangað.



**JÓN H. SNORRASON** Yfirmaður efnahagsbrotadeildar segir ríkissaksóknara þurfa að taka afstöðu til grundvallaratriða í olíumálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Um er að ræða mál sem sprottið er upp úr rannsókn samkeppnisyfirvalda og hluta af málinu hafa þau lokið meðferð á. Þessi grundvallaratriði sem ég nefni snúast meðal annars um hvort og að hvaða miklu leyti sú rannsókn eigi að hafa áhrif á ákvörðun um hvort ákært verður eða ekki. Og að hve miklu leyti þetta hafi áhrif á málefni einstaklinganna og að sjálfsögðu félaganna," segir Jón og bætir við að í framhaldinu gæti ríkissaksóknari lokið málinu sjálfur, eða falið efnahagsbrotadeildinni að gera það í samræmi við verklag sem hann leggi fyrir.

Jón segir málið afar umfangsmikið enda um að ræða starfsemi sem gengið hafi fyrir sig með meintum brotlegum hætti í tæpan áratug. „Lögin eru frá árinu 1993 og rannsóknin nær alveg til ársloka 2001. Ef þetta er bútað niður eru þarna um að ræða mjög mörg tilvik sem skipt geta máli."

Þá segir Jón að ætla megi að í sjálfri rannsókninni liggi 11 til 12 ársverk og kostnaður við hana því allnokkur.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari vildi ekki svara spurningum um hversu langan tíma gæti tekið að fara yfir gögn málsins hjá embættinu. Þá taldi Jón H. Snorrason óhægt um vik að spá fyrir um hvenær ákvörðunar gæti verið að vænta. „Gögn málsins eru umfangsmikil, þannig að menn renna nú ekki yfir þetta á dagparti." olikr@frettabladid.is



**Á BENSÍNSTÖÐ BENSÍNORKUNNAR VIÐ MIKLUBRAUT Í REYKJAVÍK** Ekki liggur fyrir hvort gefnar verða út ákærur af hálfu ríkissaksóknara vegna verðsamráðs olíufélaganna. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra lauk rannsókn sinni 17. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Lýðheilsustöð undirbýr umfangsmikla rannsókn með 10 þúsund manna úrtaki:

# Kannar holdafar, streitu og geðheilbrigði þjóðarinnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Lýðheilsustöð undirbýr umfangsmikla rannsókn þar sem megináhersla verður að líkindum lögð á að rannsaka holdafar, streitu og geðheilbrigði, að sögn Önnu Elísabetar Ólafsdóttur forstjóra Lýðheilsustöðvar. Undirbúningur rannsóknarinnar er á frumstigi, en áætlað er að hleypa henni af stokkunum í október á næsta ári.

„Það vantar bráðnauðsynlega heildrænar upplýsingar um heilsu og líðan þjóðarinnar, en ekki bara um einstaka þætti sem eru athugaðir einn og einn í senn," segir Anna Elísabet. „Jafnframt að átta sig á hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á heilbrigði okkar. Við ætlum því að athuga þetta í mjög stóru og víðu samhengi. Búið er að safna saman stórum hópi fólks sem kemur víðs vegar frá og hefur stundað rannsóknir. Það mun vinna að þessu verkefni með okkur. Að framkvæmdinni munu því standa háskólasamfélagið, heilbrigðiskerfið og fleiri stofnanir og einstaklingar."



**ANNA ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR** Vantar tilfinnanlega heildstæðar upplýsingar um heilsu og líðan þjóðarinnar.

Anna Elísabet segir að spurningarnar í rannsókninni geti orðið um og yfir sextíu talsins. Allt að tíu þúsund verða í úrtaki vegna könnunarinnar. Lögð verði áhersla á að athuga heilbrigði til dæmis eftir aldri og kyni. Vonast er til að það markmið náist með svo stóru úrtaki.

„Við reynum að hafa nokkrar spurninganna líkar þeim sem notaðar eru í Evrópu og á Norðurlöndum. Það er bæði til að skapa okkur grunn til að fylgjast með þróuninni hjá okkur, svo og hinu, hvernig við erum í samanburði við aðrar þjóðir," segir Anna Elísabet. „Lögð verður áhersla á að ná í töluleg gögn sem ekki er hægt að nálgast hjá Hagstofu eða í heilbrigðiskerfinu, og ná þar með tengingu við lífsstíl þjóðarinnar." - jss

# IBM netþjónar skara fram úr

| Rank | Company | System | tpmC | Price / tpmC | System Avalability | Database | Operating System | Tp Monitor | Date Submitted |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | IBM | IBM eServer p5 595 64p | 3,210,540 | 5.19 US $ | 05/14/05 | IBM DB2 UDB 8.2 | IBM AIX 5L V5.3 | Microsoft COM+ | 11/18/04 |
| 2 | IBM | IBM eServer p5 595 32p | 1,601,784 | 5.05 US $ | 04/20/05 | Oracle Database 10g Enterprise Edition | IBM AIX 5L V5.3 | Microsoft COM+ | 04/20/05 |
| 3 | HP | HP Integrity Superdome 64P c/s | 1,082,203 | 5.38 US $ | 12/07/05 | Microsoft SQL Server 2005 Enterprise Edition 64bit | Microsoft Windows Server 2003 Datacenter Edition 64-bit | Microsoft COM+ | 06/07/05 |
| 4 | IBM | IBM eServer pSeries 690 Model 7040-681 | 1,025,486 | 5.43 US $ | 08/16/04 | IBM DB2 UDB 8.1 | IBM AIX 5L V5.2 | Microsoft COM+ | 02/17/04 |
| 5 | HP | HP Integrity Superdome | 1,008,144 | 8.33 US $ | 04/14/04 | Oracle Database 10g Enterprise Edition | HP UX 11.iv2 64-Bit Base OS | BEA Tuxedo 8.0 | 11/04/03 |
| 6 | IBM | IBM eServer p5 570 16P | 809,144 | 4.95 US $ | 09/30/04 | IBM DB2 UDB 8.1 | IBM AIX 5L V5.3 | Microsoft COM+ | 07/12/04 |



## IBM P5 NETÞJÓNAR

### Aukinn sveigjanleiki og afkastageta – Lækkun hugbúnaðarleyfisgjalda

### Netþjónar sem uppfylla allar kröfur nútíma tölvuumhverfis

Sveigjanleiki, afkastageta, áreiðanleiki og öryggi eru mikilvægustu þættirnir í tölvuumhverfi nútímans. Til að ná forskoti í samkeppni þarf fyrirtækið þitt að geta brugðist skjótt við breytingum í rekstrarumhverfi þess - fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum - á sama tíma og UT kostnaðurinn er lækkaður og gagnaöryggi tryggt. IBM p5 netþjónar uppfylla allar þessar kröfur.

### Heimsmeistarar í afköstum – Keyra bæði AIX og Linux samtímis

IBM p5 netþjónar eru búnir öflugustu 64-bita örgjörvunum, POWER5 eða POWER5+, og eiga þeir m.a. heimsmet í tpmC afkastamælingum*. p5 netþjónar geta bæði keyrt IBM AIX og Linux stýrikerfin samtímis á sama netþjóninum og sama örgjörvanum. Þessi sveigjanleiki og afköst gerir þér kleift að ná mikilvægu forskoti á samkeppnisaðila þína þar sem þú getur gert meira heldur en áður með einu kerfi.

### Lægri leyfisgjöld með meiri skalanleika

Myndin að ofan sýnir þá yfirburði sem IBM p5 netþjónar búa yfir hvað skalanleika varðar. Með því að velja IBM p5 þarftu ennfremur færri örgjörva til að ná hámarks afköstum og greiða þ.a.l. mun lægra verð fyrir hugbúnaðarleyfi.

### Af hverju eiga fyrirtæki að velja p5 umfram aðra UNIX netþjóna?

- Búnir öflugustu 64-bita örgjörvunum á markaðinum í dag sem eru tvisvar til þrisvar sinnum hraðvirkari en það sem samkeppnin býður.
- Sparnaður í hugbúnaðarleyfisgjöldum vegna afkastameiri örgjörva.
- Eru á afburða verði miðað við afköst.
- Hægt að kljúfa hvern örgjörva í allt að tíu sýndarvélar - Micro-Partitioning.
- Hægt að stýra úthlutun örgjörva, minni og jaðartækja meðan á keyrslu stendur - DLPAR.
- Geta keyrt mismunandi útgáfur af AIX og Linux í einu á sömu vél sem eykur samnýtingu og sveigjanleika.
- IBM Director umsjónarkerfið fylgir með.

**Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjóninum.**

**Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is**

IBM Business Partner

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

*Heimild: www.tpc.org, 8. nóvember 2005*



**NÁÐIST Á ENDANUM** Doris Payne, 75 ára gömul kona, hafði stundað skartgripaþjófnað víða um heim í fimmtíu ár án þess að lögreglunni tækist að hafa hendur í hári hennar. Nú hefur hún í fyrsta sinn fengið ákæru fyrir að hafa stolið hring úr skartgripaverslun í Las Vegas. MYND/AP

Aðalmeðferð í máli ungra mannræningja í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Ógnuðu strák með rásbyssu

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli manna sem sakaðir eru um að hafa rænt ungum Bónusstarfsmanni í byrjun september og pínt til að taka peninga út úr hraðbanka, stóð daglangt í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Forsprakki hópsins er aðeins sextán ára gamall en daginn sem árásin var gerð hafði honum verið sleppt úr gæsluvarðhaldi vegna annarra brota.

Alls eru fimm ákærðir, en við þingfestingu málsins fyrr í mánuðinum sögðu þeir allir ákæru á hendur sér ranga. Þrír hafa alfarið neitað sök, en tveir, þar á meðal forsprakkinn, játa að hluta.



**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Strákurinn sem sama dag og honum var sleppt úr gæsluvarðhaldi fór með hópi manna og rændu starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fórnarlamb mannanna er 17 ára, þrír árásarmannanna 16 ára, einn 18 ára og sá fimmti er 26 ára.

Pilturinn sem ráðist var á var píndur til að taka út rúmar 30 þúsund krónur úr hraðbanka. Hann var dreginn út úr versluninni þar sem hann vann, troðið í skott bifreiðar og ógnað með rásbyssu.

Fram hefur komið að forsprakkinn í mannræningjahópnum taldi piltinn skulda sér peninga. Hann játaði að hafa hleypt af rásbyssunni nærri piltinum þar sem þeir stoppuðu í Skerjafirði til að tuska hann til áður en haldið var í hraðbankann.

Dómari í málinu er Guðjón St. Marteinsson og af hálfu Ríkissaksóknara sækir það Sigríður Elsa Kjartansdóttir. - óká

Fíkniefnameðferðir fluttar út:

# Svíar bjóða meðferð í Ríga

**SVÍÞJÓÐ** Borgaryfirvöld í Stokkhólmi hyggjast koma á fót meðferðarheimili fyrir sænska eiturlyfjaneytendur í Riga í Lettlandi. Launakostnaður er minni í Lettlandi en í Svíþjóð og minnkar því kostnaðurinn við að reka meðferðarheimilið sem því nemur.

Áður hafa meðferðaryfirvöld í Svíþjóð keypt meðferðarþjónustu erlendis, til dæmis á Íslandi, en þetta yrði í fyrsta skipti sem Svíar ættu og rækju meðferðarheimili á erlendri grund.

Þetta kemur fram í vefútgáfu Dagens Nyheter.■

Rannsókn á geðheilbrigði:

# Finnsk börn þunglyndust

**NORÐURLÖND** Finnsk börn virðast þunglyndari en norsk og sænsk börn samkvæmt nýrri rannsókn.

Þunglyndust allra barna í þessum Skandinavíulöndum eru 13 ára finnskar stelpur. Þetta kemur fram í rannsókn við háskólann í Tampere og vefútgáfa blaðsins Hufvudstadsbladet segir frá.

Rannsóknin sýnir að sambandið á milli foreldra og barna er verra í Finnlandi en í Noregi eða Svíþjóð og finnsku börnin hafa minna samband við aðra fullorðna.

Einelti er nokkurt vandamál í Finnlandi en ekki að sama skapi í Svíþjóð og Noregi. Jafnframt kemur fram í rannsókninni að árásargirni stráka og óánægja stúlkna sé jafnframt meiri í Finnlandi en í hinum löndunum tveimur. ■

Samgöngusafninu áskotnast bensíndæla:

# Safngripur að Skógum

**MINJAVARSLA** Samgöngusafninu á Skógum áskotnaðist í gær sögufræg bensíndæla sem verið hefur í notkun á bensínstöð Atlantsolíu á Kársnesi í Kópavogi.

„Dælurnar voru reyndar tvær, en við höfum ekki pláss nema fyrir aðra,“ segir Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri safnsins, sem tók á móti dælunni í hádeginu í gær.




**DÆLAN AFHENT Í KÓPAVOGI** Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Samgöngusafnsins á Skógum (til vinstri), veitir hér móttöku forláta bensíndælu. Geir Sæmundsson, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, afhenti gjöfina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sverrir segir dælur af þessu tagi vera söguleg verðmæti. „Burtséð frá þeirri sögu þegar Atlantsolía kemur inn á olíumarkaðinn þá er þetta dæla sem er líklega nálægt því að vera 40 ára gömul. Við eigum dælu frá 1928 og þessi verður við hliðina á henni,“ segir hann.

Plássleysi segir Sverrir að hái söfnum nokkuð í að huga að samtímasöfnun og þar sé Samgöngusafnið á Skógum engin undantekning. „Við erum búin að fylla þetta hús og eigum lítið eftir að geymslum. Næsta mál hjá okkur er að byggja stórt geymsluhúsnæði og við farin að undirbúa það af fullum krafti.“ - óká



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Vill ekki segja að svo stöddu hvort Byggðastofnun verði tryggt aukið fjármagn.

# Vandinn stórfelldur

**Í nýrri skýrslu segir að Byggðastofnun sinni ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel og hún eigi við alvarlegan vanda að stríða.**

**BYGGÐAMÁL** Í nýrri skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Stjórnarhættir segir að Byggðastofnun eigi við alvarlegan vanda að stríða. Hún sé ekki það forystuafl í málaflokknum sem ætla mætti og sinni ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel.

Málefni Byggðastofnunar voru rædd almennt á þingflokksfundum stjórnarflokkanna í gær og segir Valgerður Sverrisdóttir, ráðherra byggðamála, að málefni stofnunarinnar verði rædd á ríkisstjórnarfundi á næstunni.

„Fátt bendir til þess að fjármögnunarstarfsemin geti orðið fjárhagslega sjálfbær. Vafi leikur á hvort stefnan í atvinnuþróun og fjármögnun sé skynsamleg og hafi leitt til tilætlaðs árangurs,“ segir í niðurstöðum áðurgreindrar skýrslu.

Eins og frá var greint í Fréttablaðinu í gær er eigið fé stofnunarinnar komið niður að hættumörkum og af þeim sökum hætti stofnunin útlánum fyrir skemmstu. Um 20 mál bíða þar afgreiðslu.



**ANNA KISTÍN GUNNARSDÓTTIR** Telur brýnt að tryggja starfsemi Byggðastofnunar.

Fram kemur í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Stjórnhátta að eigið fé Byggðastofnunar hefði þegar árið 2003 verið orðið neikvætt ef ekki hefði komið til sérstakra fjárveitinga.

Í skýrslunni er jafnframt spurt hvers konar atvinnuþróun sé líklegust til að stuðla að almennum markmiðum stjórnvalda í byggðamálum og að hve miklu leyti fyrirtæki á landsbyggðinni þurfi á sértækri þjónustu að halda. Rök eru færð fyrir því að áhersla á nýsköpun sé vænleg leið til að stuðla að sjálfbærri atvinnuþróun á landsbyggðinni.

„Ég vil samþætta betur atvinnuþróunarstarf í landinu. Þetta er of flókið og þarfnast samræmingar,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sem svaraði fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, Samfylkingunni, um málefni Byggðastofnunar á Alþingi í gær. Hún kvað nefnd fjalla um málefni stofnunarinnar þessa dagana.

Anna Kristín taldi brýnt að tryggja starfsemi Byggðastofnunar og spurði hvort ráðherra byggðamála ætlaði að tryggja henni fjármagn á fjárlögum. Þeirri spurningu vildi Valgerður ekki svara að svo stöddu.

Össur Skarphéðinsson, flokksbróðir Önnu, ræddi fundarstjórn, snupraði Valgerði og taldi hana koma sér undan því að svara fyrirspurn Önnu Kristínar.

johannh@frettabladid.is




blómaval
Blómaval Skútuvogi
...heillandi heimur
Komdu
og upplifðu!
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## „ORÐRÉTT“

*Þar fór það*

**„Kynlíf er aðaláhættuþátturinn hjá mörgum þeirra kvenna sem fá blöðrubólgu aftur og aftur.“**

**Baldvin Kristjánsson, læknir í Morgunblaðinu, um tengsl kynlífs og blöðrubólgu.**

*Vonbrigði*

**„Því miður fundust engar beinagrindur.“**

**Árni Johnsen í Fréttablaðinu um framkvæmdir í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum.**

*nær og fjær*
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ANNA MARTA GUÐMUNDSDÓTTIR

# *Kveðist á í Mjóafirði*

„Ég hef það alveg ágætt, heilsan er svona þolanleg,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. „Ég er þó það léleg í fótunum að ég get lítið farið um svo ég er frekar mikið inni við. Ég horfi svolítið á sjónvarpið og svo á ég nokkuð af vídeóspólum sem mér hefur verið gefið. En það er gaman frá því að segja að það er hérna maður hjá mér í heimsókn þessa dagana og hann hjálpar mikið til hérna og er hinn skemmtilegasti félagsskapur.“

Hver sem spjallar við Önnu Mörtu verður þess fljótlega var að þar fer mikil ljóðakona og oft bregður hún fyrir sér heilu ljóðaerindunum til andsvara. „Já, ég les nokkuð mikið af ljóðum og man þau jafnvel utanbókar enda var ég alin upp við mikinn ljóðalestur. Það vill nú svo vel til að þessi gestur minn er engu verr að sér í ljóðum en ég svo við getum hálfpartinn kveðist á. Svo hefur hann gaman af því að ég lesi fyrir sig og svo les hann jafnvel fyrir mig við önnur tækifæri.

Svo er náttúrlega góður félagsskapur af dýrunum mínum, ég hef verið með nokkrar tamdar mýs í búri en ég á orðið erfitt með að sinna fuglunum mínum vegna heilsunnar sem er svona og svona.“

Þegar Anna Marta er spurð að því hvort hún hafi fugla í búri svarar hún því neitandi, því hún þoli illa að vita af fuglum fangelsuðum í búri og því til nánari útskýringar þylur hún ljóð eftir Hannes Hafstein. „Ó, vesalings, vesalings fangar/ ég veit hversu sárt ykkur langar...“

Eftir að ljóðið er þulið minnist hún nokkurra réttindamála sem hvíla þungt á hjarta hennar. „Mér finnst að fangar eigi að fá hreint vatn þegar þeir eru látnir dúsa í fangageymslum, það á að vera krani í hverjum klefa og svo er tími til kominn að eyða launamisrétti kynjanna, og hana nú!“



## SJÓNARHÓLL

MIKLABRAUT Í STOKK



MARGRÉT SIGFÚSDÓTTIR SKÓLASTJÓRI OG SJÓNVARPSKONA

### *Gott mál*

„Mér líst mjög vel á þetta, ekki síst þar sem ég bý í Hlíðunum,“ segir Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík og umsjónarmaður þáttarins Allt í drasli á Skjá einum, um hugmyndir sem uppi eru um lagningu Miklubrautar frá Grensásvegi að nýju Hringbrautinni í stokk.

Margrét vill raunar ganga lengra og láta stokkinn ná yfir nýju Hringbrautina að Umferðarmiðstöðinni. „Það myndast algjör tappi undir nýju brúnni klukkan fjögur á daginn og það tekur mig korter að komast þaðan og heim til mín,“ segir Margrét.

Aðalverktakar hafa stungið þeirri hugmynd að borgaryfirvöldum að fyrirtækið annist framkvæmdir og fái í staðinn að reisa hús á því landi sem verður til í kringum og ofan á stokknum.

# Hávaðinn í skólamötuneytum jafn mikill og á rokktónleikum

**Börn í grunnskólum Reykjavíkur, með raddir sínar og borðbúnað að vopni, geta búið til jafn mikinn hávaða og rokkhljómsveit gerir með rafmagnshljóðfærum og öflugu hljóðkerfi. Það sýnir athugun Umhverfissviðs borgarinnar.**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Formaður Umhverfisráðs Reykjavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**RÓLEGT OG GOTT** Þessir krakkar taka því rólega í hádegisverðinum en víða er hávaði í mötuneytum grunnskóla borgarinnar slíkur að hann jafnast á við það sem gerist á rokktónleikum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Athugunin náði til mötuneyta fimm grunnskóla Reykjavíkurborgar og þar sem niðurstöðurnar þykja ógnvekjandi verður ástandið kannað í öllum 42 grunnskólum borgarinnar. „Hávaðinn er slíkur að við ætlum að skoða þetta alls staðar og ráðast í einhverjar úrbætur í framhaldinu,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Umhverfisráðs Reykjavíkur, en athuganir Umhverfissviðs voru kynntar á fundi ráðsins í gærmorgun.

Hún segir það í raun vera magnað hversu mikinn hávaða grunnskólanemar geta framkallað. „Á köflum mælist hávaðinn í mötuneytunum jafn mikill og á rokktónleikum,“ segir Katrín og bendir um leið á að slíkt eigi aðeins við um hæstu hljóðbil sem vara í nokkra sekúndur í senn. „Sumar byggingarnar endurvarpa miklum hávaða og svo eru krakkar þannig gerðir að þeir brýna bara raustina eftir því sem hávaðinn er meiri.“

Katrín segir hægt að grípa til ráðstafana, til dæmis sé hægt að setja hljóðgildrur á veggi og loft. „Það er hægt að laga þetta með því að dempa hávaðann. Við höfum gert það í leikskólum borgarinnar og höfum því reynslu af þessu,“ segir Katrín en niðurstöðurnar komu henni ekki á óvart þar sem hún þekkir ágætlega til stöðu mála í mötuneytum grunnskólanna í Reykjavík.

Umhverfissviðið kannaði líka hávaða á líkamsræktarstöðvum og komst að því að þar eru hljómtækin stillt hóflega. „Menn bjuggust við að það kæmi eitthvað svakalegt út úr þeirri athugun en svo var ekki. Líkamsræktarstöðvarnar komu vel út og meira að segja var lítill mælanlegur hávaði í spinningtímum,“ segir Katrín Jakobsdóttir.

bjorn@frettabladid.is






**SRI CHINMOY** Hefur lóðin á loft.

Sri Chinmoy setur enn eitt metið:

# Lyfti 116 kíólum með úlnliðnum

Hinn 74 ára Sri Chinmoy lyfti nýlega 116 kílóa þungum lóðum með úlnliðsvöðvum vinstri handar. Sri er hugleiðslumeistari og hefur tekið upp á ýmsu um ævina til að vekja athygli á möguleikum mannskepnunnar. Hann segir að aðeins þurfi að hafa viljann að vopni og vill með afrekum sínum sýna fram á að andinn sé efninu yfirsterkari.

Sri hefur nokkrum sinnum komið til Íslands, síðast fyrir tveimur árum en þá hóf hann tólf alþingismenn á loft.

Á þriggja daga friðarhátíð sem Sri hélt í New York á síðasta ári lyfti hann samtals 130 tonnum.

Lionsmenn á Patreksfirði:

# Höfrungakjöt er hnossgæti

„Höfrungakjöt er engu líkt, það er betra en hrefnan og er algjört hnossgæti,“ segir Halldór Þórðarson, lionsmaður á Patreksfirði, en hann og félagar hans í Lionsklúbbi Patreksfjarðar selja höfrungakjöt til fjáröflunar nú í aðdraganda jólanna.

„Úr sjónum,“ svarar Halldór sposkur þegar hann er spurður hvaðan höfrungurinn kemur en höfrungaveiðar eru stranglega bannaðar. „Þetta slæðist í veiðarfæri og við búum til pening úr þessu frekar en að henda því.“

Halldór lætur svo eina uppskrift fylgja.

### MARÍNERAÐ HÖFRUNGAKJÖT

800 gr. höfrungakjöt
1 stk. Víking bjór (Pilsner)
1 stk. laukur saxaður
2 stk. gulrætur saxaðar
12 stk. sveppir saxaðir
2 tsk. tómatpúrra
1 tsk. paprikuduft
1 tsk. pressuger
1 tsk. sítrónusafi

Kjötið er látið liggja í bjórnum og gerinu í ca. 6-8 kls. Laukur, gulrætur og sveppir léttsteikt á pönnu og geymt. Kjötið tekið upp og þerrað, steikt á pönnu, salti og pipar stráð yfir. Soðið í litlu vatni ásamt tómatpúrru, paprikudufti og smá kjötkrafti í ca. 20 mín. Grænmetinu er síðan bætt út í og þykkt með maisenamjöli og gott er að bæta smá rjóma út í sósuna.

**Veldu Ford 4x4** Nýtt tákn um gæði

Nýtt tákn um gæði

## Komdu og skoðaðu Ford Escape 4x4 í dag

# Lægsta verð á öldinni. Núna.

Kauptu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056



| Ford Escape XLS<br>2,3i sjálfskiptur* | Ford Escape XLT<br>3,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Escape XLT Sport<br>3,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Escape Limited<br>3,0i V6 sjálfskiptur* |
|---|---|---|---|
| Kaupverð 2.690.000 kr. | Kaupverð 3.120.000 kr. | Kaupverð 3.250.000 kr. | Kaupverð 3.460.000 kr. |
| Bílasamningur 32.400 kr. | Bílasamningur 37.500 kr. | Bílasamningur 39.100 kr. | Bílasamningur 41.600 kr. |
| Rekstrarleiga 49.900 kr. | Rekstrarleiga 57.700 kr. | Rekstrarleiga 59.900 kr. | Rekstrarleiga 63.600 kr. |



Jólatilboð Brimborgar

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**

**Þú færð að auki gæða vetrardekk frá Nokian að verðmæti 85.000 kr. með nýjum Ford Escape. Við setjum sumardekkin í farangursrýmið.**

*Ford Escape er í fjórum útfærslum. Tvær aflmiklar vélar eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape.*

## Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape á jólahátíðinni.



Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.****

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## SVONA ERUM VIÐ

> HEILDARAFLI ÞORSKS VEIDDUR Í OKTÓBER Í TONNUM

Heimild: Hagstofa Íslands




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ARIEL SHARON

# *Hörkutól með harðan skráp*

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur sagt skilið við félaga sína í Likud-bandalaginu og látið boða til þingkosninga í landinu.

**Hvað gerði Sharon áður en hann fór í stjórnmál?**

Ariel Sharon fæddist árið 1928 í Palestínu sem þá var undir stjórn Breta. Á unglingsárunum gekk hann til liðs við skæruliðahreyfingu gyðinga, Haganah, og þegar Ísraelsríki var stofnað barðist hann í stríðinu við nágrannaríkin á árunum 1948-49. Í sex daga stríðinu árið 1967 hlaut Sharon hins vegar fyrst frægð. Hann var sagður arkitektinn að einum afdrifaríkasta hernaðarsigri 20. aldarinnar en þá lögðu Ísraelar meðal annars undir sig Vesturbakkann og Gaza-svæðið.

**Hvenær settist Sharon á þing?**

Sharon settist á þing árið 1973 og árið 1982 þegar hann gegndi embætti varnarmálaráðherra réðst Ísraelsher inn í Líbanon með það að markmiði að uppræta skæruliða PLO sem þar höfðu bækisstöðvar. Undir verndarvæng Ísraelshers frömdu herdeildir falangista fjöldamorð í flóttamannabúðum Palestínumanna þar sem hátt í fjögur þúsund manns létust.



**Hver hafa verið markmið Sharons í ríkisstjórn?**

Sharon lét lítið fyrir sér fara næstu árin þar til ríkisstjórn Benjamins Netanyahu tók við völdum árið 1996. Hann varð utanríkisráðherra 1998 en 1999 féll Likud-stjórnin. Í kjölfar umdeildrar heimsóknar Sharons á Musterishæðina í Jerúsalem haustið 2000 hófst síðari intifada-uppreisn Palestínumanna. Harðdrægni Sharons varð til þess að Ísraelar kusu hann til valda árið 2001 og í stjórnartíð sinni hefur hann sett öryggi þeirra ofar öllu. Liður í þeirri stefnu hefur verið gerð múrs utan um herteknu svæðin og brottflutningur landnema frá Gaza. Sharon hefur sætt linnulausri gagnrýni alla sína stjórnartíð en hann virðist láta sér vel líka að vera svo umdeildur.

## SPURT OG SVARAÐ

RJÚPNASTOFNINN

### *Vilja sjálfbæra veiði*



ÓLAFUR KARL NIELSEN
Náttúrufræðingur

Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað auglýst eftir því að veiðimenn skili inn vængjum af þeim rjúpum sem þeir veiða. Þetta er í þeim tilgangi að fá upplýsingar um stofnstærð rjúpunnar hér á landi. Ólafur Karl Nielsen er náttúrufræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.

**Hvernig rannsakið þið vængina?**
Við skoðum lit flugfjaðranna og getum þannig skipt rjúpunum í tvo aldurshópa, fyrsta árs fugla og eldri fugla. Þetta gerum við þrisvar á ári, á varptímanum, síðsumars og á veiðitímanum.

**Hvernig er stofnstærðin fundin?**
Við notum þessar upplýsingar ásamt veiðitölum og talningum sem stofnunin framkvæmir. Við notumst síðan við reiknilíkan til þess að áætla stofnstærðina hverju sinni.

**Hvernig nýtast rannsóknirnar?**
Allt miðast þetta við að veiðin geti verið sjálfbær. Það er mikil ásókn í rjúpnaveiðar og það er stefna stjórnvalda að koma í veg fyrir rányrkju og ofveiði. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast með stofnstærðinni. Þetta hefur verið rannsakað um árabil, með aðstoð veiðimanna.




# Merkel situr ekki á friðarstóli

**Angela Merkel, formaður Kristilega demókrataflokksins í Þýzkalandi, verður í dag kjörin kanzlari þýzka Sambandslýðveldisins, sá áttundi frá stofnun þess. Hún er fyrsta konan sem gegnir þessu valdamikla embætti.**

Með kanslarakjörinu, sem fer fram í Sambandsþinginu í dag, er Merkel komin á hátind óvenjulegs stjórnmálaferils síns. Stjórnmálaskýrendur spá því þó að hún muni ekki sitja á friðarstóli.

Merkel er ekki bara fyrsta konan heldur einnig fyrsti Austur-Þjóðverjinn sem stýrir ríkisstjórn Þýzkalands. Hún fæddist að vísu í Hamborg árið 1954 en þegar hún var þriggja ára flutti fjölskylda hennar til Austur-Þýskalands, nánar tiltekið Templin í Brandenborgarhéraði, þar sem faðir hennar þjónaði sem lútherskur prestur. 51 árs er hún á bezta aldri til að taka við svo háu pólitísku embætti.

### Hóf stjórnmálaafskipti árið 1989

Merkel nam eðlisfræði í Leipzig og starfaði að námi loknu við skammtafræðirannsóknir við Vísindaakademíuna í Austur-Berlín. Pólitísk afskipti hóf hún í austur-þýsku borgararéttindahreyfingunni 1989. Árið 1990 varð hún talsmaður fyrsta og eina lýðræðislega kjörna leiðtoga Austur-Þýskalands, Lothar de Maiziere. Sama ár gekk hún í Kristilega demókrataflokkinn og var um haustið kjörin á þing sameinaðs Þýzkalands. Thomas de Maiziére, son Lothars, hefur Merkel valið til að vera nánasti samstarfsmaður sinn í kanzlaraembættinu.

Árið 1991 skipaði Helmut Kohl Merkel kvenna- og æskulýðsmálaráðherra í ríkisstjórn sinni og eftir kosningar 1994 varð hún umhverfisráðherra Þýzkalands. Árið 1998 var hún kjörin framkvæmdastjóri flokksins eftir að hann tapaði völdum í kosningum. Hún var fyrst úr forystusveit flokksins til að taka af skarið um að segja skilið við Kohl er brot hans á lögum um fjármögnun stjórnmálaflokka komst í hámæli árið 2000. Hún var kjörin arftaki hans sem flokksformaður á flokksþingi í apríl það ár.

Í kosningum til Sambandsþingsins árið 2002 eftirlét Merkel Edmund Stoiber, formanni systurflokksins CSU í Bæjaralandi, að vera kanslaraefni kristilegu flokkanna. Eftir kosningarnar, sem Stoiber tapaði naumlega, treysti hún tök sín á flokknum sem þingflokksformaður. Og þegar Gerhard Schröder kanslari tilkynnti óvænt í lok maí í vor að hann vildi flýta kosningum um heilt ár áttu hugsanlegir innanflokkskeppinautar hennar um kanslaraefnishlutverkið engan annan kost en að styðja hana.

Þótt flokkurinn fengi mun minna fylgi í kosningunum 18. september en vænzt hafði verið varð hann samt stærsti þingflokkurinn, sem dugði til að Merkel héldi tilkallinu til kanzlarastólsins í væntanlegri samsteypustjórn með jafnaðarmönnum.

### Sló körlunum við

Að kvöldi kjördags, er ljóst varð að CDU fengi mun minna og SPD meira fylgi en spáð hafði verið, lét Schröder kanzlari eins og hann hefði unnið frækilegan sigur og útilokaði að Merkel yrði kanzlari jafnvel þótt svo skyldi fara að flokkar þeirra enduðu með að efna til stjórnarsamstarfs. Þegar fyrstu þreifingar um myndun „stóru samsteypu“ voru hafnar erti Edmund Stoiber Merkel með því að segja að sem kanzlari svona samsteypustjórnar hefði hún ekki sama forystuvald og í stjórn þar sem stór flokkur stjórnaði með smáflokki. Undir þetta tók Franz Müntefering, þáverandi formaður SPD og leiðtogi jafnaðarmanna í stjórnarmyndunarviðræðunum.



**ANGELA MERKEL** Fyrsta konan og fyrsti Austur-Þjóðverjinn á kanzlarastóli var glaðbeitt á þingflokksfundi CDU í gær, daginn fyrir kanzlarakjörið. MYND/AP

En nú er Merkel orðin kanzlari og allir þessir valdakarlar, sem áttu svona bágt með að una henni þess að setjast á æðsta valdastólinn, hafa þurft að láta í minni pokann. Schröder hættir í dag á þingi, Stoiber, sem til hafði staðið að yrði einn þungavigtarráðherrann í stjórn Merkel, er farinn heim til München og á þar í basli við að halda stuðningi eigin liðs sem forsætisráðherra Bæjaralands og leiðtogi CSU. Og Müntefering er hættur sem formaður SPD, þótt hann taki að vísu sæti í stjórninni og verði varakanzlari.

Þessar lyktir sýna hvernig klókindi og stefnufesta Merkel að settu marki hafa skilað henni eins langt og raun ber vitni. En þessi aðdragandi kanzlarakjörs hennar sýna einnig að hún mun ekki sitja á friðarstóli. Fastlega má gera ráð fyrir því að hún megi hafa sig alla við til að þetta stjórnarsamstarf gangi upp. Stjórnmálaskýrendur spá því flestir að við ramman reip verði að draga. Árekstrar í stjórnarsamstarfinu séu fyrirsjáanlegir. Að margra mati er stjórnarsáttmálinn vond málamiðlun sem gengur ekki sízt út á að bæta ríkisfjármálin með aukinni skattheimtu í stað lækkunar ríkisútgjalda, auk þess að efna til nýrra niðurgreiðslna og hálfvelgjulegra kerfisumbóta. Þetta er veganesti nýja kanzlarans.

Að kvöldi 9. nóvember var Merkel stödd í sendiskrifstofu sambandslandsins Nordrhein-Westfalen í Berlín og sagði svo blaðamenn heyrðu til: „Guð, í dag fyrir 15 árum sté ég í fyrsta sinn fæti í Vestrið. Og nú á ég að stjórna þessu landi,“ hefur Der Spiegel eftir henni.

**FERILL MERKEL**

**1954:** Fædd í Hamborg Angela Dorothea Kasner.
**1957:** Flytur til A-Þýzkalands þar sem faðir hennar þjónar sem prestur.
**1977:** Giftist Ulrich Merkel. Þau skilja árið 1982.
**1978:** Eftir efnafræðinám starfar hún við rannsóknir í Vísindaakademíu A-Þýzkalands í A-Berlín.
**1989:** Gengur í Lýðræðisvakninguna (DA), borgararéttindahreyfingu í A-Þýzkalandi.
**1990:** Talsmaður Lothar de Maiziére, fyrsta lýðræðislega kjörna ríkisstjórnarleiðtoga A-Þýzkalands. Gengur í Kristilega demókrataflokkinn og er kjörin fyrir hann á þing sameinaðs Þýzkalands um haustið.
**1991:** Skipuð ráðherra kvenna- og æskulýðsmála í stjórn Helmuts Kohl. Kjörin varaformaður CDU.
**1994:** Skipuð umhverfisráðherra.
**1998:** Kjörin framkvæmdastjóri CDU í nóvember eftir kosningaósigur flokksins.
**2000:** Kjörin formaður CDU eftir að Kohl fellur af stalli vegna fjármálahneykslis.
**2002:** Lætur Edmumd Stoiber eftir að vera kanzlaraefni kristilegu flokkanna í kosningum þá um haustið. Treystir tök sín á flokknum eftir að nauman ósigur Stoibers.
**30. maí 2005:** Tilnefnd kanzlaraefni CDU.
**18. september:** CDU fær flest atkvæði í þingkosningum, en mun færri en vænzt hafði verið. Eftir nokkurt þref hefjast viðræður um myndun „stóru samsteypu“ CDU og SPD.
**10. október:** Forystumenn CDU og SPD komast að samkomulagi um að Merkel verði kanzlari.
**11. nóvember:** Viðræðum um málefnasamning lokið.
**14. nóvember:** Aukaflokksþing beggja flokka samþykkja stjórnarsáttmálann.
**22. nóvember:** Merkel kjörin kanzlari í atkvæðagreiðslu á Sambandsþinginu.
**30. nóvember:** Merkel heldur fyrstu stefnuræðu sína.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Ótrúlegt verð
## á vetrardekkjum



Hágæða ónegld og negld vetrardekk.
Mikið skorin með grófu munstri og nöglum sem henta vel í snjó og hálku.

## Dekkjastærðir

### Fólksbíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 155/80R13 | 4.499,- | 5.499,- |
| 155/70R13 | 4.499,- | 5.499,- |
| 165/70R13 | 4.699,- | 5.699,- |
| 175/70R13 | 4.699,- | 5.699,- |
| 175/65R14 | 5.499,- | 6.499,- |
| 185/65R14 | 5.499,- | 6.499,- |
| 175/70R14 | 5.499,- | 6.499,- |
| 185/70R14 | 5.999,- | 6.499,- |
| 185/65R15 | 6.299,- | 7.299,- |
| 195/65R15 | 6.299,- | 7.299,- |
| 205/55R16 | 9.199,- | 9.999,- |

### Jeppadekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 205/75R15 | 8.999,- | 10.999,- |
| 235/75R15 | 9.999,- | 11.999,- |
| 30X9,50R15 | 9.999,- | 11.999,- |
| 31X10,50R15 | 10.999,- | 12.999,- |
| 32X11,50R15 | 12.999,- | 14.999,- |
| 33X12,50R15 | 13.999,- | 15.999,- |
| 35X12,50R15 | 14.999,- | 16.999,- |
| 225/70R16 | 10.699,- | 12.699,- |
| 235/70R16 | 10.999,- | 12.999,- |
| 255/70R16 | 12.999,- | 14.999,- |
| 265/75R16 | 13.999,- | 15.999,- |
| 265/70R17 | 13.999,- | 15.999,- |

### Sendibíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 195/70R15 | 7.999,- | 8.999,- |




**Afsláttarmiði**
Chaparral Jeppadekk
www.vdo.is
SUNNY Fólksbíladekk
Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun á fólksbíl á aðeins kr 3.999,-
Hjá VDO Borgardekk
VDO Borgardekk
Fljót og góð þjónusta
Borgartún 36 s:588-9747

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Sharon stofnar nýjan flokk.

## Umskipti í Ísrael

Fréttaflæðið frá Ísrael undanfarna daga hefur verið svolítið öðruvísi en oft á undanförnum árum. Í stað frétta um sjálfsmorðsárásir Palestínumanna og loftárásir Ísraela hefur hver óvænta stórfréttin á fætur annarri borist þaðan, þótt ekki sé um að ræða árásir, limlestingar eða mannfall. Allar þessar fréttir benda vonandi til þess að betri tíð sé í vændum í Mið-Austurlöndum og var svo sannarlega tími til kominn.

*Þetta skref Sharons mæltist misjafnlega fyrir innan Likud-bandalagsins, en nú hefur komið í ljós að Sharon ætlar ekki að sitja við orðin tóm varðandi stefnu sína, því hann hefur nú sagt sig úr Likud bandalaginu og ætlar að stofna nýjan flokk...*

Þegar Ariel Sharon, forsætisráðhera Ísraels, steig það djarfa skref í september að fyrirskipa að allir ísraelskir landnemar á Gazaströndinni og Vesturbakkanum skyldu fluttir á brott fannst mörgum að gamli harðsvíraði hershöfðinginn væri farinn að mýkjast allnokkuð í afstöðu sinni til Palestínumanna. Þetta skref Sharons mæltist misjafnlega fyrir innan Likud-bandalagsins. Núna hefur komið í ljós að Sharon ætlar ekki að sitja við orðin tóm varðandi stefnu sína því hann hefur nú sagt sig úr Likud-bandalaginu og ætlar að stofna nýjan flokk, væntanlega til að geta komið stefnumálum sínum í framkvæmd. Þetta verður líklega einhverskonar miðjuflokkur þar sem hann verður með sína fyrri flokksfélaga til hægri og jafnaðarmannaflokkinn til vinstri. Þar hefur nú brotist til valda nokkuð óvænt nýr leiðtogi – Peretz ættaður frá Marokkó – sem tekur við af Símoni Peres, sem marga hildina hefur háð í ísraelskum stjórnmálum. Hinn nýi foringi jafnaðarmanna hyggst beita sér fyrir ýmiss konar réttarbótum á félagslega sviðinu, svo sem hækkun lægstu launa og bættum hag aldraðra svo dæmi séu nefnd. Þetta eru mál sem orðið hafa út undan í hinum eilífa ófriði í þessum heimshluta á undanförnum árum.

Grundvöllurinn fyrir því hversu ákveðinn Sharon er í stefnu sinni varðandi Gazaströndina og Vesturbakkann eru áreiðanlega maraþonfundir Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, með leiðtogum Ísraels og Palestínumanna í fyrri viku. Hún yfirgaf ekki landið fyrr en búið var að ganga frá samkomulagi um aukið frelsi og réttindi Palestínumanna á hinum umdeildu svæðum, og nú hefur verið sett upp áætlun um ferðafrelsi þeirra til Egyptalands og milli Gaza og Vesturbakkans. Þá er í bígerð að opna á ný alþjóðaflugvöllinn á Gazaströndinni og hefjast handa við hafnarframkvæmdir þar. Allt þetta eru skref í framfaraátt en segja má að ekkert hafi gerst á þessu svæði frá því að Sharon tilynnti um brottflutning landnemabyggðanna. Stjórnvöld í Washington hafa líka lagt mikla áherslu á að eitthvað fari að gerast í málefnum Ísraela og Palestínumanna – til að draga athyglina frá stöðugum óförum Bandaríkjamanna í Írak. Ástandið þar hefur orðið til þess að vinsældir Bush Bandaríkjaforseta minnka stöðugt, ef hægt er að tala um vinsældir í því sambandi. Nú er svo komið að hann nýtur aðeins trausts 37 af hundraði þjóðarinnar og er talið að það sé einkum stríðsreksturinn í Írak sem veldur því hve fáir Bandaríkjamenn treysta forseta sínum. Margt annað á innanlandsvettvangi kemur einnig til, svo sem skipan hæstaréttardómara. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engin samkeppni

„Þegar ákvörðun var tekin um að gefa lyfjasölu frjálsa, með lögum árið 1994, átti samkeppnin að lækna öll mein og stórlækka verðlag. Reyndin hefur orðið önnur. Í stað samkeppni, lægra verðlags og fjölbreyttari þjónustu blasir við fákeppni og hærra lyfjaverð en tíðkast í nágrannalöndum okkar.“ Þetta segir Ögmundur Jónasson þingmaður í pistli á vefsíðu sinni í gær. Hann bætir við: „Þetta hefur gerst þrátt fyrir meinta hagræðingu í greininni, batnandi samgöngur og lækkandi flutningskostnað sem og hagstæða gengisþróun fyrir innflutningsverslun.“



### Og þó...

En það er þó ljóstýra í myrkrinu þrátt fyrir allt. „Enda þótt stóru lyfjakeðjurnar vilji allt gleypa hafa þær enn ekki náð að innbyrða Rima Apótek Kristínar G. Guðmundsdóttur lyfsala sem býður upp á lægsta lyfjaverð sem hér er að finna, samkvæmt könnunum,“ segir Ögmundur. Hann vitnar í viðtal við hana í Morgunblaðinu þar sem eftir henni er haft að samkeppnin hafi verið mun harðari fyrir tæpum áratug þegar lyfsala fyrst var gefin frjáls: „Þegar Lyfja opnaði á sínum tíma veitti hún sams konar afslátt og ég veiti í dag í þeim tilgangi að laða til sín viðskiptavini frá gömlu apótekunum. Síðan þegar stóru keðjurnar gátu ekki stækkað meir, þ.e. voru búnir að kaupa upp öll þau apótek sem þau gátu, fannst þeim óþarfi að vera að gefa þennan afslátt og hækkuðu í kjölfarið verðið hjá sér. Það er því engin raunveruleg samkeppni lengur...“

### Vill ekki selja

Í nefndu blaðaviðtali segir Kristín G. Guðmundsdóttir að keðjurnar hafi reynt að kaupa af henni apótekið: „Þessir risar vilja gleypa allt og alla. Þeir vilja bara vera tveir á markaði. Því þá þyrftu þeir ekki að veita neinn afslátt, þar sem engin samkeppni væri fyrir hendi...“ Segir Kristín að svo virðist sem risarnir tveir séu nú þegar búnir að skipta bæði hverfum í borginni á milli sín sem og landshlutum.

gm@frettabladid.is

## Grín eða alvara

Í DAG
SPAUG



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*En svona er nú komið að þátttaka pólitíkusanna í gríninu öllu saman er orðin svo mikil og að því er virðist sjálfsögð að allt er komið í einn graut og stundum er erfitt að greina hvað er fréttir og hvað er skop. Þegar svo er komið er allt bit komið úr skopinu og þá vantar því miður einn mikilvægan hlekk í aðhaldið sem öllum sem fara með vald er nauðsynlegt.*

Hláturinn lengir lífið er sagt. Það mun vera afskaplega hollt að hlæja. Bæði slakandi fyrir sálartetrið og einnig líkamsvöðvana. Ein góð hláturgusa á dag er ábyggilega ekki síðri en prozactafla og svo mun vera til sérstakt hlátursjóga sem er einstaklega hollt fyrir sál og líkama.

Ýmislegt kemur fólki til að hlæja og ég las á Vísindavef háskólans að kenningar um hlátur hafa verið settar fram á sviði málvísinda, sálfræði og lífeðlisfræði. Síðan er gerð nánari grein fyrir kenningum sem rekja má til málvísinda og sálfræði og þar segir: „Flestar kenningar um hlátur eiga það sameiginlegt að skipa sér undir annað af tveimur hugtökum, yfirburði eða ósamræmi. Yfirburðakenningar ganga út frá sálfræðilegum grunni, að hlátur sé tjáning yfirburðakenndar okkar gagnvart öðrum, sérstaklega keppinautum okkar. Þá kennd upplifum við ef við sjáum eitthvað ófullkomið, óeðlilegt, við aðra. Ósamræmiskenningar beina athyglinni að tungumálinu og rökleysunni sem virðist einkenna það sem okkur finnst fyndið. Slíkar kenningar sjá gjarnan eitthvað óeðlilegt við það sem vekur hlátur og kalla á hugtök eins og fáránleika til að skýra út fyndni.“

Skop getur verið mjög sterkt vopn í baráttu eða keppni á milli manna. Það getur verið sterkt vopn að gera andstæðinginn hlægilegan, stundum þykir það meira segja ókurteisi og talið að ekki eigi að grípa til slíkra vopna. Skop getur einnig verið sterkt afl í þjóðmálaumræðunni og jafnvel veitt óprúttnum stjórnmálamönnum og öðrum þeim sem hafa sig í frammi á opinberum vettvangi aðhald sem stundum er nauðsynlegt.

Spaugstofan hefur verið öflugt tæki í þessum efnum hér á landi. Þeir félagar hafa verið bráðskemmtilegir og beittir í fjöldamörg ár. Nú um helgina héldu þeir upp á 20 ára samstarfsafmæli. Þá brá svo við einn helsti skemmtikrafturinn í afmælisveislunni var forsætisráðherrann. Allavega fannst þeim sem útbúa ofan í okkur fréttirnar það skemmtilegast og fréttnæmast úr veislunni að sá ágæti maður gerði grín að sjálfum sér. Auðvitað er það hið besta mál að menn hafi húmor fyrir sjálfum sér og kannski ekkert annað en skapvonska að hafa orð á því. Á hinn bóginn veltir maður fyrir sér hvort broddurinn fari ekki svolítið úr gagnrýninni og aðhaldinu þegar menn eru allir komnir í eina sæng.

Ég tók eftir því um daginn að fréttaþulurinn útvarpsstjórinn lék stórt hlutverk í Spaugstofunni og mig minnir að fyrrverandi forsætisráðherrann og seðlabankastjórinn nýskipaði hafi fengið hlutverk í áramótaskaupinu. Nú eru þessir menn kannski ágætlega til þess fallnir að leika sjálfa sig og væntanlega engir betri í það, mér finnst hins vegar broddurinn vera farinn úr skopinu eða skaupinu þegar þannig háttar.

Og fyrst ég er farin að agnúast út í stjórnmálamennina og fyrirmennin í grínþáttunum, þá er best að ég haldi áfram að skapvonskast og nú út í glamúrsamkundu frægafólksins, hvort heldur það er Gríman eða Eddan. Á þessum hátíðum eru þessir opinberu starfsmenn, ráðherrarnir, í hlutverkum þula og verðlaunagjafa, uppádubbaðir og -dubbaðar í kvikmyndastjörnugervum.

Það er alveg magnað hvað það virðist vera fátt fólk til að sinna hinum ýmsu hlutverkum sem þarf að sinna í þessu landi. Hvort heldur það er á skemmtisamkundum af þessu tagi eða bara almennt þegar eitthvað þarf að gera. Eins og þegar byggja á spítala, þá eru allt í einu pólitískar komnir í þá framkvæmdanefnd með stjórnendum stofnana sem á að byggja yfir. Ég hef séð einhver skrif um að formaður framkvæmdanefndarinnar hafi mikla reynslu af stórbyggingum. Sannast að segja átta ég mig ekki á hvort menn eru að grínast eða hvort þeim sé fúlasta alvara með það að Alfreð Þorsteinsson hafi akkúrat þá reynslu sem til þarf til að stjórna þessu verki. Sjálfri finnst mér sú skipan nánast móðgun við okkur sem borgum skatta í þessu landi. En svona er nú komið að þátttaka pólitíkusanna í gríninu öllu saman er orðin svo mikil og að því er virðist sjálfsögð að allt er komið í einn graut og stundum er erfitt að greina hvað er fréttir og hvað er skop. Þegar svo er komið er allt bit komið úr skopinu og þá vantar því miður einn mikilvægan hlekk í aðhaldið sem öllum sem fara með vald er nauðsynlegt. ■

Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
DV FRÉTTABLAÐIÐ visir
Fíton/SÍA F014416

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið



Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Nýjungin 2006

## - Vinsælasti áfangastaður við Svartahafið

Bókaðu núna!
www.terranova.is

**Beint flug næsta sumar**

**Forsalan stendur yfir**
**Við þökkum frábærar viðtökur!**
**Yfir 300 sæti seld**



*Stórglæsilegir gististaðir og ótrúlegt verðlag*

## Frá kr. 29.990*

# Búlgaría

**Tryggðu þér bestu gisti-staðina og lægsta verðið!**

## Frábært verð

**Kr. 29.990***
Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netverð.

**Kr. 39.995**
Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 1. júní, á Iglika íbúðahótelinu. Netverð á mann.

**Kr. 43.595**
Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 1. júní, í herbergi á Hotel Luna eða Hotel Palm Beach. Netverð á mann.

**Kr. 48.790**
M.v. gistingu í tvíbýli með morgunmat á Hotel Perla, vikuferð 1. júní. Netverð á mann.

## Perla Svartahafsins - Golden Sands



**Terra Nova býður Íslendingum sumarleyfisferðir til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Búlgaría er orðinn einn af vinsælustu áfangastöðum Evrópu, enda í boði hin fullkomna blanda milli austurs og vesturs. Golden Sands liggur rétt norðan Varna, þriðju stærstu borgar Búlgaríu. Staðurinn ber svo sannarlega nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Á Golden Sands er óþrjótandi afþreying í boði, t.d. nýr vatnaskemmtigarður, Aquapolis.**



## Fyrstu 300 sætin á ótrúlegu tilboðsverði

### Þú færð hvergi meira frí fyrir peninginn!

Golden Sands býður allt sem þarf fyrir fullkomið sumarleyfi. Hótelin standa öll nálægt ströndinni og eftir endilangri ströndinni liggur falleg strandgata og margir fallegir sundlaugagarðar. Landið er mjög fallegt með fjölbreytilega náttúru, menningin er litrík og saga þjóðarinnar spennandi. Verðlag í Búlgaríu er mjög lágt og fólkið er vinalegt og gestrisið. Í þessari sumarleyfisparadís færðu mikið fyrir peninginn.



## Verðlagið í Búlgaríu er ótrúlegt!

**Í verslun**

| | |
|---|---|
| Vatn 1,5 l. | 40 kr. |
| Mjólk 1 l. | 50 kr. |
| Appelsínusafi 1 l. | 95 kr. |
| Bjór 0,5 l. | 50 kr. |
| Léttvínsflaska | 220 kr. |
| Brauð | 40 kr. |
| Kjúklingur 1 kg. | 230 kr. |
| Gos 1,5 l. | 75 kr. |
| Vodkaflaska (innlend) | 230 kr. |

**Á veitingastað**

| | |
|---|---|
| Aðalréttur | 370 kr. |
| Shopska salat | 100 kr. |
| Bjór | 110 kr. |
| Vínflaska | 440 kr. |
| Pizza | 250 kr. |

**Annað**

| | |
|---|---|
| Bananabátur | 300 kr. |
| Sjóskíði | 1.100 kr. |
| Teygjustökk | 750 kr. |
| Vatnahjól | 450 kr. |
| Strætó (Golden Sands-Varna) | 110 kr. |
| Hjólaleiga (dagur) | 550 kr. |
| Leigubíll (1 dagur, 400 km.) | 4.500 kr. |

ENNEMM / SIA / NM19263




**10.000 kr. afsláttur**
Þeir sem bóka strax, geta tryggt sér 10.000 kr. afslátt.
Fyrstu 300 sætin.



*Kynntu þér Búlgaríu - og Sérferðabækling Terra Nova sem dreift er með blaðinu í dag.*

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099 · Hafnarfjörður sími: 510 9500

TERRA NOVA
-SPENNANDI VALKOSTUR

# Þrír meistarar friðar

UMRÆÐAN
FRIÐARBARÁTTAN



BETTÝ GUNNARSDÓTTIR

Nú stendur yfir sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur sem ber yfirskriftina „Þrír meistarar friðar". Þessir þrír meistarar eru Mahatma Gandhi, Martin Luther King og Daisaku Ikeda. Flest þekkjum við Martin Luther King og baráttu hans fyrir mannréttindum í Bandaríkjunum og hlutverk Gandhi í frelsisbaráttu Indverja. En hver er þessi Ikeda?

Daisaku Ikeda fæddist í Japan 2. janúar 1928. Ikeda hefur barist fyrir friði og mannréttindum, þar sem einstaklingurinn og velferð hans eru alltaf í fyrirrúmi. Hann lagði stund á klassískar bókmenntir og heimspeki. Lærimeistari hans Josei Toda kynnti Ikeda fyrir friðar- og mannúðarheimspeki búddisma, Nichiren Daishonin, sem Ikeda hefur síðan byggt sinn friðarboðskap á. Ikeda er einnig rithöfundur, ljóðskáld, ljósmyndari, heimspekingur og forseti SGI (Soka Gakkai International). SGI eru ein stærstu mannúðar- og friðarsamtök búddista, með yfir tíu milljónir meðlima.

Ikeda segir: „Mikil jákvæð umbreyting á persónugerð einnar manneskju getur orðið til þess að breyta örlögum alls mannkyns." Öll verk Ikeda, rit hans og ræður eru innblásin af þessari skoðun hans um mátt einstaklingsins. Hann telur að lykilinn að því að koma á friði og stuðla að velferð allra manna sé að finna í því sem hann kallar „manneskjubyltingu". Sú hugmynd byggist á því að hver einstaklingur búi yfir takmarkalausum möguleikum á að umbreyta lífi sínu og umhverfi á jákvæðan hátt. Án þessarar innri umbyltingar einstaklingsins, sem tekst á við eigin þröngsýni, fordóma og innri blekkingar, geta félagslegar og kerfislegar endurbætur – þótt ómissandi séu – aldrei borið varanlegan árangur.

Ikeda trúir að samræður opni leiðir til skilnings og umburðarlyndis milli ólíkra menningarheima. Hann hefur ferðast víða um heiminn, átt viðræður við marga þekkta menn og fengið viðurkenningar á alþjóðavettvangi fyrir störf sín. Gandhi, King og Ikeda komu frá ólíkum þjóðfélögum og voru ekki sömu trúar en allir hafa þeir barist fyrir velferð einstaklingsins, mannréttindum og friði.

Í tengslum við sýninguna var síðastliðinn laugardag haldin ráðstefna ungs fólks sem bar yfirheitið „Hvað getur ungt fólk lagt að mörkum til mannréttinda og friðarmála á 21. öldinni sem einstaklingar?" Þar kynntu ýmis friðar- og mannréttindasamtök og einstaklingar starfsemi sína. Með þessari ráðstefnu sýndu þessi ungmenni að þau ætla að standa upp fyrir friði á 21. öldinni. Frábært framtak! Ég hvet alla til þess að líta á þessa sýningu og fá innblástur frá lífi þessara manna inn í sitt líf í dag. Þessi sýning minnir mann á að einn maður getur breytt öllu.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu sýningarinnar: simnet.is/meistarar.is

*Höfundur er félagi í SGI á Íslandi.*







# Hver er vistun aflaheimilda?

UMRÆÐAN
VIÐSKIPTI MEÐ AFLAHEIMILDIR



JÓHANN ÁRSÆLSSON

Ég hef á undanförnum árum leitast við að fylgjast með viðskiptum útgerðarmanna með sameign þjóðarinnar, fiskinn í sjónum. Ég tel að þjóðin, eigandi auðlindarinnar, hafi bæði skyldu og rétt til að vita hvernig þessi viðskipti fara fram á hverjum tíma.

Í nýlegu svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn frá mér um framsal aflaheimilda kemur fram að viðskiptin með aðganginn að auðlindinni eru blómleg. Hundrað stærstu útgerðirnar fluttu 71.190 þorskígildistonnum meira frá sér af aflaheimildum til óskyldra aðila en þær fluttu til sín. Á næstu tveimur árum þar á undan var þessi flutningur 58.996 þorskígildistonn þannig að þessi aukabúgrein, að innheimta auðlindagjald af öðrum útgerðum, er í mikilli sókn. Einnig kom fram í svarinu að framsal varanlegra aflaheimilda þ.e. flutningur aflahlutdeila milli útgerða hefur verið mikill.

**Gamalkunn viðbrögð**

Viðbrögð útgerðarmanna við þessum upplýsingum eru gamalkunn. Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims segir t.d. í viðtali við Fréttablaðið að fyrirtækið hafi ekki selt frá sér varanlegar aflaheimildir að marki og upplýsir að aflahlutdeild sé algengt að flytja milli fyrirtækja þó sala fari ekki fram. Ummæli mín sem voru þau að það væri greinilegt að eigendur Brims væru að selja og leigja frá sér aflaheimildir til að fjármagna kaupin á fyrirtækinu fara fyrir brjóstið á honum. Guðmundur lætur hafa eftir sér að ummæli mín séu röng og að ég sé þekktur fyrir að fara með rangt mál í ummælum um sjávarútvegsfyrirtæki og sjávarútveg. Ekki finnur hann þessum ummælum sínum stað með neinum dæmum enda eru mínar upplýsingar komnar beint úr svari sjávarútvegsráðherrans.

Ég vil taka það fram af þessu tilefni eins og ég hef reyndar oft áður gert að ég hef ekki gagnrýnt útgerðarmenn fyrir að notfæra sér þau lög sem Alþingi hefur sett um stjórn fiskveiða. Ég hef hins vegar gagnrýnt stjórnvöld og alþingismenn fyrir að bera ábyrgð á ríkjandi ástandi og bent á einstök dæmi um hvernig kaupin gerast á eyrinni í skjóli þessara laga. Brim, fyrirtæki Guðmundar Kristjánssonar, flutti 6.048 þorskígildistonnum í aflamarki meira frá sér en til sín á síðustu tveimur fiskveiðiárum til óskyldra aðila að mati Fiskistofu. Guðmundur er góður stjórnandi og hefur örugglega gætt hagsmuna fyrirtækisins þannig að full verðmæti aflaheimildanna á markaði hafa því örugglega skilað sér til Brims en Guðmundur fjallar ekki sérstaklega um þennan hluta málsins í viðtalinu.

Í svari sjávarútvegsráðherra kemur líka fram að Brim hafi flutt frá sér sem svarar 1,68 prósentum varanlegra aflaheimilda í botnfisktegundum á Íslandsmiðum til óskyldra aðila að mati Fiskistofu á síðustu tveimur fiskveiðiárum. Þetta samsvarar 6.000 þorskígildistonnum.

**Mörgu ósvarað**

Þær yfirlýsingar sem Guðmundur gefur í viðtalinu um meðferð varanlegra aflaheimilda eru athyglisverðar. Hann upplýsir að þessar aflaheimildir hafi ekki verið seldar „að marki", eins og hann orðar það, heldur vistaðar hjá öðrum fyrirtækjum og að þetta sé algengt nú um stundir. Ég beini þess vegna eftirfarandi spurningum til Guðmundar: Er vistun aflaheimilda ekki venjuleg viðskipti með aflaheimildir? Getur það verið að sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa jafnvel fjárfest gríðarlega í aflaheimildum visti þessar fjárfestingar sínar hjá óskyldum fyrirtækjum án þess að verðmætin séu skráð á markaðsverði og hvernig bókfæra þá þessi fyrirtæki aflaheimildirnar? Getur verið að þessi verðmæti hafi annað verðgildi í vistun en þegar þau voru keypt? Hvernig bókfæra þau fyrirtæki sem vista aflaheimildirnar hjá sér þau verðmæti sem í þeim felast? Eru viðskipti með fisk stundum hluti af þessum vistunarsamningum? Hvernig meðhöndla skattayfirvöld verðmæti í aflaheimildum sem bætast við heimildir fyrirtækja sem vista hjá sér heimildir?

Almenningur í landinu á rétt á því að fá vitneskju um það hvers konar viðskipti þessi „vistun" aflaheimilda er í raun og veru. Ég vonast eftir greiðum svörum Guðmundar Kristjánssonar um þessi viðskipti.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 4.979 -0,96%**

**Fjöldi viðskipta:** 409
**Velta:** 13.157 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga Group** | **+8,00%** | **FL Group** | **-2,60%** |
| **SÍF** | **+2,72%** | **Landsbankinn** | **-2,06%** |
| **Dagsbrún** | **+2,45%** | **Straumur** | **-1,92%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 46,00 -1,30%** ... Bakkavör 46,20 -0,90% ... FL Group 15,00 -2,60% ... Flaga 5,40 +8,00% ... HB Grandi 9,30 -0,50% ... Íslandsbanki 16,30 -1,20% ... Jarðboranir 23,50 +2,20% ... KB banki 639,00 -0,30% ... Kögun 55,00 -0,90% ... Landsbankinn 23,80 -2,10% ... Marel 63,90 -0,20% ... SÍF 4,15 +2,70%... Straumur-Burðarás 15,30 -1,90% ... Össur 107,50 +0,50%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Engin verðbólga í desember

**Greiningardeild KB banka gerir ráð fyrir að verðbólgan fari á ný niður fyrir efri þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans.**

Greiningardeild KB banka spáir óbreyttri vísitölu neysluverðs í desember. Ef spáin gengur eftir mun verðbólgan lækka niður í 3,8% og fara niður fyrir efri þolmörk verðbólgumarkmiðsins.

Undanfarin ár hefur verðbólgan verið rekin áfram af skarpri hækkun fasteignaverðs. Greiningardeildin segir að nú sjáist skýr merki um að verulega hafi hægst um á fasteignamarkaði en síðastliðna 3 mánuði hefur fasteignaverð hækkað um 0,37 prósent á mánuði sem jafngildir 4,5 prósenta árshækkun á fasteignaverði.

Matvælaverð hækkar oft í desember en að mati greiningardeildar KB banka mun matvælaverð þó standa í stað í næsta mánuði þar sem hagstætt gengi krónunnar mun halda aftur af verðhækkunum. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur lækkað hratt frá því í byrjun nóvember. Þessi lækkun leiðir til um 0,1% lækkunar á vísitölu neysluverðs.

Greiningardeild KB banka býst við óbreyttu verði eða hugsanlegri lækkun á öðrum neysluvörum í mánuðinum.



**ENGIN VERÐBÓLGA** KB banki spáir því að vísitala neysluverðs verði óbreytt milli nóvember og desember.



**FL GROUP,** Hannes Smárason, Magnús Ármann, Skarphéðinn Berg, Smári S. Sigurðsson, Jón Ásgeir Jóhannes

# Eiga 74 milljarða í hlutabréfum

**Greiningardeild Landsbankans segir verðmæti FL Group vera 85 milljarðar króna. Markaðsvirði hlutabréfaeignar FL Group er tæpir 74 milljarðar króna.**

Við lok viðskiptadags í gær var gengi FL Group 15 og hafði lækkað um 2,6 prósent. Greiningardeild Landsbankans miðar við að gengið eigi að vera 14,7 miðað við verðmæti félagsins.

Níu mánaða uppgjör FL var í takt við spá Landsbankans en greiningardeild KB banka mat það undir væntingum. KB banki spáði 5,4 milljörðum í hagnað á þriðja ársfjórðungi en niðurstaðan var 4,6 milljarða króna hagnaður.

Þeir sem tóku þátt í hlutabréfaútboði FL Group nýlega gátu greitt með peningum eða hlutabréfum í völdum félögum. Greiddu fjárfestar 24,5 milljarða króna í peningum og 19,5 milljarða í peningum.

Eftir hlutafjáraukninguna á FL Group rúma 48 milljarða í fjármálafyrirtækjum. Skiptist sú eign þannig: 18,5 milljarða í Íslandsbanka, 9,5 milljarða í Straumi – Burðarási, 15 milljarða í KB banka og 5 milljarða í Landsbanka. - bg

# Dýrara að byggja

Það er 3,9 prósentum dýrara að byggja nú í desember miðað við sama tíma árið 2004 samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands birti í gær. Kostnaður við vinnu hækkaði um 5 prósent á tímabilinu, sem hækkaði vísitöluna um 2,1 prósent. Kostnaður við efni hækkaði um 3,1 prósent sem hækkaði vísitöluna um 1,8 prósent.

Stærsta orsökin fyrir hækkun vinnuliðar vísitölunnar voru samningsbundnar launahækkanir í byrjun árs 2005.

Innflutt efni hækkaði aðeins um 0,6 prósent á tímabilinu enda hefur styrking krónunnar vegið þar upp á móti. Hún hefur styrkst um ríflega tíu prósent frá byrjun árs. Innlendar vörur hafa hins vegar hækkað talsvert meira það sem af er ári eða 5,3 prósent. ■

# Sextán milljóna tap Atlanic Petroleum

Atlantic Petroleum, færeyska olíuleitarfélagið sem er skráð í Kauphöll Íslands, tapaði um sextán milljónum króna á þriðja ársfjórðungi og nemur heildartap fyrirtækisins um 35 milljónum króna frá áramótum.

Árangur fyrirtækisins er í samræmi við áætlanir stjórnenda þess. Atlantic Petroleum er í miklum áhætturekstri en gert er ráð fyrir að fyrstu tekjur fari að streyma inn árið 2007. Fyrirtækið er fjárhagslega sterkt með nærri 96 prósenta eiginfjár hlutfall. Heildareignir fyrirtækisins eru um 1.050 milljónir króna.

Eitt helsta verkefni félagsins er þátttaka í olíuvinnslu á West-Lennox, sem er á hafsvæðinu milli Írlands og Bretlands. Atlantic Petroleum á um fjórðungshlut í verkefninu. Of snemmt er að segja til um hvenær olíuvinnsla hefst á svæðinu en hún mun ekki hefjast á þriðja ársfjórðungi 2006 eins og að var stefnt. - eþa

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

3 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Íslenskt stjórnborð

Miele




Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**



MIELE ÞVOTTAVÉL- *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | | |
|---|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 128.428 | **Kr. 89.900** | Tilboð |
| Þvottavél W3241 *1400sn/mín/6 kg.* | kr. 148.200 | **kr. 133.380** | stgr. |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 168.700 | **kr. 151.830** | stgr. |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 98.800 | **Kr. 69.160** | Tilboð |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 115.400 | **Kr. 80.780** | Tilboð |

*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

ARTHUR SULLIVAN (1842-1900) LÉST ÞENNAN DAG.



*„Mér finnst hræðilegt til þess að hugsa að svo mikið af ljótri og slæmri tónlist verði geymt á plötum að eilífu.“*

ARTHUR SULLIVAN VAR BRESKT TÓNSKÁLD.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 22. NÓVEMBER 1995

## *Rosemary West fær lífstíðardóm*

Á þessum degi árið 1995 var Rosemary West dæmd í lífstíðarfangelsi fyrir morð á tíu ungum konum og stúlkum. Meðal fórnarlamba West voru sextán ára dóttir hennar, átta ára stjúpdóttir og ófrísk ástkona eiginmanns hennar. Hin 41 árs gamla móðir sýndi engin svipbrigði þegar dómurinn var kveðinn upp.

Rose West og eiginmaður hennar Fred, sem framdi síðar sjálfsmorð í fangaklefa sínum, voru handtekin í febrúar 1994. Þá var verið að rannsaka hvarf dóttur þeirra. Þau voru ákærð fyrir að myrða tólf stúlkur á tuttugu ára tímabili. Hjónin beittu fórnarlömb sín hræðilegu kynferðisofbeldi, myrtu þau síðan og grófu þau undir húsi þeirra í Gloucester. Þar fundust grafin níu lík en eitt fannst við uppgröft á fyrra heimili þeirra Westhjóna. Tvö lík til viðbótar fundust grafin á nálægum akri. Fred og Rosemary héldu því fram að Fred hefði einn staðið að morðunum en voru ekki tekin trúanleg.



ROSEMARY WEST

## MERKISATBURÐIR

1907 Giftar konur í Reykjavík fá kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna.

1907 Vegalög eru staðfest og ákveðið að hér á landi skuli vera vinstri umferð.

1963 John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, er myrtur.

1975 Jóhann Karl verður konungur Spánar.

1990 Margaret Thatcher segir af sér sem forsætisráðherra Bretlands.

1997 Kristinn Björnsson verður í öðru sæti á heimsbikarmóti í svigi í Park City í Utah.

1997 Michael Hutchence, söngvari INXS, finnst látinn á hótelherbergi í Sydney.








AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ


## AFMÆLI



Terry Gilliam leikstjóri er sextugur.



Ásgeir Elíasson knattspyrnuþjálfari er 56 ára.



Hörður Áskelsson tónlistarmaður er 52 ára.



Ingvar E. Sigurðsson leikari er 42 ára.



Edda Arnljótsdóttir leikkona er 41 árs.



Boris Becker tennisstjarna er 38 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1819** George Eliot, réttu nafni Mary Ann Evans, rithöfundur.



**1890** Charles De Gaulle, forseti Frakklands.



HELDUR ÞAKKARGJÖRÐ Þórunn hélt utan ásamt dóttur sinni til Bandaríkjanna í gær til að halda þakkargjörðina með fjölskyldu sinni þar. HEIÐA HELGADÓTTIR

### ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR: ER FERTUG Í DAG

# Hélt ræðulausa veislu

„Við ætlum að fara til Ameríku og halda þakkargjörðina með fjölskyldu okkar þar,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður sem er fertug í dag og hélt utan ásamt dóttur sinni í gær í nokkurra daga frí.

Þórunn hélt upp á sjálft afmælið um helgina. „Ég hélt boð fyrir vinkonur mínar, nánustu samstarfskonur og fjölskyldu í hádeginu á laugardag og það var geysilega gaman. Ég hafði það nákvæmlega eins og ég vildi hafa það,“ segir Þórunn sem hélt ræðulaust boð. „Ég veit fátt leiðinlegra en afmælisboð þar sem ræðuhöldin eru endalaus og fólk hefur engan tíma til að tala saman og skemmta sér,“ segir Þórunn en á sjöunda tug gesta samglöddust Þórunni á þessum tímamótum.

Þórunn ættleiddi litla stúlku fyrir tveimur árum og varð hún þriggja ára í lok sumars. „Það hefur gengið eins og í sögu,“ segir hún um móðurhlutverkið og nú fær hún tækifæri á að kynna hana fyrir ættingjum sínum í Bandaríkjunum. Nokkur ár eru liðin síðan Þórunn heimsótti móðursystur sína og frændsystkini vestur um haf. „Síðast þegar ég fór kostaði dollarinn 105 krónur en er núna 62,“ segir Þórunn kímin en ætlar þó ekki að eyða tíma sínum í verslunarferðir.

Þórunn kveðst vera óvön afmælishaldi enda hafi hún aldrei haldið upp á þau með virktum. Hún minnist hins vegar þrítugsafmælis síns með mikilli gleði. „Þá var ég að vinna fyrir Rauða krossinn í Tansaníu og samstarfsfólkinu þótti við hæfi að baka fyrir mig afmælisköku í tilefni dagsins og hún var í laginu eins og hvalur. Af einhverjum ástæðum þótti þeim þetta við hæfi fyrir Íslendinginn. Líklega var það nú vegna þess að ég hef verið að rífa kjaft um hvalveiðar,“ segir Þórunn glettin.

Innt eftir afmælisósk svarar hún: „Að lífið haldi áfram að batna eins og það hefur gert hingað til.“



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Loftur Ólafsson**

tannlæknir, Bergstaðastræti 72,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 24. október kl. 15.00.

Hrafnhildur Höskuldsdóttir
Ólafur Loftsson Dagný Hermannsdóttir
Auður Loftsdóttir David Tomis
Birta, Grímur, Ásta og Emma



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vilborg Sigurðardóttir**

Stórholti 20, Reykjavík, áður Brimhólabraut 24, Vestmannaeyjum

lést sunnudaginn 13. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 2 nóvember kl. 15.00.

Gerður Gunnarsdóttir Grétar Br. Kristjánsson
Gylfi Gunnarsson
Gauti Gunnarsson
Sigurður Gunnarsson
og barnabörn.

## ANDLÁT

**Haukur Henderson**, Kleppsvegi 10, Reykjavík, andaðist þriðjudaginn 15. nóvember.

**Sigfús Steindórsson**, fyrrum bóndi, Steintúni, Lýtingsstaðahreppi, til heimilis að Víðigrund 8, Sauðárkróki, andaðist á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks föstudaginn 18. nóvember.

**Hólmfríður Hanna Magnúsdóttir,** hjúkrunarfræðingur, Tryggvagötu 26, Selfossi, andaðist á Sjúkrahúsi Suðurlands laugardaginn 19. nóvember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Magnþóra G. Magnúsdóttir,** Furugerði 1, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Ragnhildur Þóroddsdóttir**, Þorragötu 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Bára Hólm**, Hátúni 11, Eskifirði, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Guðbjörg Karlsdóttir**, frá Stekkjarholti, Ölduslóð 26, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Krossinum, Hlíðasmára 5-7.

15.00 **Vilborg Sigurðardóttir**, Stórholti 20, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

# Thorvaldsensfélagið í 130 ár

Thorvaldsensfélagið hefur gefið út jólamerki í rúmlega níu áratugi og jólakort síðastliðin tíu ár.

Myndin sem prýðir jólamerkið og -kortið í ár heitir Jól og er eftir Erlu Sigurðardóttur myndlistarmann en allur ágóði af sölu merkjanna og kortanna fer til styrktar hinum ýmsu málefnum sem varða börn. Thorvaldsensfélagið sem er 130 ára í ár, mun meðal annars styrkja Vímulausa æsku við stuðningsverkefni. Verkefnið felst í því að vinna með börn sem koma úr vímuefnameðferð til að auðvelda þeim að lifa heilbrigðu og eðlilegu lífi.

Jólamerkin er hægt að fá í flestum pósthúsum landsins, í Thorvaldsensbazarnum, Austurstræti 4, í ýmsum bókabúðum og hjá félagskonum. Upplýsingar og pantanir fást í síma 551 3509 en hægt er að skoða merkin og kortin á heimasíðu félagsins, www.thorvaldsens.is.




JÓLAMERKI Í 92 ÁR Jólakort og -merki Thorvaldsensfélagsins prýðir myndin Jól eftir Erlu Sigurðardóttur myndlistarmann.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.19 | 13.14 | 16.08 |
| Akureyri | 10.22 | 12.59 | 15.35 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

heilsa o.fl.

PISTILL
Hollráð Sölva Fannars bls. 2



JÓLALJÓS
Mikið um dýrðir í miðbænum bls. 4





*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagur 22. nóvember, 326. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Davíð Þór mundar borvélina vígalegur og heldur sér í feiknaformi með því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Byggir stúdíó sér til heilsubótar

***Davíð Þór Jónsson, tríóstjóri Flís, stælir líkamann þessa dagana við byggingarvinnu.***

Davíð Þór Jónsson píanóleikari er alltaf á iði þessa dagana og heldur sér mest í formi með því. „Ég er ekki mjög duglegur í líkamsræktinni núna,“ viðurkennir hann. „En ég geri mikið af því þessa dagana að hlaupa milli staða, auk þess að vera í byggingarvinnu, negla og mála.“ Þegar hann tekur sig á eru það ekki bekkpressur og hnélyftur sem eru vinsælastar. „Ég geri stundum armbeygjur og magaæfingar, fer í sund, labba mikið og skokka. Þegar ég er mjög duglegur fer ég á fjöll. Svo reyni ég að forðast aukaefni í mat eins og MSG og svoleiðis rugl. Ég tek engin fæðubótarefni nema djúpsjávarþörunga, Spirulina, sem er grænt og heilsusamlegt stöff. Ég finn mikinn mun á mér eftir að ég byrjaði að taka þá því stundum gleymi ég að borða. Annars er mitt heilsuráð til þjóðarinnar að borða nóg sushi og drekka mikið vatn.“

Davíð Þór spilar auðvitað með tríóinu sínu, Flís, en líka með Benna Hemm Hemm og Ingibjörgu Þorbergs. Svo sér hann um tónlistina í barnaleikritinu Jólasveinar sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu. Annars segir hann helstu líkamsræktina þessa dagana felast í byggingarvinnu. „Flís er að hamast við að byggja sér stúdíó uppi í Grafarholti, okkar eigin heimavinnustofu. Þar ætlum við að hafa heitan pott og garðskála fyrir veislur. Þetta verður svo frábært að við flytjum sennilegast þangað þegar stúdíóið er tilbúið,“ segir Davíð Þór og flýtir sér að byrja að negla sér til heilsubótar.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ JÓL - HEILSA ]**

**Leiðbeiningar um getnaðarvarnir** er bæklingur sem Landlæknisembættið hefur gefið út. Þetta er ný og endurskoðuð útgáfa fræðslubæklings um getnaðarvarnir sem áður hefur verið gefinn út. Helstu breytingar eru að tveimur nýjum aðferðum við getnaðarvarnir, hormónaplástri og neyðargetnaðarvörn, hefur verið bætt við, en alls er skýrt frá fimmtán mismunandi getnaðarvörnum. Umfjöllun um neyðargetnaðarvörn og getnaðarvarnir eftir fertugt er ítarlegri en áður og nýr kafli er um getnaðarvarnir og unglinga. Bæklingnum er dreift endurgjaldslaust og verður hægt að nálgast hann á heilsugæslustöðvum og hjá Landlæknisembættinu.



**KK og Ellen** systkinin sönggelsku, hafa nýverið sent frá sér jólaplötuna Jólin eru að koma með uppáhaldsjólalögunum sínum. Miðasala á útgáfutónleika þeirra í Fríkirkjunni í Reykjavík 8. desember hefst á morgun, miðvikudag, á midi.is og Skífubúðum og BT verslunum. Sérstakir gestir á tónleikunum verða Þorsteinn Einarsson á gítar, Petter Winnberg á kontrabassa og Eyþór Gunnarsson á píanó. Verða lög af geisladisknum á efnisskránni ásamt eldri lögum þeirra systkina. Miðaverð verður tvískipt, 2.500 krónur í sæti niðri og 1.700 krónur uppi. KK og Ellen munu halda í stutta tónleikaferð um landið í kjölfar útgáfutónleikanna.



**Grænmeti** er holt og gott eins og flestir vita. Nú þegar fram undan er tími þungra kjötmáltíða, smákökuáts og sælgætisnarts skiptir máli að gleyma ekki alveg grænmetinu.



B-stress
Góð undirstaða fyrir jólaösina.
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.



naturasun
10 MISMUNDANDI LITIR
það allra nýjasta í airbrush í dag
Enginn býður betur!!
Dreifingaraðili
Hafnarsport ehf

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

FERSKAR OG NÁTTÚRULEGAR



LUSH
LAUGAVEGUR 11 552-2030
KRINGLAN 553-2002
WWW.LUSH.IS



Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir kennir dansleikfimi í Hreyfilandi og hjálpar konum við að koma sér í form þannig að þær skemmti sér konunglega á meðan.

# Í formi með skemmtun, hreyfingu og útrás

*Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir er leikfimi- og danskennari í Hreyfilandi. Kolbrún kennir fjölbreytt æfingakerfi sem hún setti saman sjálf og segir kerfið vera sína hugmynd að skemmtilegri hreyfingu.*

Dansleikfimi Kolbrúnar er sniðin fyrir konur eldri en tvítugt og er fyrir allar þær sem langar til að dansa og hreyfa sig á áhrifaríkan og skemmtilegan hátt. Í hverjum tíma er mikill dans og styrktaræfingar sem miða að því að halda sér í góðu formi. „Tímarnir eru aðallega fyrir konur sem vilja hreyfa sig og fá skemmtun út úr því á meðan,“ segir Kolbrún. „Æfingarkerfið er sambland af skemmtun, hreyfingu og útrás. Það er ætlað bæði til brennslu og styrkingar en einnig til liðkunar. Ég reyni að hafa mikið af teygjum og styrktaræfingum. Þetta er fyrst og fremst skemmtun með fjölbreyttri tónlist.“ Tímarnir byggjast aðallega á dansi. Byrjað er á upphitunardansi, inn á milli eru gerðar styrktaræfingar fyrir maga, rass, læri og hendur. Dansinn dunar svo áfram og tímarnir enda á magaæfingum og teygjum. „Þetta er sambland af alls konar dansi, aðallega djassdansi. Þetta er einfaldlega mín ímynd af skemmtilegri leikfimi,“ segir Kolbrún. „Ég hef rekið mig á það að allir hafa ákveðna danslöngun í sér. Einhvers staðar lærði allt þetta fólk að dansa og einhvers staðar verður maður að byrja. Margar af þeim konum sem hafa komið til mín hafa aldrei gert neitt áður sem tengist dansi en allar hafa þær verið mjög ánægðar með tímana og fíla þetta í botn.“

Kolbrún segir margar konur feimnar við að koma í tímana til hennar hræddar um það að líta kjánalega út í nýjum aðstæðum. Kolbrún segir hins vegar þá feimni óþarfa. Tímarnir hjá henni eru lokaðir og í þeim nást persónuleg tengsl því Kolbrún reynir að hafa tímana ekki of fjölmenna. „Dansleikfimin er bæði fyrir byrjendur og lengra komna,“ segir Kolbrún. „Þetta er engin rosaleg keyrsla og hentar vel fyrir þær sem hafa gaman að því að læra spor. Að vissu leyti eru þetta framhaldstímar því ég hætti aldrei að kenna danssporin fyrr en allar eru búnar að ná þeim. Ég kenni ekki nýjan dans í hverjum einasta tíma þannig að fólk er ekki endalaust að reyna að ná nýjum og nýjum rútínum. Þegar þú mætir í næsta tíma ertu ánægð því þú kannt sporin og getur verið með.“

Kolbrún segir viðmiðið vera að hreyfa sig að minnsta kosti þrisvar í viku. „Þess vegna kenni ég þrisvar í viku, á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, því þá ætti dansleikfimin að vera nægileg til að halda sér í formi.“

johannas@frettabladid.is



Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá
Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
IMEDEEN
www.imedeen.com

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

## Hollráð Sölva Fannars

### *Hvort erum við að brenna fitu eða kolvetnum?*

Líkaminn brennir tveimur orkuefnum við þjálfun, kolvetnum og fitu, í ákveðnum hlutföllum sem ráðast aðallega af þjálfunarálagi. Eftir því sem þjálfunarálagið eykst brennum við meira af kolvetnum á kostnað fitu. Því hefur lengi verið haldið fram að til þess að brenna fitu þurfi að halda hjartslættinum á frekar litlu álagi. Nýlegar rannsóknir benda til þess að það sé ekki spurning um hvort hitaeiningum sem brennt er komu úr fitu- eða kolvetnaforða líkamans heldur hversu mörgum er brennt. Það veldur ákveðinni lífræðilegri keðjuverkun og auknum efnaskiptahraða sem leiðir til fitutaps.

Hins vegar var birt niðurstaða rannsóknar árið 2004, sem sýndi að þeir sem stunduðu úthalds- og fitubrennsluþjálfun af hóflegri ákefð náðu sama árangri eftir eitt ár og þeir sem gerðu það af mikilli ákefð! Enn ein ástæðan fyrir því að fara rólega af stað og komast frekar alla leið í mark...

Þumalputtareglan um úthaldsþjálfun er að hreyfa sig ekki með meira álagi en svo að hægt sé að halda uppi samræðum á meðan.

Í fljótu bragði er hægt að setja upp þrjár mismunandi aðferðir til að brenna:

1) Mikið álag til skemmri tíma, ca. 80% af hámarkspúls.
*Dæmi um tegund þjálfunar: synda hratt, hlaupa, spinning eða hraður þolfimitími*
2) Minna álag til lengri tíma, ca. 60% af hámarkspúls.
*Dæmi um tegund þjálfunar: ganga, synda eða hjóla rólega*
3) Breytilegt álag, ca. 50-80% af hámarkspúls.
*Dæmi um tegund þjálfunar: synda hratt og hægt til skiptis eða skipta bringu-/skriðsund, stuttir hlaupasprettir og svo ganga, fótbolti, badminton, sem og fjölmargar aðrar íþróttir*

Með þessu er nær tryggt að líkaminn er alltaf að bregðast við nýrri tegund álags auk þess sem æfingarnar verða skemmtilegri vegna fjölbreytileikans.

Nú fer að líða að jólum og við eiginlega neyðumst til þess að fara að huga að forvörnum fyrir jólin, meira um það síðar...

Gangi þér vel!



Þetta og önnur hollráð er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is

# HIV-smituðum fjölgar

***Dregur úr nýsmiti í mörgum löndum.***

Í nýrri skýrslu frá Alnæmisstofnun Sameinuðu þjóðanna kemur fram að þeim fjölgi stöðugt sem eru með HIV-veiruna í líkamanum. Upplýsingar í skýrslunni benda hins vegar til þess að það dragi úr nýsmitun í mörgum löndum og þykja það góð tíðindi. Talið er að um 39 milljónir einstaklinga séu smitaðar af alnæmisveirunni en ekki nema hluti þeirra sé með sjúkdóminn virkan í sér. Flestir nýsmitaðir eru í Mið- og Austur-Asíu og Austur-Evrópu. Í skýrslunni segir enn fremur að meirihluti nýsmitaðra sé konur í vanþróaðri löndum sem ekki geti krafist smokkanotkunar af kynlífsfélögum sínum en konur eru almennt taldar líffræðilega berskjaldaðri gegn veirunni en karlar. Í skýrslunni er að auki bent á nauðsyn þess að skerpa á forvörnum um heim allan, einkum vegna þess að ekki er hægt að lækna sjúkdóminn þegar smit hefur átt sér stað þó hægt sé að halda honum niðri með kostnaðarsömum og erfiðum lyfjameðferðum.



Alnæmissjúklingum fjölgar hraðast í Mið- og Austur-Asíu.

# Áfengi veldur krabba

***Neysla áfengis hefur farið vaxandi í Bretlandi undanfarin ár.***

Aukin áfengisneysla hefur valdið hraðri aukningu í munnkrabbameinstilfellum, að sögn krabbameinssérfræðinga í breska heilbrigðiskerfinu.



Krabbamein í munni veldur nú dauða fleiri Breta en leghálskrabbamein og krabbamein í kynfærum karla samanlagt. Auðvelt er að koma í veg fyrir krabbameinsmyndun í munni með því að hætta tóbaksneyslu og drekka áfengi í hófi en mjög fáir eru meðvitaðir um að á eftir tóbaki er alkóhól líklegast til að valda munnkrabbameini.

Dregið hefur úr reykingum á Bretlandseyjum undanfarin ár en áfengisneysla hefur farið vaxandi að sama skapi.





NÝTT Í HEILSUHÚSINU!

*Spatone, algerlega náttúrulegt fljótandi járn.*

Spatone er litlum skammtapokum og nægir einn á dag til að fullnægja járnþörf kvenna og stúlkna.

- *Spatone hentar afar vel eldra fólki.*
- *Spatone er kjörið fyrir þá sem eru að jafna sig eftir veikindi.*
- *Spatone er laust við öll aukaefni.*
- *Spatone veldur ekki óþægilegum aukaverkunum.*

heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



allt matur
Alla föstudaga



FIT • PILATES
Sléttur magi - Stinn læri
Lokuð byrjenda námskeið að byrja
Skráning í s. 896 2300 og á
www.elnka.is







SJÓNARHÓLL
gleraugnaverslun
í Hafnarfirði
www.sjonarholl.is
Líklega hlýlegasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla
2 fyrir 1
Heimspeki þessarar aldar er almenn þekking þeirra næstu !
Höfundur ókunnur
Reykjavíkurvegur 22
S.565-5970
Þar sem gæðagleraugu kosta minna
Mynd: Hellisgerði haust 2005



LLL

## Leið til léttara lífs

www.LLL.is

### LLL Lærðu að lifa létt

Offita er vandamál sem margir glíma við. Við hjá Hreyfigreiningu vitum að það eru ekki til neinar töfralausnir til að létta sig og halda þyngdinni. Margir hafa reynt allt mögulegt, en árangur orðið lítill, eða skammvinnur. Þó vitum við að margt fólk borðar tiltölulega mikið, en er þó alltaf tiltölulega grannt.

Til að ná tökum á þyngdinni til framtíðar þarf að breyta alveg um stíl. Það þarf að gera breytingar á mataræði, velja aðrar fæðutegundir, elda matinn öðruvísi eða borða á annan hátt. Einnig þarf að stunda hreyfingu eða líkamsrækt og oft þarf persónulega ráðgjöf næringarráðgjafa, lækna, og sálfræðinga til þess að leiðrétta stefnuna.

Við vitum að þetta er ekki einfalt mál sem leyst er í einni svipan með töfralausnum. Hér er um langtímaverkefni að ræða sem taka þarf föstum tökum og mörgum veitir ekki af aðstoð.

Faghópurinn sem stendur að LLL skólanum:



Sjöfn Kristjánsdóttir, lyflæknir og meltingarsérfræðingur
Jakobína Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari og rekstrarfræðingur
Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur
Sigríður Eysteinsdóttir, næringarfræðingur og næringarráðgjafi
Gunnur Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari

Þess vegna höfum við hjá Hreyfigreiningu sett upp það sem við köllum „lífsstílsskóla". Að kennslu í skólanum koma læknir, sjúkraþjálfari, sálfræðingur, næringarfræðingur og matreiðslumeistari, sem kenna hópnum og hverjum einstaklingi fyrir sig.

### LLL Leið til léttara lífs

Hér eru engar skyndilausnir á ferð. Um er að ræða þriggja ára þjálfun fyrir þá sem er alvara með að takast á við það ævilanga verkefni að koma sér í gott form, létta sig og halda því. Námið er miðað við hvern einstakling fyrir sig og kennsla fer fram bæði í einkatímum og hóptímum.

**LLL – leið til léttara lífs** er ætlað fyrir þá sem þurfa að ná stjórn á þyngdinni og hafa BMI yfir 30. Skráning í hópa stendur nú yfir og verður næsti hópur tekinn inn í byrjun árs 2006.

HREYFIGREINING
HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

**Desember**
er alveg að koma og því er tímabært að fara að kaupa jóladagatal fyrir börnin. Verslanir bjóða bæði upp á súkkulaðidagatöl og falleg myndadagatöl.



GÓÐAR GJAFIR



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur

LISTMUNASALA fold

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Heilsuhitapokinn
Ný kynslóð heilsubótar
100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverkjum og önnur eymsl.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR

**Sölustaðir:** Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar,Runni studio blóm Galleri Húsgögn, Snyrtistofan Helena Fagra, Snyrtistofan Ásýnd, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtilindin.



Þessi jólasveinn skemmti bæði sér og öðrum á laugardaginn.

# Jólaljósin tendruð í miðbænum

***Jólaljósin í miðbæ Reykjavíkur eiga sérstakan stað í hjarta margra borgarbúa. Á laugardaginn síðastliðinn voru þau tendruð við hátíðlega athöfn.***

Það ríkti skemmtileg stemning í miðborginni á laugardaginn þegar kveikt var á jólaljósunum í borginni. Í tilefni þess mættu nokkrir jólasveinar í heimsókn en eins og alþjóð veit er ekki von á þeim í bæinn fyrr en í desember. Þeir ákváðu hins vegar að taka forskot á sæluna og litu við í miðborginni.

Eftir að kveikt hafði verið á ljósunum var haldið í svokallaða ljósagöngu þar sem arkað var niður frá Hlemmi og að Þjóðleikhúsinu við söng og hljóðfæraslátt. Þar fór fremstur í flokki einn af elstu bílum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og átti hann að minna fólk á að fara varlega með eld um hátíðarnar.



Lúðrasveit sá um að koma fólki í þægilega jólastemningu.



Það er ekki á hverjum degi sem hestar eru teymdir niður Laugaveginn.

# Lærðu að föndra konfekt og kransa

***Á morgun og á fimmtudag verða haldin námskeið á vegum Mímis - símenntunar í jólakonfektgerð og jólakransagerð.***

Halldór Sigurðsson konditormeistari hefur umsjón með námskeiði í jólakonfektsgerð hjá Mími - símenntun. Á námskeiðinu verða gerðar nokkrar tegundir af jólakonfekti sem nemendurnir geta svo tekið glaðbeittir með sér heim. Konfektið er búið til úr ekta súkkulaði.

Á fimmtudaginn mun Hafdís Sigurðardóttir blómaskreytari hafa umsjón með námskeiði í jólakransagerð. Á námskeiðinu verða töfraðir fram fallegir jólakransar. Nemendur munu gera einn veglegan krans, hurðarеða aðventukrans sem þeir taka svo með sér heim. Á báðum námskeiðum er allt efni innifalið.



Allt má læra. Líka fagurgerð fyrir jólin.





allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Jólahlaðborð

Ekki missa af okkar landsfræga og margrómaða jólahlaðborði. Pantið tímanlega til að tryggja ykkur borð. Síðast komust færri að en vildu.

Á föstudags- og laugardagskvöldum er innifalið í verði; Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dansi, rútuferðir fram og til baka. Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning handa börnunum, frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.
Sértilboð fyrir hópa á fimmtudagskvöldum. Tilvalið fyrir vinnustaði, klúbba og félagasamtök. Fimmtudagskvöldin 1. des., 8. des. og 15.des. skemmtir hinn óviðjafnanlegi Raggi Bjarna ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni matargestum.

KORTER





4 glæsilegir salir - allt að 350 manns

Skíðaskálinn í Hveradölum
www. skidaskali.is - Netf. skidaskali@skidaskali.is

Uppl. og bókanir í síma
567 2020

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18**
**LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16**


BÍLAHORNIÐ



**Staðgreiðslutilboð 3.190.000**

Ford F-150 Crew Cap Lariat 5.4 árgerð 2004. Ekinn 49 þ. km. Sjálfskiptur, leður, topplúga, klædd skúffa, cruise control, bakkskynjarar og margt fleira. Stórglæsilegur bíll. Verð kr. 3.450.000. Staðgreiðslutilboð 3.190.000.

**Bílahornið**
**Funahöfða 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2400**
**www.bilahornid.is**



BÍLASALAN.IS



BMW 540 I Steptronic 6/2000, ek. 68 þ. km, leður, ssk., Xenon, þjónustubók. Verð 2.790.000. Allar nánari upplýsingar hjá bilasalan.is og á www.bilasalan.is og í símum 533 2100 & 866 5354.



M. Benz E 320 2000, ek. 93 þ. km, leður, lúga, ssk. Söluskoðun frá Ræsi athugasemdarlaus. Verð 2.490.000. Allar nánari upplýsingar hjá bilasalan.is og á www.bilasalan.is og í símum 533 2100 & 866 5354.




M.benz E 200 Kompressor Classic 6/2004, ek. 27 þ. km. Glerlúga, 17" álfelgur, ssk. Verð 3.890.000. Allar nánari upplýsingar hjá bilasalan.is og á www.bilasalan.is og í símum 533 2100 & 866 5354.

**Bílasalan.is**
**Stórhöfða 24, Reykjavík**
**Sími: 533 2100**
**Sími 5332100 og 8665354**
**www.bilasalan.is**



SPARI bill



Nýr '06 Chrysler 300 C 3,0 Disel. V6 Benz disel vél, 218 hö. Sjálfskiptur, leðurinnrétting, "18 álfelgur, Xenon ljós,allt rafknúið, "Sound System", ofl.ofl. Okkar verð: 5.130 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**



X4 ehf.



Mazda MPV nýr 7 manna bíll frá X4, sjálfskiptur, ríkulega útbúinn, nokkrir litir í boði til afhendingar strax. Verð. 2.990þús. Upplýs. 565-2500 og www.x4.is.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**


## Bílar til sölu




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com




**Nauðsynlegt í bílinn í kuldanum**

Sambyggt start-og hleðslutæki með loftdælu, 12 volt/ 17.2 Ah. 900 Amps. Hlaðanlegt á 240, 24 og 12 voltum. 17.5 bar. loftpressa. Verð aðeins kr. 12.301 m. vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1, Akureyri. Sími 464 8600.

Til sölu Toyota Land Cruiser 4,2l vél, gír & millikassi, hásingar með rafmagnslásum og fl. Uppl. í síma 662 2383.

Þarfnast viðgerðar. Toyota Hi-Lux, 4x4, bensín, árg. '94 og VW Transporter dísel, árg. '94. Uppl. í s. 894 0856.

## 0-250 þús.



Toyota 4Runner árg. '91, ek. 223 þ., V6, sjálfsk., 29" dekk, krókur. Tilboð 230 þ. stgr. S. 661 8197.



Toyota Corolla L/B '94, ek. 180.000, beinsk., nýskoðaður. Verð 220.000. S. 661 5661.

VW Golf '95 til sölu á 130 þús. Izuzu pickup árg. '91 selst fyrir lítið. S. 895 1666.

Lancer Glxi árg. '94, ek. 114 þús. Bíll í toppstandi. Verð 200 þús. Uppl. í s. 822 9969.

Nissan Primera '98, ek. 135 þ. Tilboð 300 þ.yfirtaka á láni. Uppl. í s. 691 9374.

Ódýrir góðir nýsk. bílar! Opel Vectra '93, 4 d., v. 60 þ. Accent '96, 5 d., ssk., v. 105 þ. S. 844 6609.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla st. '96 1.3, ek. 140 þús., beinsk., nýsk., geislsp. Tilboð 300 þús. S. 869 5331.



VW Polo árg. '99, 1,0V, ek. 70 þús. Nýtt púst. Ný dekk. Sk. '06. Ásett 450 þ. Tilboð 350 þ. S. 661 8185.



Toyota Yaris árg. '99, 1,0 vél, ek. 108 þ., sk. '06, CD, samlitur, ný dekk. Tilboð 490 þ. S. 821 6306.

## 500-999 þús.



Til sölu Benz S 300 '92. Verð 800 þús. Uppl. í síma 898 8835



Yaris Sol 2001, 5 d., CD, ek. 92, engin útborgun, bílalán 15 á mán eða 569 þ. stgr. S. 862 0650.



Toyota Yaris árg. '00, 1,0 vél, ek. 90 þ., sk. '06, CD, nýir diskar, ný dekk. Tilboð 590 þ. S. 661 8185.

## 1-2 milljónir

M. Benz 420 árg. '93, ekinn 240 þús. Leðuráklæði, rafmagn í sætum og rúðum, topplúga, sumardekk á 17" álfelgum, vetrardekk á 16" álfelgum. Verð 1.250 þús. Uppl. í s. 867 0251.

## 2 milljónir +



Porsche Cayenne 04/2004, ek. 31 þús. km. Eins og nýr. 18" sportfelgur, Xenon ljós, CD magazine, glertopplúga, metalic lakk o.fl. Ásett verð kr. 5.980 þús. stgr. kr. 5.350 þús. Sími 696 0044.



M. Benz C200 Kompressor Elegance árg. 2001, ek. 82 þús. 15" vetrardekk á felgum og 16" sumardekk á felgum. Áhv. 1.800 þús. Afb. ca 29 á mán. Ásett verð 2.490 þús. Uppl. í s. 897 0957.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl, helst ekki eldri en '93 á 0-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

## Jeppar




**Jeppaeigendur,**

drullutjakkar, tilvalið að hafa í jeppanum í ófærðinni. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is




Nýja eða nýlega jeppa færðu ódýrara hjá Islandus.com. Útvegum frá öllum helstu framleiðendum langt undir markaðsverði. Öflug þjónusta, allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com




Jeep Grand Cherokee 2005 með nýja laginu frá kr. 2.650.000! Valinn Jeppi ársins 2005 af bílablöðum í USA. Splúnkunýjir eða næstum nýjir lítið eknir Jeep bílar langt undir markaðsverði. Útvegum einnig frá öðrum framleiðendum, t.d. Ford og Hummer. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán fæst á alla bíla frá Islandus.com. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Sími 552 2000 www.islandus.com

GM hlutir til sölu: 6.5 turbo disel, 700 skipting, dana 60+44 framh., 12 bolta+d70 afturh., felgur og dekk og fl. Uppl. í síma 690 2833.

## Pallbílar




2006 Ford F150 Lariat kominn og fæst hjá Islandus.com undir markaðsverði! Einnig Dodge RAM og Toyota Hilux Diesel pallbílar á tilboðsverði. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað Við útvegum allar gerðir pallbíla t.d. Ford Explorer SportTrack, Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com www.islandus.com



Ford 350 King Ranch 2005, fullt af aukahlutum, lok á palli. Ekinn 22 þús. Verð 3.650 þús. + vsk. Uppl. í síma 897 1796 & 892 7009.

## Sendibílar



LDV sendiferðabifreið, turbo, diesel, árg. 95, kemur á götuna '96. Ek. 106 þús. Í mjög góðu ástandi. Tilvalinn sem húsbíll. Verð 650 þús. S. 581 1979 & 861 0096.

## Kerrur

Nýleg kerra til sölu 3,20x1,30 með sturtum og lítur út sem ný. Verð 150 þús. Uppl. í s. 823 3249.

## Vörubílar




## Mótorhjól



Yamaha WR450F '03. Mjög gott hjól sem verður að seljast, fer því ódýrt. V. 490 þ. S. 867 6845.

Kawazaki KXF árg. 2004, hlaðið aukahlutum, skipti athugandi á vélsleða. Uppl. í s. 867 7883.

## Vinnuvélar




**Hitamottur í bílsæti**

Eigum til sætishitamottur í bíla og vinnuvélasæti, 12v og 24v. Tengist í vindlingakveikjara. Verð 12 volt kr. 6.777- og 24 volt kr. 9.267-. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.





**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
**FRÉTTABLAÐIÐ**



# HVALFJARÐARGÖNGIN MINNISSTÆÐUST

*Gísli Gíslason hefur látið af störfum sem bæjarstjóri á Akranesi eftir tæplega tuttugu ár í stóli.* SJÁ BLS. 6

[ SÉRBLAÐ UM VESTURLAND – ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER 2005 ]

# veröld í vestri



## EFNISYFIRLIT


**Fann ekki rauðu húfuna**
BLS. 2 Útvarpsmaðurinn Óli Palli talar um æskuslóðirnar



**Landnámssetur í undirbúningi**
BLS. 4 Kjartan Ragnarsson ræðir um landnámssetur í Borgarnesi.

**Var mikil sundmanneskja**
BLS. 4 Helga Braga leikkona ólst upp á Akranesi.



**Saga daganna**
BLS. 4 Írskir, færeyskir og danskir dagar.

**Knattspyrnuhús rís**
BLS. 8 Skagamenn ætla að stórbæta íþróttaaðstöðu sína.

**Safnasvæðið á Akranesi**
BLS. 8 Jón Allansson hefur umsjón með fimm söfnum.

**Fegurð Borgarness er mikil**
BLS. 9 Borgnesingurinn Guðlaugur Þór Þórðarson í spjalli.

**Bætt skemmtanalíf**
BLS. 10 Ísólfur Haraldsson stjórnar Bíóhöllinni.

**Föndra jólakúlur**
BLS. 11 Eldri borgarar á Akranesi.

**Sauðkindinni fagnað**
BLS. 11 Gísli Einarsson og íslenska sauðkindin.

# Fann ekki rauðu skófluna sína

Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson á margar góðar minningar frá Akranesi. Hann vill auka vægi tónlistar við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson á margar góðar minningar frá Akranesi. „Fyrsta minningin var þegar ég var að leita að rauðu skóflunni minni. Ég leitaði að henni í tvö ár öðru hvoru. Ég var tveggja ára eða eitthvað svoleiðis og man mjög vel eftir þessu,“ segir Óli Palli.

„Ég var alltaf á þvælingi. Þetta var minni bær þá en í dag. Ég gekk frjáls um göturnar og var kannski full frjáls þegar maður lítur til baka. Ég man að ég hjólaði í leikskólann þegar ég var fimm ára, þegar ég átti heima á Garðabraut 26. Ég fékk hjól í afmælisgjöf þegar ég var fimm ára og kom við í Skaganesti áður en ég fór í leikskólann og keypti mér malt í nesti.“

Óli Palli flutti frá Akranesi árið 1991 en öll fjölskylda hans býr enn þar. Hann saknar þó ætt-móðurinnar Rannveigar Böðvarsson sem lést á dögunum og þykir voðalega skrítið að sjá hana ekki í eldhúsglugganum á Vesturgötunni.

Óli Palli er mikill rokkari, eins og þáttur hans Rokkland gefur til kynna. Hann segir að mikið af fólki sem starfi við tónlist í dag sé frá Akranesi. „Ef ég væri skólastjóri Fjölbrautaskólans myndi ég nota tækifærið og gera meira til að auka sérstöðu skólans sem tónlistarskóla. Hljómsveitakeppnin er stórmerkileg og þar er fullt af frábærum hlutum að gerast. Það mætti nýta hana miklu betur. Það er hægt að gera keppnina að aðlaðandi kvöldi fyrir þá sem hafa áhuga á músík og það eru hæg heimatökin myndi ég halda. Það mætti alveg útbúa kerfi þar sem fólk gæti farið á tónlistarbraut í tengslum



Ólafur Páll Gunnarsson er útvarpsmaður á Rás 2.



Þjóðlagasveit Akraness er skipuð fimmtán ungum stúlkum auk Bryndísar Bragadóttur píanóleikara, Ragnars Knútssonar bassaleikara og stjórnandans S. Ragnars Skúlasonar.

# Óvenjuleg þjóðlagasveit frá Akranesi slær í gegn

Þjóðlagasveit Tónlistarskóla Akraness er skipuð fimmtán ungum stúlkum. Sveitin hefur notið vaxandi vinsælda undanfarin ár.

Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi hefur notið vaxandi vinsælda undanfarið. Sveitin er skipuð fimmtán stúlkum á aldrinum þrettán til átján ára sem hafa stundað nám við strengjadeild skólans.

Þjóðlagasveitin er óvenjuleg að því leyti að hún er sambland af fiðluspili, söng- og talkór.

S. Ragnar Skúlason hefur stýrt sveitinni í núverandi mynd í rúm þrjú ár. „Listgreinin sem ég nota heitir málmótun, eða speech formation. Hún tengist framsagnartækni sem ég lærði sem felst í því að búa til söngkór, hljómsveit og talkór. Þarna er ég að tengja ljóðaformið við tónlistarformið,“ segir Ragnar, sem setti verkefnið af stað fyrir átta til níu árum síðan. Fékk hann til þess styrk frá menntamálaráðuneytinu.

Að sögn Ragnars er hann að reyna að brjóta upp hina hefðbundu tónlistarkennslu með því að halda þessari hljómsveit úti. „Þessar fimmtán stelpur eru allar í klassísku námi og til að gera yfirbragðið léttara hef ég farið þessa leið. Þessar stelpur hafa haldist í þessu, en oft missum við þessa krakka úr tónlistarskólanum á unglingsárunum. En þetta er upplifun fyrir þær,“ segir hann.

Þjóðlagasveitin, sem leggur aðaláherslu á tónlist frá Írlandi og Skotlandi, hefur farið víða að undanförnu. Á ágúst fór hún í tónleikaferð til Kaupmannahafnar og í sumar spilaði hún á þjóðlagahátíðinni á Siglufirði við frábærar undirtektir. Fyrir ári síðan var hún með tónleika í Borgarleikhúsinu og sumarið 2003 var hópnum boðið að spila í Skotlandi sem fulltrúi Akraneskaupstaðar. Einnig spilaði sveitin á vel heppnuðum tónleikum með Stefáni Hilmarssyni og Eyjólfi Kristjánssyni á Akranesi á dögunum. Þjóðlagasveitin hefur jafnframt gefið út tvær plötur og sú þriðja er væntanleg síðar í vetur.

## Aðventubasar í Stykkishólmi

Kvenfélag Stykkishólms heldur basar þann 27. nóvember í tilefni af fyrsta degi aðventu. Kvenfélagskonur hafa komið vikulega saman undanfarnar vikur til að undirbúa basarinn og mun afraksturinn líta ljós á sunnudag í formi handgerðra muna. Nemendur tónlistarskólans koma fram, auk þess sem boðið verður upp á heitt súkkulaði og pönnukökur. Allur ágóði af basarnum rennur til góðgerðarmála.



LÁTTU OKKUR FÁ ÞAÐ
ÓÞVEGIÐ
Umboðsmenn:
Heimahornið Stykkishólmi
Dalakjör Búðardal
Verslunin Hrund Ólafsvík
Helga Gunnarsdóttir Hólmavík
Múlakot Efnalaug
Efnalaugin Múlakot ehf.
Borgarbraut 55
310 Borgarnesi
Sími 437 1930

**heima er best } Orri Harðarson, tónlistarmaður**

## Var hálfa bernskuna í fjörunni

Tónlistarmaðurinn Orri Harðarson, sem hefur búið á Akureyri undanfarin ár, segir að Kalmansvík komi fyrst upp í hugann þegar hann hugsi til heimahaganna á Akranesi.

„Þar var ég hálfa bernskuna í fjörunni. Þetta var ekki fjara þar sem flestir voru og því var ég oft einn míns liðs,“ segir Orri.

„Þetta er sama hugsun og ég fékk þegar ég gerði Drög að heimkomu. Titillagið átti upphaflega að heita Kvöld í Kalmansvík. Fjaran þar er uppsprettan að því lagi,“ segir Orri, sem bjó í Hjarðarholti og síðan á Vogabraut. Stutt var því fyrir hann að fara út í fjöru að leika sér.

„Ólatún var þarna beint fyrir ofan þar sem hægt var að fara í fótbolta. Þarna voru líka hesthús. Þetta var fyrir daga hestahverfisins sem er lengra frá núna,“ segir hann.






# …þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

## *Vildarþjónusta* ***Sparisjóðsins***

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is.**

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**



Danskir dagar hafa verið haldnir í Stykkishólmi undanfarin tólf ár.

# Saga daganna

Nokkur bæjarfélög á Vesturlandi standa fyrir sérstökum hátíðum á hverju sumri til að minnast erlendra áhrifa frá fornu fari. Hver ætli sagan sé á bak við þessa daga?

FÆREYSKIR DAGAR hafa verið haldnir í Ólafsvík frá árinu 1998. Hátíðin er haldin fyrstu helgina í júlí ár hvert og er boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Upphaf hátíðarinnar má rekja til vetrarins 1998 er þrír Færeyingar og makar þeirra sem búa í Ólafsvík hófu undirbúning að nýrri hátíð.

Það er engin tilviljun að hátíðin sé tileinkuð Færeyingum því þeir tóku mikinn þátt í að byggja Ólafsvík upp. Frá 1954 til 1980 kom fjöldi Færeyinga til starfa á vertíðarbátum frá Ólafsvík. Flestir voru þeir árið 1958, eða um 120, sem gerir um tuttugu prósent af bæjarbúum.

ÍRSKIR DAGAR hófust á Akranesi árið 1999. Eru þeir haldnir aðra helgi júlímánaðar á hverju ári. Ástæða írsku daganna er sú að írsku bræðurnir Þormóður og Ketill Bresasynir námu land á Skaganum skömmu eftir 880. Bræðurnir voru af norskum ættum en bornir og barnfæddir á Írlandi. Fyrir í landnáminu voru Hrosskell Þorsteinsson og sonur hans Hallkell, sem numið höfðu land á Akranesi og ráku Bresasynir þá brott. Tveir írskir menn til viðbótar fengu land í landnámi Bresasona. Annar var Bekan og byggði hann bæ sinn á Bekansstöðum. Hinn hét Kalman og bjó í Katanesi og Kalmansá.

DANSKIR DAGAR hafa verið haldnir tólf sinnum í Stykkishólmi. Hátíðin er haldin um miðjan ágúst og hefur notið mikilla vinsælda.

Fyrr á öldum létu Danir mjög að sér kveða í Stykkishólmi. Kaupmaðurinn, apótekarinn og embættismennirnir voru allir danskir og settu þeir sterkan svip á bæjarlífið. Danirnir þóttu flestir afar virðulegir og þess vegna þótti fínt að tala dönsku í bænum. Allir hittust í kirkju á sunnudögum og þess vegna hefur oft verið sagt um Hólmara í léttu gríni að á sunnudögum tali allir dönsku og að þeir hafi á sínum tíma verið heldur snobbaðir. Danskir dagar eru haldnir til að minnast þessara tíma þegar dönsku áhrifin voru hvað mest í Stykkishólmi.

# Landnámssetur rís í Borgarnesi

Að undanförnu hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf í Borgarnesi og nágrannabyggðum varðandi nýtt safn sem opnað verður næsta vor. Er það svokallað Landnámssetur þar sem ætlunin er að fræða bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn um það hvernig þjóð varð til á Íslandi, afskekktri eyju lengst norður í höfum.

Hugmyndina að setrinu á Kjartan Ragnarsson, leikstjóri og nú ferðamálafrömuður. „Þetta byrjaði nú allt með því að við hjónin fengum þessa hugmynd og kynntum hana fyrir bæjaryfirvöldum í Borgarbyggð og í sveitum allt í kring. Þeim leist strax mjög vel á hugmyndina og réðu okkur til þess að vinna þróunarverkefni þar sem unnin var viðskiptaáætlun í kringum þessa hugmynd. Bæði ríkið og sveitarfélagið koma nálægt fjármögnun og hönnun verkefnisins ásamt einkaaðilum. Stofnað hefur verið hlutafélag í kringum Landnámssetrið þar sem sveitarfélagið og við hjónin eigum stærstu hlutina. Síðan sitja aðilar frá bæði ríki og sveitarfélaginu í stjórn hlutafélagsins". Að sögn Kjartans er heildarhugmyndin að byggja upp safn sem segir gestum á fræðandi og aðgengilegan hátt frá því hvernig Ísland byggðist.



Framtíðarsýn Landnámssetursins með tengibyggingu.

Setrið verður í Borgarnesi, nánar tiltekið í gamla pakkhúsinu. Staðsetning setursins er að mati Kjartans einkar heppileg þar sem Borgarfjörður er sögusvið glæsilegustu landnámssögu Íslendingasagna, Egils sögu.

Til að byrja með verður Landnámssetrinu skipt upp í tvær deildir. Annars vegar er það Landnámssýning sem verður á miðhæð Pakkhússins. Kjartan segir að á þeirri sýningu hafi sjónum verið beint á sjálft landnámið; hvernig Ísland fannst, hvernig norrænir menn fóru að því að rata um opin höf og hvers vegna landnámsmenn yfirgáfu fyrri heimkynni. Egilssýningin verður síðan í kjallara Pakkhússins og þar verður sagt frá helstu þáttunum í lífi Egils Skallagrímssonar og litið á ævintýraheim persónunnar sjálfrar. „Landnámssetrið verður í Pakkhúsinu en einnig verður veitingahús og snyrtiaðstaða fyrir gesti Landnámssetursins í Búðarkletti, sem er hús við hliðina á Pakkhúsinu. Nú er verið að byggja tengibyggingu sem liggur þar á milli. Setrið verður því í einni stórri byggingu þegar framkvæmdum lýkur".

Kjartan vill meina að eitthvað áþreifanlegt hafi vantað í Borgarnes sem ástæðu fyrir því að keyra ekki bara þar í gegn þegar fólk fer út á land. „Það fara allir í gegnum bæinn en það hefur hingað til vantað einhverja ástæðu til þess að stoppa. Vonandi verður Landnámssetrið til þess að fleiri eiga eftir að skoða það sem bærinn hefur upp á að bjóða".



Búðarklettur og Pakkhúsið eins og þau líta út í dag.

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI
ÖFLUG
fullorðinsfræðsla í heimabyggð
www.simenntun.is

Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar
opin alla daga kl. 07:00 – 22:00 í vetur
Færð og veður 1777
Textavarp síður 470–490
Talvél sími 1779
Engin gjöld eru tekin fyrir að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni
VEGAGERÐIN
www.vegagerdin.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

# ELTU EPLIÐ AÐ



# FULLU HÚSI MATAR

## alltaf gott - alltaf ódýrt

netto
allt í matinn á einum stað

Nettó Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd - Salahverfi Kópavogi

HÉR & NÚ / SÍA



Gísli Gíslason starfaði sem bæjarstjóri á Akranesi í tæp tuttugu ár. Hann segir tímabilið hafa verið bæði fjölbreytt og skemmtilegt.

# Hvalfjarðargöngin eru minnisstæðust

Gísli Gíslason hefur í næstum tuttugu ár gegnt embætti bæjarstjóra á Akranesi. Hann hefur nú látið af störfum og tekið við starfi hafnarstjóra Faxaflóahafna sf. sem á og rekur hafnirnar á Akranesi, í Borgarnesi, í Reykjavík og á Grundartanga. Við ræddum við hann um árin í starfi bæjarstjóra og hið nýja starf sem við honum blasir.

*Hvað kom til að þú ákvaðst að hætta störfum sem bæjarstjóri?*
Ég var nú búinn að gegna starfi bæjarstjóra í ein átján ár og tvö ár þar áður gegndi ég starfi bæjarritara þannig að ég var búinn að starfa í tuttugu ár fyrir Akranesbæ. Þetta er búinn að vera ansi fjölbreyttur og skemmtilegur tími. Síðan er það svo að þessi möguleiki kom bara upp núna á haustdögum að mér bauðst starf hafnarstjóra. Þetta er bara eins og gengur og gerist í lífinu, tækifærin skjóta upp kollinum og maður veit stundum ekki hvert maður stefnir eða hvar maður endar. Á endanum varð þetta sú niðurstaða sem allir aðilar gátu sætt sig við.

*Hvernig er staða Akranesbæjar í dag?*
Það er nú einu sinni þannig að þegar maður stendur á tímamótum eins og ég geri núna á mínum starfsferli þá er það auðvitað skemmtilegur bónus að eftir að hafa verið allan þennan tíma að störfum hjá Akraneskaupstað hefur staðan aldrei verið betri en einmitt þegar maður stígur upp úr stólnum. Þá er nánast sama hvert við horfum, það eru tækifæri í öllum hornum og töluverð aukning íbúa og aukinn fjöldi íbúðarhúsnæðis. Þá eru til viðbótar ýmsir áhugasamir aðilar sem vilja fá svæði á Akranesi til frekari uppbyggingar íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi. Það er því óhætt að segja að bærinn sé að stækka. Því er einnig hægt að halda fram með góðri samvisku að fjárhagur bæjarins hafi aldrei staðið betur frá landnámstíð. Það má því segja að allt ástand á Akranesi sé mjög gott nú um mundir og það sem betra er, það er hægt að horfa fram á veginn með töluverðri bjartsýni. Mörg spennandi tækifæri blasa við bænum og gaman verður að sjá hvernig bæjarfélagið vinnur úr þeim.

*Hvað hefði að þínu mati mátt betur fara?*
Í vaxandi og gróskumiklu samfélagi er það svo að verkefnunum lýkur aldrei. Menn hafa alltaf hugmyndir um hvað megi gera betur og hverju þurfi að stefna að. Ég hefði viljað sjá smáiðnað vaxa í auknum mæli á Akranesi, sem myndi fylla mjög vel inn í þá atvinnumynd sem er þegar til staðar. Nú er það reyndar svo að á Skaganum eru starfrækt mörg afskaplega góð smærri fyrirtæki en þeim mætti gjarnan fjölga að mínu mati.

*Hvað er þér minnisstæðast frá löngum ferli sem bæjarstjóri?*
Þegar maður lítur til baka leita ansi mörg af þessum bæjarmálum á mann. Einhvern veginn er það svo að maður man alltaf langbest eftir góðu stundunum og því sem vel hefur verið gert. Ég gæti auðvitað tínt til ýmis verkefni í skólamálum og íþróttamálum, svo dæmi séu tekin, sem hafa heppnast vel í gegnum tíðina. Þrátt fyrir það lendi ég nú alltaf í að staðnæmast við þetta gríðarstóra verkefni sem Hvalfjarðargöngin voru og eru enn. Það var einstakur heiður að fá að taka þátt í því verkefni með mörgu frábæru fólki. Enn fremur hefur það sýnt sig að frá opnun ganganna árið 1998 hefur orðið gjörbylting í ansi mörgum þáttum. Við getum til dæmis nefnt hugarfar fólks þar sem menn nýta sér þessa samgöngubót nú til dags í auknum mæli til að sækja vinnu eða nám. Síðan er auðvitað hitt sem hefur fylgt í kjölfarið að sameining orkufyrirtækjanna við Orkuveitu Reykjavíkur hefur haft gríðarlega þýðingu fyrir Akranessvæðið. Ég held því að göngin eigi eftir að virka í auknum mæli á þann veg að það opnist fleiri möguleikar fyrir fólkið sem býr á þessu svæði og verði hagkvæmt bæði fyrir svæðin norðan Hvalfjarðar og sunnan.

*Hvernig líst þér síðan á hinn nýja starfsvettvang?*
Nú er það svo að ég var á sínum tíma hafnarstjóri Akraneshafnar og Grundartanga og hef verið formaður hafnarsambands sveitarfélaga og verið í stjórn hafnarsambandsins í tíu ár þannig að ég er alls ekki ókunnugur hafnarmálum. Eg hef alltaf sagt að einn af skemmtilegustu þáttunum í starfi bæjarstjórans hafi verið aðkoma að hafnarmálum. Ég er því á þeirri skoðun að ég hafi lent á leikvelli sem er mjög spennandi. Þetta fyrirtæki, Faxaflóahafnir, býður upp á gríðarlega möguleika og hefur á að skipa öflugu starfsfólki þannig að fyrstu þrjár vikurnar hafa verið mjög fróðlegar og gefa




# Þekktir höfundar í Ólafsvík

Fjórir þekktir rithöfundar munu lesa upp úr nýjustu bókum sínum á Klifi í Ólafsvík á miðvikudagskvöld.

Árni Þórarinsson mun lesa upp úr bók sinni Tími nornarinnar, Þorsteinn frá Hamri les upp úr bókinni Dyr að draumi, Súsanna Svavarsdóttir les upp úr erótíska krimmanum Dætur hafsins og Þorsteinn J. mun lesa upp úr sögu sinni um fótboltakappann Guðna Bergsson, sem var lengi vel atvinnumaður á Englandi.

Tíundi bekkur grunnskólans á Ólafsvík mun sjá um kynningu á höfundunum og selja nýbakaðar vöfflur með rjóma ásamt heitu súkkulaði. Veitingarnar kosta 1.000 krónur en frítt er fyrir fimmtán ára og yngri. Ókeypis er á upplesturinn.



Súsanna Svavarsdóttir mun lesa upp úr bók sinni Dætur hafsins í Ólafsvík á miðvikudagskvöld.

# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!




**ÍSLENSK HLUTABRÉF**




**ÍSLENSK SKULDABRÉF-MEÐALLÖNG**

Sjóðir í sölu hjá Íslenskum verðbréfum hf. skiluðu góðri ávöxtun síðustu 6 mánuði eins og sjá má hér að ofan.

Athygli fjárfesta er vakin á því að nálgast má útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Skoðaðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Íslensk verðbréf hf. er eina sérhæfða fyrirtækið á sviði eignastýringar á Íslandi og stýrir í dag um 70 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar **www.iv.is**

## Eignastýring er okkar fag!

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • FAX 460 4717 • www.iv.is

# Á döfinni á Vesturlandi

**Bókaútgáfan Uppheimar** á Akranesi stendur fyrir bókakynningu í **bókabúðinni Iðu í Reykjavík 26. nóvember** næstkomandi. Til stendur að kynna bók Ara Trausta Guðmundssonar, Leiðin að heiman, og mun Ari Trausti lesa upp úr bókinni. Þá kemur út bókin Fólkið sem gat ekki dáið í þýðingu Gyrðis Elíassonar og mun hann lesa úr þýðingu sinni. Einnig les Bragi Ólafsson, bassaleikari og rithöfundur, upp úr bók kollega síns, Paul McCartney, sem nefnist Uppi í skýjunum. Hefst kynningin kl. 14.

Sunnudaginn **27. nóvember** mun **skólahljómsveit Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi** halda kaffitónleika í skólanum. Leikin verða djass- og popplög auk jólalaga í tilefni aðventunnar. Aðgangseyrir er 1.000 kr. og innifalið í verðinu er kökuhlaðborð, drykkir og tónlist. Tónleikarnir hefjast kl. 15.15.

**4. desember** verða útgáfutónleikar **Kristjönu Stefánsdóttur** söngkonu og **Agnars Más Magnússonar.** Þau gáfu á haustmánuðum út diskinn **Ég um mig**, sem inniheldur sígild popplög í eigin djassútsetningum. Platan var hljóðrituð í New York fyrr á árinu og með þeim á plötunni spila þeir Drew Gress bassaleikari og John Hollenbeck trommuleikari. Tónleikarnir fara fram í **Tónlistarskólanum á Akranesi** og hefjast kl. 20.

Eftir langar og strangar samningaviðræður mun **Bíóhöllin á Akranesi** vera með sérstakar forsýningar á nýju Harry Pottermyndinni: Harry Potter and the Goblet of Fire. Sýningarnar verða haldnar **23. og 24. nóvember.** Nánari miðasala verður auglýst síðar. Bíógestir verða að bregðast fljótt við þessum fregnum þar sem miðar munu væntanlega rjúka út eins og heitar lummur.



Knattspyrnuhöll í byggingu á Akranesi. Að sögn Harðar Jóhannessonar hafa framkvæmdir á svæðinu gengið vel.

# Uppbygging íþróttamannvirkja á Skaganum

Þeir sem keyrt hafa í gegnum Akranes hafa vafalaust tekið eftir þeim framkvæmdum sem nú fara fram á Íþróttasvæði Akurnesinga. Þar rís nú stærðarinnar fjölnota íþróttahús í fullri stærð á því svæði sem gamli malarvöllurinn stóð áður.

Að sögn Harðar Jóhannessonar rekstrarstjóra íþróttamannvirkja á Akranesi hafa framkvæmdir gengið nokkuð vel.

„Fyrsta skóflustungan var tekin 3. júní og þetta hefur gengið nokkuð vel. Reyndar tók grunnurinn lengri tíma en menn héldu vegna þess hve langt niður þurfti að grafa. Byggingaraðilar eru á fullu þessa dagana að vinna við steypuframkvæmdir. Það á eftir að ganga vel svo lengi sem það frýs ekki að neinu ráði. Heildarstærð hússins verður 9.000 fermetrar. Fótboltavöllurinn verður um 7.000 fermetrar en síðan er fjögurra brauta hlaupabraut öðru megin í húsinu og þar eru einnig áhorfendabekkir sem hægt verður að draga út og koma fyrir um 500 manns“.

Hörður segir að kostnaður við húsið sé töluverður. „Við tókum tilboði SS-Verktaka sem hljóðaði upp á um 370 milljónir. Vonandi gengur það eftir.“ Húsið verður að öllu leyti í eigu bæjarins og munu tímarnir í húsinu verða seldir íþróttafélögunum á svæðinu.

Hörður nefnir einnig að stefnt sé að frekari uppbyggingu á íþróttamannvirkjum Skagamanna á næstu misserum. „Meiningin er að á næstu fimm til sex árum verði byggt knattspyrnuhúsið sem nú er byrjað á. Einnig verður farið í framkvæmdir á átta brauta innisundlaug sem verður staðsett við endann á núverandi sundlaug. Einnig er stefnt að því að byggja svokallaða tengibyggingu sem myndi tengja saman knattspyrnuhúsið annars vegar og það íþróttahús sem nú er til staðar hins vegar. Í þessari tengibyggingu yrði því eins konar anddyri fyrir iðkendur íþróttasvæðisins hvort sem þeir væru að koma til æfinga í knattspyrnuhúsi, íþróttahúsi eða sundlaug. Þá myndi byggingin einnig gegna hlutverki aðkomusvæðis fyrir aðra gesti sem væru að koma að sjá fótboltaleiki á sumrin eða aðra viðburði. Einnig eru búningsklefar og líkamsræktarstöð inni í þessari byggingu.“

Á þessu er ljóst að með komu þessara húsa mun hið fjölbreytilega íþróttamannlíf Akurnesinga blómstra en frekar.



Jón Allansson hefur umsjón með safnasvæðinu á Akranesi.

# Einstakir munir og merkileg saga

Safnasvæðið á Akranesi hefur skapað sér ákveðinn sess í menningarlífi Akurnesinga á þeim stutta tíma sem það hefur verið starfrækt. Að sögn Jóns Allanssonar, forstöðumanns safnasvæðisins, byrjaði þetta allt árið 1959 með stofnun Byggðasafns Akraness og nærsveita. „Árið 2001 var safnaskálinn tekinn í notkun og þá má segja að Safnasvæðið hafi opinberlega verið opnað. Síðan hefur verið mikil uppbygging á svæðinu.“

Á Safnasvæðinu eru rekin fimm söfn. Þau eru, auk Byggðasafnsins, Íþróttasafn Íslands, Landmælingasafnið, Steinaríki Íslands og Hvalfjarðargangasafn. Að sögn Jóns, sem hefur verið umsjónarmaður svæðisins frá upphafi, kennir margra grasa á svæðinu.

„Við erum með ýmsa góða gripi hér. Þar má nefna gömul hús sem sum hver hafa verið endurgerð og önnur sem á eftir að gera upp. Svo erum við líka með Kútter Sigurfara sem er eini varðveitti kútter sem eftir er á landinu. Einnig er á safninu gott úrval sjóminja. Þar má nefna skipslíkön, fallbyssu af varðskipi og togvíraklippur úr þorskastríðum Íslendinga við Breta.“

Safnasvæðið er opið allan ársins hring og segir Jón að aðsókn hafi aukist ár hvert. „Í fyrra komu á safnið rúmlega 26.000 manns og eru um fjörutíu prósent þeirra útlendingar.“ Spurður hvað af safngripunum dragi til sín mesta athygli vill Jón meina að Steinaríkið og Byggðasafnið séu þau söfn á svæðinu sem höfði helst til útlendinga. „Við fáum einnig mikið af skólakrökkum til okkar og hjá þeim er Íþróttasafnið langvinsælast þannig að smekkur manna er misjafn.“ Safnið er opið alla virka daga frá klukkan 10-17 á sumrin og frá 13-17 á veturna.

*Langar þig ekki að njóta hátíðanna með ástvinum þínum í öðruvísi umhverfi undir Snæfellsjökli. Verið velkomin í H-Hús á Arnastapa, í Stykkishólmi og í Ólafsvík.*

H-HÚS Heillandi og hlý

all senses

Gsm: 8949284 • Fax: 4366924 • E-mail: hhusin@simnet.is

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

**heima er best }**



# Manneskju-legur bær

## Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður er borinn og barnfæddur í Borgarnesi. Að hans mati er það fegurð Borgarness sem stendur upp úr meðal hinna mörgu kosta bæjarins. „Það er mjög gott fólk sem býr þarna og svo finnst mér Borgarnes afskaplega fallegt bæjarstæði og fallegur bær.“ Guðlaugur segir enn fremur að það hafi verið mjög gott að alast upp í bænum. „Það sem stendur upp úr þegar maður hugsar til baka er að þetta var allt mjög manneskjulegt. Ef eitthvað kom upp á og foreldrarnir voru ekki heima þá annað hvort gekk maður einfaldlega á vinnustaðinn þeirra eða fór til konunnar í næsta húsi. Þá er þetta þannig bær að það þekkja allir alla, þannig að ef maður var kominn út í búð og hafði óvart gleymt pening var lítið mál að fá skrifað hjá kaupmanninum. Það hafði svo sannarlega sína kosti,“ segir Guðlaugur, sem hugsar aftur til barnæskunnar í Borgarnesi með mikilli hlýju.





Starfsfólk okkar vítt um Vesturland er sterk liðsheild sem leggur metnað sinn í að vera til staðar fyrir viðskiptavini með vörur og þjónustu sem veita bæði farartækjum og viðskiptavinum hressandi kraft og öryggi. **Við gerum betur.**

**Shell - með þér alla leið**




**ÍSTAK hf.** · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is

# Fjölbreyttara skemmtanalíf

Bióhöllin á Akranesi hefur verið sífellt meira áberandi í skemmtanalífi Skagamanna að undanförnu. Ísólfur Haraldsson segir að áhuginn á hinum ýmsu viðburðum hafi aukist til mikilla muna.

Bíóhöllin er eitt elsta kvikmyndahús landsins, byggt árið 1942. Húsið rúmar um 270 manns í sæti og er vel tækjum búið. Kvikmyndasýningar í húsinu eru fjórum til sjö sinnum í viku en undanfarið hefur húsið verið notað til tónleikahalds, leiksýninga, fundahalda og annarra viðburða.

Ísólfur Haraldsson tók við rekstri Bíóhallarinnar fyrir fjórum árum, þegar skemmtanahaldið á Skaganum var í töluverðri lægð. Hann segir að rekstrarumhverfi hallarinnar hafi breyst og nú sé hún rekin eins og hvert annað fyrirtæki. „Inn í þetta er komin tækjaleiga, hljóðkerfaleiga og umboðsskrifstofa þar sem við erum að hjálpa hinum og þessum að koma upp viðburðum," segir Ísólfur. „Við höldum viðburði eins og Lopapeysurnar, sem er árlegt ball á Írskum dögum niðri á bryggju, og síðan höldum við Septemberfest í samvinnu við ÍA."

Dagana 23. og 24. nóvember verður forsýnd í Bíóhöllinni stórmyndin Harry Potter and the Goblet of Fire, á undan öðrum kvikmyndahúsum. „Það er ekkert sjálfgefið að við fáum að sýna svona mynd. Ef ég hefði beðið um það fyrir þremur árum hefði það líklega ekki gengið. Við höfum verið að vinna mikið með Sambíóunum, Myndformi og Skífunni og þessi fyrirtæki hafa komið vel til móts við okkur," segir Ísólfur og bætir því við að síðustu vikur hafi verið mjög viðburðaríkar.

„Það hafa verið fimm tónlistarviðburðir, eitt leikrit og fullt af bíósýningum. Þetta kemur í rosalegum kippum."

Á meðal tónlistarviðburða voru tónleikar með Írafári, minningartónleikar um Karl Sighvatsson og tónleikar með Stefáni Hilmarssyni og Eyjólfi Kristjánssyni, sem heppnuðust allir mjög vel. Er Bíóhöllin sögð henta vel til tónleikahalds, sér í lagi vegna stærðarinnar og hljómburðarins sem ekki ómerkari menn en Bubbi Morthens hafa hrósað mikið.



Stebbi og Eyvi stóðu sig vel í Bíóhöllinni.

Aðspurður segir Ísólfur að skemmtanalíf Skagamanna sé orðið mun fjölbreyttara en áður. „Þetta er svart og hvítt miðað við hvernig þetta var 2001. Núna hefur bærinn stækkað og það eru fleiri farnir að gera einhverja hluti. Það spilar allt saman ef fleiri koma að þessum viðburðum en bara við."



Ísólfur Haraldsson hefur séð um rekstur Bíóhallarinnar frá árinu 2001 með hjálp félaga sinna.



Rokkhljómsveit frá Borgarnesi á forvarnarballinu sem var haldið á dögunum við góðar undirtektir.

# Unglingar skemmta sér án vímuefna

Á dögunum fór fram æskulýðs- og forvarnaball í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi sem haldið var á vegum félagsmiðstöðvarinnar Óðals og nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi. Að sögn Indriða Jósafatssonar, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa í Borgarnesi, var ákveðið að hafa þema tónleikanna að þessu sinni áróður gegn reykingum. Áhersla var lögð á að benda á þá hættu sem reykingar geta valdið eins og til dæmis auknar líkur á krabbameini. Til að minna rækilega á þetta voru kirkjurnar í Borgarnesi og á Borg á Mýrum sem og Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi upplýstar með bleikum lit þetta kvöld. Unglingar úr félagsmiðstöðinni Óðali áttu veg og vanda af skreytingum í Íþróttamiðstöðinni og þegar dagur var að kveldi kominn og unglingarnir mættir á skemmtunina var Íþróttamiðstöðin nánast óþekkjanleg.



Mikið fjör var á ballinu, sem fór mjög vel fram.

Alls mættu um 450 ungmenni á ballið frá flestum skólum í sveitinni og tókst skemmtunin afskaplega vel í alla staði. Dagskrá kvöldsins byrjaði með glæsilegum söng- og dansatriðum frá nemendafélögum skólanna. Þar sást bersýnilega að margir ungir og efnilegir listamenn úr héraðinu eiga áreiðanlega eftir að vekja töluverða athygli í framtíðinni. Þar á eftir lék ein vinsælasta hljómsveit landsins, Í svörtum fötum, fyrir dansi til miðnættis. Að lokum fengu allir ballgestir barmmerki að gjöf frá Vímuvarnanefnd Borgarbyggðar sem á stóð „Ég hugsa... Ég reyki ekki".

Ljóst er að allir þeir sem sóttu samkomuna geta verið stoltir þar sem engin agavandamál komu upp. „Þessi samkoma gefur mjög jákvæða mynd af unglingum sem tóku þarna þátt í að setja upp forvarnarhátíð eins og unglingar vilja hafa hana og gefur góð fyrirheit um að unglingum er alls ekki sama um að vinir þeirra séu að reykja eða neyta vímuefna. Aldrei má slaka á áróðrinum, alltaf koma nýir unglingar inn á jaðarsvæðin og þetta er meðal þess sem við erum að gera hér í forvarnarmálum," sagði Indriði að lokum.



# Föndra jólakúlur og stunda perlusaum

Jólaundirbúningurinn er í fullum gangi á Akranesi eins og víða um land. Á meðal þeirra sem standa í slíkum undirbúningi er hópur eldri borgara sem hittast tvisvar sinnum í viku og föndra allt á milli himins og jarðar.

Júlía Baldursdóttir er umsjónarmaður hópsins, sem er starfrækt-ur af Akranesbæ. Hún segir að ýmis námskeið séu í boði, þar á meðal í leir- og glerlist. Einnig getur fólk stundað perlusaum, kertamálningu, kortagerð og jólakúlugerð. Kúlurnar, sem eru hengdar upp í glugga, eru ætlaðar til jólagjafa en ekki til almennrar sölu. „Þetta byrjaði fyrir yfir tuttugu árum síðan og er ennþá að þróast. Við vorum til margra ára á Dvalarheimilinu Höfða, þangað til fyrir þremur árum. Þá fengum við félagsaðstöðu Félags eldri borgara við Kirkjubraut 40,“ segir Júlía. „Við hvetjum fólk líka til að koma með sína eigin handavinnu til að fá félagsskapinn. Við bjóðum upp á kaffi og með því á vægu verði og ágóðann notum við til að kaupa ýmis tæki, til dæmis mót fyrir glerbræðslu og ýmislegt í sambandi við kortagerð. Við erum mjög vel útbúnar í hvað sem er og kaffisalan hefur hjálpað mjög upp á,“ segir Júlía. Hún bætir því við að konurnar sem mæti á námskeiðin hjálpi henni líka við að leiðbeina hinum. „Ég kemst ekki yfir allt og þær styðja hvor aðra. Það er skemmtilegt andrúmsloft hvað þetta snertir og þær gera þetta með glöðu geði.“



Jólakúlurnar fallegu sem eldri borgararnir föndra eru ætlaðar til jólagjafa.



Gísli Einarsson dagskrárgerðarmaður vill veg sauðkindarinnar sem mestan.

# Sauðamessa afar vinsæl í Borgarnesi

Sauðkindin hefur verið stór hluti af lífi Íslendinga frá því að fyrstu landnámsmennirnir stigu fæti á íslenska jörð. Þessu gera Borgnesingar sér grein fyrir og á undanförnum tveimur árum hefur verið haldin í bænum svokölluð Sauðamessa þar sem íslenska sauðkindin er vegsömuð og dáð.

Gísli Einarsson dagskrárgerðarmaður hefur haldið utan um skipulag þessarar hátíðar, sem hann segir hafa heppnast einstaklega vel nú í október. „Þannig var nú mál með vexti að við fórum að ræða það hvernig við gætum blásið frekara lífi í Borgarnes með uppákomum af einhverju tagi. Við komumst síðan að þeirri niðurstöðu að sauðkindinni, sem hefur haldið lífinu í þjóðinni í gegnum aldirnar, hefði ekki verið gert nógu hátt undir höfði. Því ákváðum við að fagna sauðkindinni með ýmiss konar sauðshætti,“ segir Gísli og hlær. Hann segir undirtektirnar hafa verið nokkuð góðar og menn séu jafnvel jákvæðir á því að endurtaka herlegheitin að ári. „Reyndar hefur gamla mjólkursamlagshúsið, sem við höfum notast við seinustu tvö ár, verið tekið undir aðra starfsemi. Það stendur hins vegar til að byggja reiðhöll í bænum og með tilkomu hennar verðum við síður háðir veðri og vindum. Þessi hátíð hefur verið mjög vel sótt og á seinasta ári voru gestir um fimm þúsund talsins. Aðstaðan varð hins vegar allt of lítil með öllum þessum fjölda. En ef reiðhöllin verður komin upp fyrir næsta haust held ég að það verði engin spurning um að við höldum Sauðamessu að ári.“




EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.
**sjovastrax.is** - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.

SJÓVÁ STRAX

GOTT FÓLK McCANN



# Áhugaverð störf hjá Norðuráli

Vegna stækkunar álvers Norðuráls viljum við ráða fólk til almennra starfa við álframleiðsluna. Í boði eru tímabundin störf og framtíðarstörf. Einnig óskum við eftir rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarfólki á rannsóknarstofu.

**Til hvers ætlumst við af þér?**
Við leitum að áhugasömu fólki sem vill vinna að krefjandi verkefnum og vaxa í starfi. Lipurð í samskiptum, metnaður til að ná árangri og vilji til að axla nýja ábyrgð eru skilyrði.

**Hvað veitum við þér?**
Við bjóðum þér gott og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki í miklum vexti. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Sérstök áhersla er lögð á starfsþjálfun. Atvinnuöryggi er mikið, tekjur traustar og laun þín eru að hluta árangurstengd. Ennfremur greiðir fyrirtækið þér aukið framlag í séreignasjóð.

**Jafnrétti**
Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

**Hvenær þurfum við að fá umsókn þína?**
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 30. nóvember n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is. eða póstlagt umsóknina, merkta: Atvinna.

**Trúnaður**
Við förum með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

*Norðurál á Grundartanga er einn af stærstu vinnustöðum á Vesturlandi og fyrirtækið skipar öflugan sess í samfélaginu. Norðurál leggur ríka áherslu á öryggismál og er ströngum öryggisreglum fylgt á öllum sviðum starfseminnar. Um þessar mundir er unnið að stækkun Norðuráls sem felur í sér meira en tvöföldun á framleiðslugetu álversins. Áætlað er að gangsetning hins nýja hluta álversins hefjist um miðjan febrúar 2006.*

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR



Til sölu ný 18v Dewalt rafmagnsverkfæri í tösku. Upplýsingar í síma 864 7806 eða 663 7706.

Hilti kjarnavél stór með nokkrum borum, á góðum standi. Verð 350 þús. stgr. Uppl. í s. 894 0856.

## Til bygginga

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

**Trésmíðavél.**
Sambyggð lítil einfasa trésmíðavél til sölu. Er nýleg. Uppl. í s. 868 1313.

## Verslun




## Fyrirtæki

Ís-Café við Suðurlandsbraut er til sölu. Verð aðeins 6,5 milj. Uppl. í síma 6611902

## Heildsala

**Bókabúð Grímsbæ**

25% afsláttur af öllum leikföngum í nóvember.

ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46
Hreingerum, bónum, þrífum glugga og eftir iðnaðarmenn, sjáum um flutningsþrif.
Þvegillinn, stofnað 1968, sími 544 44 46.

## Ræstingar

Íslandsþrif
Alhliða verktækni á sviði ræstinga.
Steinteppaþrif, þrif á náttúrustein, marmara og teraso. Olíuberum parket. Bónleysing, gólfbón, og bónslipun. Flutnings og nýbyggingar þrif. Dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum.
SÍMI 561 8000.

**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur,teppahreinsun,bónvinna, o,fl Húsfélagaþjónustan ehf s: 863-8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reiknishald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

## Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

**Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.**
Skattskil og bókhaldsþjónusta Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna.
**SÍMI 517 1030 OG 822 9670**
**Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670**
**kaflaskipti@rsg.is**

## Málarar

MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ
Er málarinn þinn Meistari?
malarar.is
S: 568 1165

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars.
S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Protan þakdúkar
Lett-Tak þakeiningar
FAGTÚN
Brautarholt 8, 105 Reykjavík
fagtun@fagtun.is - www.fagtun.is

STEINSTEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
Bæjarlind 8 112 RVK
www.sagtaekni.is
S. 567 4262 & 893 3236

BROT BORTÆKNI
www.bortaekni.is
Bortækni
S:892-7544
Allhliða Þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

Þök, gluggar, hurðir, veggir, parket og gólf. Smíðalausnir Jósep 899 3011.

**Húsaviðhald.**
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa-& parkertlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Flísalagninga fyrirtæki. Tökum að okkur allar flísalagnir. S. 861 7294 & 691 2326.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, glerja. Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Nudd

**Nuddið.**
Líkaminn þarfnast slökunar eftir daglega streitu! Nú er forgangsröðin komin að ykkur! Benedikt Bjarnason 867-1291.

## Snyrting

MECCA SPA
Gel neglur!
Sterkar og fallegar
Nýbýlaveg 24 : 200 Kópavogur : Sími 511 2111
Hótel Saga : Hagatorgi Sími 564 1011
www.meccaspa.is

MECCA SPA
Brasilískt vax
Nýbýlavegi 24 : 200 Kópavogur
Sími 511 2111 : fax 581 1171
www.meccaspa.is

## Spádómar

SPÁMIÐILL
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA.
905-7010 697-8602

**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# STÓRMARKAÐUR Í STOFUNNI HEIMA

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Múrarar

FLÍSALAGNIR
sími 698 0111

## Rafvirkjun







## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjólveggjum og allri almennri gipsvinnu. Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir næsta sumar. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.

## Önnur þjónusta




## HEILSA

## Heilsuvörur







15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu 2 franskir sófar og 2 hliðarborð. Vel með farið. Uppl. í s. 896 1306.

Til sölu 3+1 sófas. 2ja ára úr Sætum sófum. Verð ca 55 þús. Sími 698 7437.

Til sölu sófasett 3 + 1 fæst ódýrt. Sími 868 5128.

Til sölu beykiskápasamtæða sem hægt er að raða saman að vild. 2 glerskápar með ljósum, 1 kommóða, 1 lokaður skápur, hár mjór glerskápur, opinn lár skápur og veggfest hilla með ljósi. Selst á kr. 45.000. Uppl. í síma 482 2297 & 866 4893.

## Heimilistæki

BetraHeimili

Betra verð á nuddbaðkörum, sturtuklefum, nuddpottum, baðinnréttingum og eldhúsinnréttingum hjá Betra Heimili. Upplýsingar í síma 517 4600.



Ísskápur til sölu h.137, b.53. Upplýsingar í síma 694 4689.

## Dýrahald



Hvolpa- og hundagrindur með og án hurða. 3 stærðir, Dýrabær Hlíðasmára 9. www.dyrabaer.is


## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 989 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

| | |
|---|---|
| Hamborgarabúllan allir kátir **Hamborgarabúlla Tómasar** | Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar. **Gler-í-gegn.** |
| Góðan daginn. **Herrafataverslun Birgis.** | Þroskandi jólagjafir fyrir unga sem aldna. **Skólavörubúðin.is** |
| Glerlist.is **Gler_í_gegn** | Stuttfrakkar **Herrafataverslun Birgis.** |
| Ný vetrardekk á góðu verði. **Sólning.is** | Hamborgarabúllan ástakveðjur **Hamborgabúlla Tómasar** |
| Flauelsbuxur. **Herrafataverslun Birgis.** | Baðmottur, 50% afsláttur. **Baðheimar, Fosshálsi.** |
| Allt fyrir kaffistofuna. **Kerfi 564-1400** | Dagljósarlampar með stækkunargleri. **Skólavörubúðin.is** |
| Villeroy&Boch hreinlætistæki. **Baðheiamar Fosshálsi.** | Hamborgarabúllan áfram Ísland **Hamborgarbúllan Tómasar** |
| Réttur dagsins hamborgarar **Hamborgarabúlla Tómasar** | Ert þú að auglýsa á réttum vef? **Smart.is** |
| Baðkör í úrvali. **Baðheimar, Fosshálsi.** | Fjölbreytt úrval. **Gler_í_gegn.** |
| Útsala, útsala 25% afsláttur. **Róbert bangsi.** | Ert þú smart á netinu? **Smart.is** |
| Jakkaföt **Herrafataverslun Birgis.** | |

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.



# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fiton/SÍA F014416

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**



Vegna sérstækra aðstæðna vantar Dalmatiner par gott heimili. Ræktunarhundar. Upplýsingar í s. 893 3985.



Dalmatiner hvolpa vantar gott heimili. Hreinræktaðir og ættbókarfærðir. Myndir: http://www.hibyliogskip.is Upplýsingar í s. 893 3985.

Til sölu 8 vikna poodle hvolpar. S. 663 4085 og 862 8088 e. kl. 18.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is







## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu: www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Björt og falleg 90 fm íbúð til leigu á Vesturgötu. Reyklaus, 110 þús. á mán. Laus. Ómar, s. 861 3100.

Til leigu 4ra herbergja sérhæði í Reykjanesbæ, laus strax, greiðslur í gegnum greiðsluþjónustu skilyrði. Uppl. í s. 892 2295 & 895 6442 e.kl. 16.

Nokkuð stórt herbergi til leigu að Rafstöðvarvegi 29 inn við Elliðaár. Uppl. gefur Guðjón í s. 895 2485 eða 567 0500 gudjon@tanni.is

## Húsnæði óskast

**Snyrtileg íbúð óskast.**
Óskum eftir snyrtilegri 2ja herbergja íbúð, (ekki í kjallara) í langtímaleigu á höfuðborgarsv. Á verðbilinu 55-60 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 699 2778.

Bókasafnsfræðinema m/ kött vantar húsnæði á rólegum stað á svæði 107 eða 170. Frá áramótum. ebw1@hi.is

Óska eftir 3 herb. íbúð miðsvæðis. Reglusemi, skilvísar greiðslur og fyrirframgreiðsla ef óskað er. S. 834 0644.

Háskólanemi með 2 börn óskar eftir 3 herb. íbúð á svæði 101 eða 107. Reyklaus. Uppl. í s. 868 5927.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 206 fm við Réttarholtsveg 3 í Rvk. http://www.rettarholtsvegur.com eða í s. 898 3677.

## Geymsluhúsnæði







Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsavinna**
Vegna anna viljum við bæta við okkur í eftirtalin störf. Pizzabakari fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Ýmis störf í boði**
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Vantar þig góða vinnu?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

kynning ...sjáumst!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 869 1641. Einnig má senda umsóknir á thoranna@kynning.is eða á kynning@kynning.is

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

VÉLVÍK

**Rennismiður óskast-framtíðarstarf**
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

**Atvinna í boði**
Vífilfell óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustudeild fyrirtækisins til lok ágúst 2006. Í starfinu felst m.a að fara á milli staða og hreinsa gos og bjórdælur.
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Nánari upplýsingar í síma 525 2500**

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum.
Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.
**Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í sal. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

HEIMIR og ÞORGEIR
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

Reyndan húsasmið vantar í starf verkstjóra. Upplýsingar gefur Jens í síma 696 9955.

**NK kaffi kringlunni.**
Starfsfólk óskast á NK Kaffi í Kringlunni í fullt starf, einnig vantar í helgarstarf. Ekki yngri en 18 ára.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 9040 & 693 9091.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í afgreiðslu sem fyrst. S. 555 0480. 896 9808.

**Breiðholtsbakarí.**
Óskum eftir að ráða bakara.
**Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 892 1031.**

**NASA - NASA**
Okkur vantar barþjóna, skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Uppl. á Nasa við Austurvöll og í síma 511 1313.
**Nasa þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að djamma.**

**NASA - Ræstingar**
Okkur vantar fólk í ræstingar. Mikil vinna.
**Upplýsingar á staðnum Nasa við Austurvöll og í síma 511 1313.**

SUBWAY

**Skemmtileg vinna!!**
Okkur vantar fólk í vinnu. Um er að ræða vaktavinnu, bjóðum uppá breytilegar vaktir og sveiganlegan vinnutíma. Vaktir sem hægt er að sníða að þínum þörfum! Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um.
**Umsóknir á staðnum eða á subway.is**

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7.30-13 og 13-18.30. Áhugasamir hafi samban við Sigríði í síma 699 5423.

Skólafólk. Heildsala óskar eftir fólki í vinnu í jólafríinu og einnig í aukavinnu eftir jólin. Umsóknir sendist til Fréttablaðsins á smaar@smaar.is á e-mail merkt "vinna 12"eða í síma 530 3500.

Örlagalínan óskar eftir miðlum og tarotlesurum á línuna. Einungis fólk með reynslu kemur til greina. Sendið póst á bjork@avk eða hringið í síma 863 8055.

Bráðvantar duglega manneskju í heimilisstörf. Þrif og þvottur - góð laun í boði. S. 899 7739.

**Sjómenn**
Tvo vana háseta vantar á Eldhamar til netaveiða frá Grindavík strax. Uppl. í s. 894 2013.

Vanan háseta vantar á Núp BA-69. Upplýsingar hjá skipstjóra í s. 852 2203 & 893 5458.

**Café Oliver**
Óskum eftir áhugasömu og vönu starfsfólki við matreiðslu í eldhúsið okkar. Uppl. gefur Eggert í síma 898 1960 eða á eggert@cafeoliver.is

**Bóka- og ritfangaverlsun**
Bóka- og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn og einnig eftir hádegi. Svör sendist Fréttablaðinu, eða á smaar@visir.is merkt "bók"

**Sólbaðstofa**
Óskum eftir starfskröftum eftir hádegi og á kvöldin í sólbaðstofu og fataversl-un. Uppl. í s. 862 4464.

## Atvinna óskast

Smiðir frá Lettlandi óska eftir verkefnum á Íslandi. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál







**Viltu kynnast fólki?**
Fólk með sömu þarfir og þú er akkúrat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

# TIL SÖLU






Allt um heilsu
á þriðjudögum í Fréttablaðinu.



HÚSEIGN Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17



Frum

## Asparholt

**Stærð í fermetrum: 96**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Teg. eignar: Sérinngangur**
**Verð: 22,500,000**

**FALLEG 3ja HERBERGJA ÍBÚÐ MEÐ SÉR INNGANGI OG MEÐ FRÁBÆRU ÚTSÝNI YFIR SJÓINN OG SNÆFELLSJÖKUL Í BARNVÆNU UMHVERFI.** Gengið er inn gang með parketi(hlyn) Barnaherbergið er með parketi á gólfi og góðum skáp. Hjónaherbergið er rúmgott með miklu skápaplássi og parketi á gólfi (hlyn). Baðherbergið er mjög fallegt með baðkari og upphengdri sturtu flísum í hólf og gólf og fallegri innréttingu. Stofan er rúmgóð með frábæru útsýni í vestur, parket er á gólfi. Eldhúsið er með sérsmíðaðri innréttingu úr hlyn frá Fagus, keramik helluborði háfur þar yfir og stæði fyrir uppþvottavél, náttúrusteinn (mustang) á gólfi. Eignin er í mjög góðu og rólegu umhverfi með þjónustu á næsta horni, sundlaug, íþróttarhús, leikskóli og grunnskóli í 150 metra fjarlægð.

***Sölumaður: Ástþór Helgason GSM: 898 1005***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*



HÚSEIGN Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17





Frum

## HVAMMABRAUT 12
## 220 Hafnarfjörður

**OPIÐ HÚS 18:00-19:00**

**Stærð í fermetrum: 91,9**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Tegund eignar: Fjölbýli**

Rúmgóð forstofa og þar er útgengt út á suðursvalir. Gengið upp fallegan tréstiga. Í alrými er góð stofa, borðst. og vinnuaðst. 2 góð sv.herb., bæði með skápum. Eldh. með nýl. tækjum úr burstuðu stáli. Fallegt baðherb. með góðri innr. og tengi fyrir þv.vél. GLÆSILEGT ÚTSÝNI-ÍBÚÐIN ER LAUS FLJÓTL.

***Gyða Gerðarsdóttir, sölumaður, S.695-1095 tekur á móti gestum milli kl. 18:00 og 19:00 í dag.***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*


## Aðalfundur Varðbergs,

félags ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, verður haldinn í skrifstofu félagsins, Garðastræti 2, þriðjudaginn 29. nóvember kl. 17.15.
Venjuleg aðalfundarstörf.
**Stjórnin.**


allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga





MasterCard
*Sumt verður ekki metið til fjár*
*MasterCard er fyrir allt annað*

# Ertu flinkur forritari?

MasterCard – Kreditkort hf. er umboðsaðili MasterCard, Maestro, American Express, Diners Club og JCB á Íslandi.

Fyrirtækið hefur sterk alþjóðatengsl og hefur sett sér að vera eftirsóttasti samstarfsaðili á sviði greiðslumiðlunar og tengdrar starfsemi.

Upplýsingatæknisvið Kreditkorts hf. leitar að tölvunarfræðingi eða verkfræðingi til starfa við forritun á krefjandi verkefnum í alþjóðlegu umhverfi.

Leitað er að áhugasömum, framsæknum og skipulögðum einstaklingi sem hefur góða þjónustulund og getur starfað hvort heldur er sjálfstætt eða í hóp.

Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði skilyrði ásamt 2-3 ára starfsreynslu og góðri þekkingu á Java og .NET.

Í upplýsingakerfum félagsins er stuðst við hugbúnaðarferli IBM Rational Unified Process, DB2 og MS-SQL gagnagrunna auk Java og C#.

Í boði er krefjandi starf í góðu starfsumhverfi.

Umsóknarfrestur er til 27. nóvember 2005.

Áhugasömum er bent á að sækja um á vef Kreditkorts hf., www.kreditkort.is/kerfisfraedingur

Nánari upplýsingar og móttöku ferilskráa veita Bergþóra K. Ketilsdóttir, forstöðumaður Upplýsingatækni, bkk@kreditkort.is og Helga Rut Baldvinsdóttir, starfsmannastjóri, hrb@kreditkort.is.



*Kreditkort hf. Ármúla 28-30 IS–108 Reykjavík Sími: 550 1500*
*Fax: 550 1515 KT: 440686-1259 kreditkort@kreditkort.is www.kreditkort.is*





GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI
Stofnað 1922

## Sjúkraliðar

Fjölbreytt og sjálfstætt starf!
Hvernig væri að prófa?

Okkur á Grund langar að bæta við þann góða hóp sjúkraliða sem þegar er starfandi við heimilið. Sjúkraliðar starfa sem hópstjórar samkvæmt starfslýsingu 6 eftir umfangi starfs, reynslu og viðbótarmenntun.

Laus er 80-100% staða á 23 rúma hjúkrunardeild fyrir minnisskerta.

Laus er 60% staða á almennri 23 rúma hjúkrunardeild.

## Starfsfólk í aðhlynningu

Starfsfólk óskast í aðhlynningu í vaktavinnu bæði heilsdags- og hlutastörf í boði. Um er að ræða morgun- og kvöldvaktir. Einnig leitum við að fólki á næturvaktir.

Allar nánari upplýsingar veitir Dagný Hængsdóttir starfsmannastjóri, virka daga frá klukkan 8.30-16.00 í síma 530-6165 netfang dagny@grund.is.

Við hvetjum áhugasama að koma til okkar og skoða heimilið en á Grund búa 240 heimilismenn á dvalar-og hjúkrunardeildum þar sem færni heimilisfólks er nokkuð breytileg.

**www.grund.is**



POPPTV, EINA TÓNLISTARSJÓNVARPSSTÖÐ LANDSINS, LEITAR AÐ ÖFLUGUM AUGLÝSINGASÖLUMANNI.

POPP TV

Á PoppTV er boðið upp á skemmtilega tónlistarþætti, þema-klukkutíma, beinar útsendingar og tónlistartengt efni fyrir ungt fólk. Fjölbreytnin vex með degi hverjum. PoppTV starfar náið með öðrum miðlum Sirkus-heimsins, þ.m.t. útvarpsstöðvunum FM 957 og X-inu 977. Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í þeirri kröftugu uppbyggingu sem framundan er.

Ef þú ert á aldrinum 22-30 ára, langar til að vinna á skemmtilegri söludeild í frábærum félagsskap, sendu okkur þá umsókn með upplýsingum um aldur, reynslu og fyrri störf á netfangið popptvsolumadur@365.is eða á Lyngháls 5, 110 Reykjavík merkt "Sirkus - sölumaður á PoppTV" fyrir 28. nóvember.

PoppTV er hluti af Sirkus fjölskyldunni.

SIRKUS

## SJÓNARHORN



Öskjuhlíðin dregur marga göngugarpa til sín í fallegu haustveðri og skýin koma að kíkja á leiki mannanna. MYND/HEIÐA

## VISSIR ÞÚ

... að mesta þyngd sem hefur verið lyft með tungunni er 11,025 kíló?

... að Neil Rhodes klifraði 2.238,75 metra í stígvélum með 18 kílóa sekk á bakinu í líkamsræktarstöð í Bretlandi?

... að Louisa Almedovar og Rich Langley kysstust viðstöðulaust í 30 klukkustundir, 59 mínútur og 27 sekúndur standandi og án nokkurrar hvíldar?

... að Eufemia Stadler frá Sviss straujaði 228 skyrtur viðstöðulaust í 40 klukkutíma standandi við strauborðið sitt?

... að fjölmennasti koddaslagurinn fór fram í Bandaríkjunum þann 29. september árið 2004 þar sem 2.773 manns tóku þátt í slagnum?

... að Chris Nicholson opnaði tuttugu brjóstahaldara með annarri hendi á aðeins einni mínútu?

... að Cindy Jackson hefur síðan árið 1988 eytt sem nemur 6,47 milljónum króna í 47 fegrunarskurðaðgerðir?

... að Ísraelinn Mordecai Vanunu var í næstum tólf ár haldið í algeri einangrun sem er lengsti tími sem nokkur maður hefur mátt sæta síðustu áratugi?

... að farsími sem David Morris skartgripaverslunin hannaði var seldur á 8.328.625 krónur árið 1996? Síminn var úr 18 karata gulli og eru hvítir og bleikir demantar greyptir í hnappa hans.

... að árið 2003 kostaði nóttin í keisarasvítunni á President Wilson hótelinu í Genf í Sviss 2.355.600 krónur?

... að árið 1999 gaf Anne Lydiat listakennari út bókina „Lost for Words" en allar blaðsíðurnar í bókinni, 52 talsins, eru auðar?

... að tungumálið klingon sem málfræðingurinn Mark Okrand samdi fyrir Star Trek þættina er útbreiddasta gervitungumálið?

... að mesta skammaryrðið í klingon tungumálinu er „Hab SoSoll' Quch" sem þýðir, móðir þín er með flatt enni?

## TOPP 5:
# STANLEY KUBRICK

**1. A Clockwork Orange (1971).** Gerð eftir sögu Anthony Burgess. Að ósk Kubricks var hún ekki sýnd í Bretlandi fyrr en eftir dauða hans. Er eina myndin, ásamt Midnight Cowboy, til að hljóta Óskarstilnefningu sem besta myndin sem hefur verið stranglega bönnuð börnum.

**2. Dr. Strangelove or:** How I Learned to Stop Worrying and Love the Bomb (1964). Peter Sellers leikur þrjú hlutverk í myndinni en átti upphaflega að leika fjögur. Fyrsta mynd James Earl Jones. Lengsti titill á mynd sem hefur fengið Óskarstilnefningu sem besta mynd.

**3. 2001: A Space Odyssey (1968).** Rock Hudson gekk út af frumsýningunni og sagði: „Vill einhver segja mér um hvað í helvítinu þessi mynd er?" Fyrsta talaða orðið í myndinni kemur þegar 28 mínútur og 38 sekúndur eru liðnar af myndinni og ekkert er talað seinustu 23 mínúturnar. Aðeins ein kona leikur í myndinni.

**4. The Shining (1980).** Stephen King, höfundur sögunnar, vildi frekar Jon Voight eða Michael Moriarty í stað Jack Nicholson í aðalhlutverkið.



Hinn sérvitri breski leikstjóri Stanley Kubrick lést árið 1999.

Danny Lloyd, litli strákurinn í myndinni, vissi ekki að hann væri að leika í hryllingsmynd fyrr en hún var frumsýnd.

**5. Paths of Glory (1957).** Gerist í Frakklandi í fyrri heimsstyrjöldinni. Var bönnuð í Frakklandi, einnig bannaði Franco hana á Spáni. Hlaut engar óskarstilnefningar.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
visir VEF TV



allt tilboð
Alla föstudaga







allt
Allt um nám
á miðvikudögum í Fréttablaðinu.



VARAHLUTIR
Í AMERÍSKA BÍLA
Bílanaust býður þér
góða þjónustu
á varahlutum
í amerísk bíla
Bílanaust
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík •
Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is



**KRISTNIR Í KALKÚTTA** Systir Frederick horfir gegnum stækkunargler við messu í Kalkútta á Indlandi. Minna en tvö prósent íbúa Indlands eru kristin en flestir eru hindúatrúar. AP/REUTERS

# Kvíðinn fyrir jólin

Jólin eru mörgum erfiður tími. Fjárútlát eru mikil, tíminn er naumur og eftirvæntingin og kröfurnar oft á tíðum þrúgandi. Af því tilefni heldur Stefán Jóhannsson fjölskylduráðgjafi fyrirlestur um jólakvíða miðvikudaginn 23. nóvember klukkan 20-22 í sal Flugvirkjafélags Íslands, Borgartúni 22. Stefán hefur góða reynslu af að vinna með fólki sem haldið er kvíða og því forvitnilegt að heyra hverju hann getur miðlað til fólks um þennan kvíðvænlega tíma sem er fram undan.

Fyrirlesturinn er bæði í formi erinda og verkefna en 1.500 krónur kostar að taka þátt. Allar frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu NLP félagsins www.nlpisland.is. ■



**STRESS** Það getur verið kvíðvænlegt að þurfa að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru um fullkomna jólahátíð.













...um nám

á miðvikudögum í Fréttablaðinu.

Lesendur „Allts" er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt" er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt" er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"

Síminn er 550-5000

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - FRE 28023 04/2005


## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 4 |
| 5 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 4 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | | 9 | | | | | 8 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | | |
| 1 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | 8 | | | | 3 | | |
| | 2 | | | | | | 5 | 4 |
| | | | | | 4 | | | |
| | | 1 | | | 9 | 5 | 8 | 7 |
| 9 | | | | | 5 | | 1 | 2 |

# STUÐ MILLI STRÍÐA ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON ER HEILLAÐUR

**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** BJARGAÐI MÉR



Ég fór í vondu skapi á tónleika í Íslensku óperunni í síðustu viku. Ég var svo sem ekkert pirraðri en aðra daga en hafði einhverra hluta vegna byrjað daginn á því að leggja drög að sjálfsmorði.
Mér leiðast yfirleitt tónleikar en kunni ekki við að afþakka boð á útgáfutónleika Ragnheiðar Gröndal, en sá sem bauð mér lofaði því hátíðlega að ég yrði ekki samur maður eftir að hafa hlýtt á söng stúlkunnar. Það gekk eftir og ég er ekki frá því að einhverjar löngu sofnaðar stöðvar í hausnum á mér hafi vaknað til lífsins.

Það var undursamlegt að sitja í óperunni með gæsahúð yfir snilld Ragnheiðar og þar sem ég er ekki vanur því að láta hrífast var þetta stór stund fyrir mig persónulega. Dagsdaglega geng ég um í svarta leðurjakkanum mínum, með manndrápssvip og ör á enninu til þess að gera þetta nú allt enn skuggalegra þannig að það stríðir gegn sérhannaðri ímynd minni að hrífast af því sem er fallegt í umhverfi mínu.

Á þessu hefur hér með orðið stór breyting og ég tók það til mín persónulega þegar Ragnheiður sagði við salinn að við ættum aðeins eitt líf og yrðum því að nota það vel.

Ég ætla ekki að ganga svo langt að segja að ég hafi komist í snertingu við guðdóminn á tónleikunum en söngur Ragnheiðar fullvissaði mig þó um að það er eitthvað meira í lífið spunnið en það sem mætir manni þegar maður skoðar það með skynseminni.

Við þetta er svo sem engu að bæta nema að þið ættuð að gera ykkur andlegan greiða og kaupa nýja diskinn hennar Ragnheiðar. Annars er mér að mæta. (Þessi hótun er auðvitað algerlega innihaldslaus eftir að ég gerðist grátklökkur mannvinur í síðustu viku.) ■

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og pa** — Eftir SÖB




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



Síminn

# The Shneedles

*Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar*



"Ólýsanlega fyndið!
Ef ég ætti að geta lýst
þessari sýningu þá
þyrfti ég á orðum að
halda sem hoppa og
skoppa og stökkva af
síðunni syngjandi beint
í fangið á þér."

- Sueddeutsche Zeitung, Þýskaland

"Snilld...langbesta
grínsýning sem ég hef
séð í mörg ár."

- The Sydney Morning Herald, Ástralía

"Bowart og Robison eru
óendanlega fyndnir.
The Shneedles bjóða
áhorfendum upp á
einstaka skemmtun,
sem er ekki bara fyndin,
heldur líka innihaldsrík.
Þeir heilla þig inn í þeirra
furðuveröld strax frá
fyrstu mínútu og þar
geturðu ekki annað en
skellihlegið allan tíman."

- Suedwestpresse, Þýskaland

"Takk fyrir að vera alltaf fyndnir. Ég held þið séuð frægir."

- Frank Rigot, 7 ára

**Miðasala hefst 1. desember kl. 10:00.**

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.

event

**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **MIÐASALA:** Í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á www.event.is **MIÐAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að versla tvo miða með afslætti.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is

**Kl. 12.10**
***Þorsteinn Vilhjálmsson** vísindasagnfræðingur flytur erindið „Framfarir, þróun og vísindi“ í fundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, „Hvað eru framfarir?“ Að venju er fundað í Þjóðminjasafni Íslands.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Síðustu forvöð að tilnefna*

Frestur til þess að koma með tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005 rennur út á föstudaginn klukkan tvö. Þau verða síðan afhent seint í janúar á næsta ári, að venju með viðhöfn í beinni sjónvarpsútsendingu.
Á síðustu árum hefur umfang Íslensku tónlistarverðlaunanna stöðugt aukist og ná nú til allra greina tónlistarlífsins í landinu. Verðlaunin eru veitt í nokkrum meginflokkum, meðal annars fyrir hljómplötu ársins, flytjanda ársins, söngkonu ársins og söngvara ársins. Stærsti flokkurinn nefnist Fjölbreytt tónlist, en undir hann fellur popp og rokk, dægurtónlist og „ýmis tónlist“ eins og það heitir. Einnig eru veitt verðlaun í flokkunum Djasstónlist og Sígild og samtímatónlist.
„Þeir hafa alltaf verið að breytast aðeins þessir flokkar,“ segir Berglind María Tómasdóttir, sem hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna í stað Einars Bárðarsonar, sem nú hefur látið af störfum.
Verðlaunaafhendingin í janúar verður sú tólfta í röðinni en það var stjórn Rokkdeildar Félags íslenskra hljómlistarmanna sem stóð fyrir afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrst í apríl árið 1994.



## > Ekki missa af ...

... málþingi um framtíð Íslensku óperunnar sem haldið verður í dag í Íslensku óperunni.

... tónleikum síberísku sópransöngkonunnar Eteri Gvazava í Salnum í Kópavogi annað kvöld. Jónas Ingimundarson leikur með henni á píanó.



... síðustu sýningu Íslenska dansflokksins á þremur dansverkum í Borgarleikhúsinu sem verður annað kvöld.

# Blásið í Fríkirkjunni

Sterk hefð er fyrir því að Blásarakvintett Reykajvíkur efni til kvöldlokkutónleika þegar líða tekur að jólum ár hvert. Tónleikarnir í ár verða þó óvenju snemma á ferðinni, en til þess liggja óviðráðanlegar ástæður.
„Ég er að fara til Japans á föstudaginn og kem ekkert aftur fyrir jól,“ segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari, sem stofnaði Blásarakvintettinn árið 1981 ásamt félögum sínum, þeim Bernharð Wilkinssyni flautuleikara, Daða Kolbeinssyni óbóleikara, Hafsteini Guðmundssyni fagottleikara og Jósef Ognibene hornleikara. Í Blásarakvintett Reykjavíkur. Allir hafa þeir haldið tryggð við félagsskapinn og koma fram á tónleikunum, sem verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík eins og undanfarin ár.
„Það verða meistararnir, Schubert, Beethoven og Mozart,“ segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari þegar hann er spurður hvaða tónlist þeir ætli að flytja.
Einars fer til Japans með sönghópnum Voces Thules ásamt dönsurum og fleiri listamönnum með tónlistar- og dansverkið Aróra Bórealis, sem frumflutt var um síðustu helgi í Íslensku óperunni.
„Maður er byrjaður að syngja og dansa,“ segir Einar. „Ætli ég endi ekki í sirkus á gamals aldri.“



**BLÁSARAKVINTETT REYKJAVÍKUR** Kvintettinn heldur sína árlegu Kvöldlokkutónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld.






**ELLEN, EYÞÓR OG ÞORSTEINN** Koma fram saman í fyrsta sinn á listahátíðinni í Neskirkju í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tónleikar með tengdasyni

**Hjónakornin Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson halda sannkallaða fjölskyldutónleika í Neskirkju í kvöld ásamt Steina úr Hjálmum sem er tengdasonur þeirra.**

Tónleikar Ellenar og Eyþórs eru þriðju tónleikarnir á dagskrá tónlistarhátíðarinnar Tónað inn í aðventuna, sem nú stendur yfir í Neskirkju. Þau ætla að flytja sálmana sem þau gáfu út á geisladisk fyrir nokkru sem hlotið hefur góðar viðtökur. Þau hafa flutt sálmana víða um land á tónleikum en þó ekki í Reykjavík fyrr en nú.
Á tónleikunum kemur einnig fram Þorsteinn Einarsson, söngvari og gítarleikari úr hljómsveitinni Hjálmum, sem hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir séríslenska gerð af reggítónlist á síðustu misserum. Ellen segist vera afar spennt fyrir að heyra í Þorsteini einum síns liðs, án Hjálma.
„Hjálmar eru æðislegir en það verður mjög gaman að sjá Steina einan. Hann ætlar að vera með sitt prógram og við með okkar. Við sameinumst í lokin og fléttum þetta eitthvað saman.“
Þetta verða sannkallaðir fjölskyldutónleikar því svo vill til að Þorsteinn er tengdasonur þeirra Ellenar og Eyþórs.
„Það er voða fyndið,“ segir Ellen, en er augljóslega afskaplega ánægð með tengdasoninn. „Það er ekki hægt að fá betri mann með sér, bæði inn í fjölskylduna og svo í tónlistinni. Hann er ótrúlega hæfileikaríkur músíkant.“
Þetta verður í fyrsta skipti sem Ellen og Eyþór koma fram á tónleikum með Þorsteini.
„Kristján bróðir hefur reyndar spilað með Hjálmum og svo fór hálf fjölskyldan mín til Kína um daginn, þeir Eyþór, Kristján og Steini.“
Þar var á ferðinni Lucky One. Bandið hans K.K. sem Þorsteinn hefur spilað með upp á síðkastið.
„Þessi ferð tókst ótrúlega vel,“ segir Ellen, sem einnig ætlar að fá Þorstein til að spila með sér, Kristjáni og Eyþóri á útgáfutónleikum í byrjun desember, sem haldnir verða í tilefni af nýrri jólaplötu systkinanna Ellenar og Kristjáns.
Tónleikarnir í Neskirkju hefjast klukkan átta í kvöld og verða á ljúfu nótunum. ■

# Dimmalimm til Áslaugar

Um síðustu helgi voru íslensku myndskreytiverðlaunin 2005, sem nefnast Dimmalimm, afhent Áslaugu Jónsdóttur fyrir bókina Gott kvöld. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Gerðubergi. Jafnframt var opnuð á sama stað sýningin „Þetta vilja börnin sjá,“ en hún stendur fram í janúar.
Þetta er í fjórða sinn sem Dimmalimm-verðlaunin eru afhent fyrir vel heppnaðar myndskreytingar í barnabókum. Árið 2002 vann Halla Sólveig Jónsdóttir verðlaunin fyrir bókina Engill í Vesturbænum og árið 2003 komu þau í hlut Brians Pilkington fyrir bókina Mánasteinar í vasanum.
Á síðasta ári var það hins vegar Áslaug Jónsdóttir sem hreppti verðlaunin fyrir bókina Nei, sagði litla skrímslið, þannig að hún hefur nú hlotið þessi verðlaun tvö ár í röð.
Verðlaunaathöfnin á laugardaginn hófst með því að Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef von Oosterhout slagverksleikari léku þátt úr leikritinu Töfraveröldin. Síðan tók Kalman le Sage de Fontenay við sem fulltrúi dómnefndar og sagði frá vali dómnefndar.



**ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR** Hlýtur íslensku myndskreytiverðlaunin 2005.

Að verðlaununum standa Penninn, Félag íslenskra bókaútgefenda, Myndstef, Gerðuberg og Félag íslenskra teiknara. Í dómnefndinni sitja Aðalsteinn Ingólfsson fyrir Gerðuberg, Skúli F. Malmquist fyrir Pennan og Kalman le Sage de Fontenay fyrir Myndstef. Verðlaunin nema 300.000 krónum.

# GÓÐA VEISLU GJÖRA SKAL

Nú er veisla hjá Subaru! Gengið hefur aldrei verið hagstæðara, Subaru er betri en nokkru sinni fyrr og nú færðu jólagjöf líka! Tryggðu þér afburðabíl fyrir jól og þú færð hundraðþúsund króna gjafabréf í Ormsson í kaupbæti.

BRÆÐURNIR ORMSSON
100.000 kr.
í jólagjafir handa þér og þínum



**LEGACY**
**Verð frá 2.310.000 kr.**
*TAKMARKAÐ MAGN!*



**FORESTER**
**Verð frá 2.390.000 kr.**
*TAKMARKAÐ MAGN!*



**IMPREZA**
**Verð frá 1.990.000 kr.**
*TAKMARKAÐ MAGN!*

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Hrísmýri 2a | Eyrarlandi 1 | Sæmundargötu 3 | Holtsgötu 52 | Dalbraut 2b | Víkurbraut 4 | Búðareyri 33 | Sindragötu 3 | Óseyri 5 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

Fiton / SÍA

PARS PRO TOTO - DANSVERKIÐ VON
BOREALIS ENSABMLE - ÁRÓRA BOREALIS

Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto &
Áróra Bórealis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.
Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.- Ath! Lokasýning

„Ástir og örvænting“ - Hádegistónleikar 29. nóv. kl. 12.15
HLín Petursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN




BORGARLEIKHÚSIÐ



Stóra svið

**Salka Valka**
Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20

**Woyzeck**
Lau 26/11 kl. 21 Su 27/11 kl. 21
Þr 29/11 kl. 20 UPPS Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 Mi 7/12 kl. 20 UPPS
Fi 8/12 kl. 20 Fö 9/12 kl. 20
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21

**Kalli á þakinu**
L au 26/11 kl. 14 Su 27/11 kl. 14
Su 4/12 kl. 14 Su 11/12 kl. 14
Má 26/12 kl. 14

**Id - HAUST**
Wonderland, Critic´s Choice?
og Pocket Ocean
Mi 23/11 kl. 20
ATH síðasta sýning!

Nýja svið/Litla svið

**Lífsins tré**
Fö 25/11 kl. 20 Lau 26/11 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 Lau 3/12 kl. 20
Þr 27/12 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPSELT
Su 4/12 kl. 20 UPPSELT
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Síðustu sýningar!

**Manntafl**
Fi 24/11 kl. 20 Mi 30/11 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA
UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA
ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 24/11 örfá sæti laus, fös. 25/11 nokkur sæti laus, lau. 26/11 nokkur sæti laus, lau. 3/12 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðasta sýning fyrir jól. Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00 og kl. 17:00.
EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning.
Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Mið. 23/11 örfá sæti laus, mið. 30/11 örfá sæti laus.
Aukasýningar lau. 3/12, sun. 4/12. Allra síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Mið. 23/11 nokkur sæti laus, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11 uppselt, fim. 1/12 uppselt, fös. 2/12, lau. 3/12. Allra síðustu sýningar.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 25/11 og lau. 26/11 Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.
Sun. 27/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans - Q56 Tónlist eftir Joe Henderson.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

19 20 21 **22** 23 24 25

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

**20.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir nokkrar heimildarmyndir **Ásgeirs Long** vélfræðings og kvikmyndagerðarmanns í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Myndirnar sem sýndar verða eru **Sjómannalíf, Labbað um Lónsöræfi, Virkjun** og **Saga um lágmynd** og eru þær gerðar á árunum 1951-1970.

### TÓNLEIKAR

**17.00** Bandarísku tónlistarmennirnir **Drekka** og **Vollmar** leika fyrir gesti og gangandi í Gallerí Humar eða frægð.

**20.00** Árvissir kvöldlokkutónleikar **Blásarakvintetts Reykjavíkur** og félaga verða í Fríkirkjunni í Reykjavík.

**20.00 Ellen Kristjánsdóttir** syngur í Neskirkju ásamt **Eyþóri Gunnarssyni** og **Þorsteini Einarssyni**.

### FYRIRLESTRAR

**12.10 Þorsteinn Vilhjálmsson** vísindasagnfræðingur flytur erindi í fundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni Íslands.

**7.00 Nanne de Rue**, arkitekt frá Hollandi, flytur fyrirlestur er nefnist: „Keep it real“ í LHÍ í Skipholti 1, stofu 113.

### FUNDIR

**09.00 Íslenska óperan** efnir til málþings um framtíð Íslensku óperunnar á degi tónlistarinnar.

### BÆKUR

**20.00 Kristjón Kormákur Guðjónsson** og **Þráinn Bertelsson** lesa upp á Skáldaspírukvöldi í Iðu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




# Höfundur tregans

**BÓKMENNTIR**

[UMFJÖLLUN]

Steinunn Sigurðardóttir er höfundur tregans í íslenskum bókmenntum. Hún skrifar ástarsögur, en ekki um ástina því hún er ekki fréttnæm fremur en hamingjan. Hún skrifar um ást sem bíður ósigur, um söknuðinn, tregann og eftirsjána. Og henni tekst að gera það vel, skrifa tilfinningaríkan texta án tilfinningasemi, viðkvæman án væmni.

Nú eru nítján ár síðan brautryðjendaverk hennar á þessu sviði, Tímaþjófurinn, kom út. Stóra bókin um ástarsorgina þar sem Steinunn ferðaðist óhrædd milli prósa og ljóðs til að lýsa og fylgja eftir skapsveiflum og hugarástandi aðalpersónunnar, Öldu. Og það eru tíu ár síðan Hjartastaður kom út, bókin sem færði henni Íslensku bókmenntaverðlaunin og fjallaði á svo eftirminnilegan hátt um samband mæðgna og ótalmargt annað.

Þessar bækur eru nefndar því nýja skáldsagan hennar, Sólskinshestur, fjallar um þetta efni: um ástina og um mæðgnasamband. Lilla, sú sem söguna segir, hefur átt bernsku með vel stæðum foreldrum sem þó eru tæpast foreldrar; Haraldur og Ragnhildur hafa öllu öðru að sinna en börnum sínum Lillu og Mumma. Lilla kynnist umkomulausri ógæfumanneskju í nágrenninu sem fékk ekki að hafa dóttur sína hjá sér. Örlög dætranna, sem í vissum skilningi eru báðar móðurlausar, speglast: „Þú ert nú enginn sólskinshestur,“ segir Halla í mjólkurbúðinni við Lillu.

Inn í söguna er ofinn annar þráður, um æskuást Lillu sem allt í einu snýr aftur og gerbreytir lífi hennar. Á sínum tíma tókst henni ekki að halda í ástina, hún höndlaði ekki hamingjuna sem orðið hafði á vegi hennar: „Hamingjan í skæru litunum sem ég kunni ekki á og hrinti þeim frá mér svo litleysið mætti ríkja eitt.“ En nú hefur hún skyndilega fengið nýtt tækifæri og það er líkt og hún sjái bernsku sína og líf í nýju ljósi, „gömul sæla var um það bil að taka sig upp“.

Það er engin ástæða til að rekja þennan þráð frekar en lesandinn finnur strax að hér er höfundurinn aftur á heimavelli; bókin er skrifuð af miklu öryggi í máli og stíl.




**SÓLSKINSHESTUR**

**Höfundur:** Steinunn Sigurðardóttir
**Útgefandi:** Mál og menning 2005

**Niðurstaða:** Lesandinn finnur strax að hér er höfundurinn aftur á heimavelli; bókin er skrifuð af miklu öryggi í máli og stíl.

Steinunn kann þá list að hrífa lesandann með sér með stuttum, einföldum setningum eins og þessu kaflaupphafi: „Ég hrasaði ekki um þröskuldinn á Mokka. Ég gekk beint til þín.“ En hún leyfir sér líka tilraunir með stíl, leikur sér með hástafi og leturbreytingar og kemst upp með það. Eins og stundum áður verður textinn fyrirvaralaust að eins konar prósaljóði, hughrifin taka við af frásögninni. Með þessum hætti kemst lesandinn nær persónunum. Steinunni þykir vænt um persónur sínar, varnarleysi bernskunnar er henni alvörumál, líkt og varnarleysi ástarinnar. En fínlega háðskur húmor textans skapar nauðsynlega fjarlægð frá hvers konar tilfinningavellu; svo segir til dæmis þegar faðirinn deyr: „Það tekur oftast nær sama tíma að deyja endanlega og það tekur að skúra þrjú gólf, með því að líka sé farið í horn.“

Fyrirvari minn er eiginlega bara þessi: Hér er lagt upp í stærra verk, hér er sú tilfinningaólga og það drama milli persóna sem ber uppi mikla skáldsögu. En Steinunn takmarkar sig, gefur í skyn, breiðir ekki úr frásögninni. Hún skrifar nóvellu um efni sem hefði staðið undir stærri bók. En þá reynir á sköpunarmátt lesandans.

**- Halldór Guðmundsson**












ÉG ER MÍN EIGIN KONA
**Næstu sýningar:**
fim. 24.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
fös. 25.11 kl. 20 **uppselt**
lau. 26.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
sun. 27.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
**Ath. ósóttar pantanir seldar viku f. sýn.**
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn

# Ljósmyndir frá göngutúrum Friðþjófs

**Glæsileg ljósmyndabók Friðþjófs Helgasonar, 101 Reykjavík, varpar forvitnilegu ljósi á miðbæinn í Reykjavík, mannlífið, göturnar, húsin og hvað eina sem varð á vegi ljósmyndarans.**


**FRIÐÞJÓFUR HELGASON** Segist vera háður myndavélinni og notar hana á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







„Þetta er bara göngutúrabók um miðbæinn,“ segir Friðþjófur Helgason ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður, fullur hógværðar um bók sína 101 Reykjavík, sem hefur að geyma hátt í tvö hundruð ljósmyndir teknar víðs vegar í miðbænum og næsta nágrenni hans, allt frá Reykjavíkurhöfn til Flugvallarins í Vatnsmýrinni.

„Ég fer oft í göngutúra niður í bæ bara mér til heilsubótar og er þá alltaf með myndavélina með mér. Ég er háður henni, nota hana eitthvað á hverjum einasta degi.“

Myndirnar eru allar teknar á síðustu árum, allt frá því að Friðþjófur kom heim úr ferð frá Nepal árið 2001 þar sem hann tók upp efni í kvikmynd.

„Ég vann þá í Garðastræti við að klippa myndina og gekk á hverjum degi heiman frá mér úr Þingholtunum. Ég tók myndavélina alltaf með mér og tók myndir af því sem fyrir augun bar. Síðan fannst mér ómögulegt að hafa þetta bara ofan í skúffu, þannig að þá kviknaði hugmyndin um að gera úr þessu bók.“

Friðþjófur á í fórum sínum eitthvað á annan tug myndavéla af ýmsum stærðum og gerðum, og notaði margar þeirra á gönguferðum sínum um miðbæinn.

„Margar myndanna í bókinni eru teknar á pínulitlar instamatic vélar, sumt á einnota vélar og sumar myndirnar á pínulitlar digitalvélar, með þeim fyrstu sem komu. En þarna eru líka myndir sem eru teknar á fleiri hundruð króna græjur.“

Hann segist frá upphafi hafa ætlað að hafa myndirnar frekar óhefðbundnar. Hugmyndin var sú að þær yrðu svolítið tímalausar, ekki mjög bundnar stað og stund þrátt fyrir að myndefnið sé allt staðbundið.

„Fyrst var ég að velta því fyrir mér að hafa meira af formum en lítið af fólki. Síðan fannst mér að eitthvað þyrfti að vera af fólki, þetta mætti ekki vera algerlega abstrakt, en sú bók kemur kannski seinna.“

Bókin er að öllu leyti verk Friðþjófs, hann tók allar ljósmyndirnar, hannaði útlit bókarinnar og lét prenta hana. Hann brá á það ráð að fá Hallgrím Helgason rithöfund til þess að skrifa formála að bókinni, enda hefur Hallgrímur ýmislegt að segja um þetta hverfi í viðbót við skáldsöguna, sem er samnefnd ljósmyndabók Friðþjófs.

„Úr því að bókin mín heitir þessu nafni þá kom ekki annað til greina en að fá Hallgrím til að skrifa formála.“

Friðþjófur hóf feril sinn sem ljósmyndari á Alþýðublaðinu snemma á áttunda áratugnum. Hann vann síðan við velflesta prentmiðla landsins, tók mikið af tískumyndum fyrir Nýtt líf og var meðal annars einn af þeim sem störtuðu Helgarpóstinum. Um miðjan níunda áratuginn söðlaði hann hins vegar um og fór að starfa við kvikmyndatöku, réðst til RÚV og vann þar í sextán ár.

„Á þeim tíma nánast steinhætti ég að taka ljósmyndir, en svo allt í einu eftir tíu ár eða svo vaknaði einhver óskilgreind þörf á ný.“

Þessa stundina starfar Friðþjófur að kvikmyndagerð með Páli Steingrímssyni. Þeir hafa verið að gera náttúrulífsmyndir og eru meðal annars að vinna að myndum um spóann og hrafninn.

Fleiri bækur eru einnig væntanlegar frá Friðþjófi áður en langt um líður, þar á meðal landslagsmyndabók sem er frekar hefðbundin en þó eingöngu í svarthvítu. ■



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Fólkinu finnst...



...notalegt að heimsækja Súfistann á fimmtudagskvöldum og hlusta á höfunda jólabókaflóðsins lesa upp úr verkum sínum. Mikilvægt að mæta stundvíslega því færri komast yfirleitt að en vilja.



...að menn og konur ættu að taka aðventuna hátíðlega og njóta þess að vera til. Byrja snemma að skreyta hjá sér, baka, hlusta á jólalög og njóta þessa dásamlega tíma. Aðventan á nefnilega að vera dekurtími, ekki stress og leiðindi.

...að menn ættu að leggja við hlustir því í jólatörninni leynast fullt af áhugaverðum geisladiskum. Diskur Brynhildar Guðjónsdóttur, Grr.., er skyldueign fyrir þá sem kunna að meta rumbutakt og rómantík.





...skemmtilegt að fara á útgáfutónleika í Fríkirkjunni. Það er svo ógurlega hátíðlegt. Ellen Kristjánsdóttir og bróðir hennar KK verða með útgáfutónleika þann 8. desember. Þau munu spila lög af nýju jólaplötunni sinn, Jólin eru að koma.



...gott að bera á sig gloss til að vernda varirnar gegn frosti. Svo er það svo voðalega fallegt.



**GEGNSÆTT OG FALLEGT** Fyrirsætan klæðist fatnaði frá Ástu Guðmundsdóttur.



**FÖNGULEGUR HÓPUR**





**ÞRJÁR GÓÐAR** Það var klappað mikið fyrir þeim Ástu Guðmundsdóttur, Guðbjörgu Kr. Ingvarsdóttur og Rögnu Fróðadóttur í lok sýningarinnar.

# Hátíska í 101

Hönnuðirnir Ragna Fróða, Ásta Guðmundsdóttir og Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir efndu til glæsilegrar tískusýningar á Hótel Borg síðasta sunnudag. Þangað mætti ógrynni af prúðbúnum konum sem gerðu sér glaðan dag yfir fallegri hönnun. Ásta Guðmundsdóttir byrjaði sýninguna og voru svartar og hvítar prjónaflíkur mest áberandi í ýmsum myndum. Síðar ævintýralegar peysur, stuttir kjólar og prjónagammósíur sem girtar voru ofan í prjónastígvél. Næst sýndu dansarar skartgripi Guðbjargar í Aurum. Þeir voru stórir og áberandi og nutu sín vel á svartklæddum dönsurunum sem liðuðust um sviðið í þokkafullum hreyfingum. Ragna Fróða endaði tískusýninguna en hún sýndi það nýjasta úr sinni smiðju. Kjólar voru áberandi ásamt vel sniðnum skyrtum, síðum pilsum og buxum. Fyrirsæturnar vöktu athygli en hjá Rögnu sýndu ekki hefðbundnar fyrirsætur heldur venjulegar konur á öllum aldri.





**KLIPPT OG SKORIÐ** Nadía Banine úr Innlit útlit fylgist vel með tískunni en hún er sjálf mjög myndarleg í höndunum og býr til fallega hluti þegar hún gefur sér tíma.



**ÁHUGASAMAR** María Gréta Einarsdóttir mætti með tengdamóður sinni, Brynju Nordquist.



**FÖÐURLEGUR RITHÖFUNDUR** Hallgrímur Helgason fylgdist spenntur með ásamt dóttur sinni Margréti Maríu.



**DOLFALLIN** Dýrleif Ýr Örlygsdóttir stílisti fylgdist spennt með.

# Unga fólkið fer á kostum

Úrslit Skrekks, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur og ÍTR, fara fram í Borgarleikhúsinu í kvöld. Í ár tóku 27 grunnskólar þátt í Skrekk og var liðunum skipt niður á þrjú keppniskvöld.



**ÁRBÆJARSKÓLI** Sýndi tilþrifamikið atriði.

Sex skólar standa eftir sem keppa í kvöld. Það eru Austurbæjarskóli, Árbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Hagaskóli, Hlíðaskóli og Réttarholtsskóli. „Þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur í ár og þátttakendum fjölgar með hverju ári,“ segir Már Guðlaugsson. „Krakkarnir eru að fóta sig á nýju sviði og fæstir þeirra hafa staðið áður á leiksviði en þau gera þetta hins vegar mjög vel. Þau eru búin að leggja gífurlega mikið í þetta og ekki bara þau sem standa á sviðinu heldur er mjög mikill undirbúningur á bak við. Þarna eru ungir krakkar að gera flotta hluti.“

Þetta er í fimmtánda sinn sem keppnin er haldin og hefur hún unnið sér fastan sess í skólastarfi í Reykjavík. Nemendur leggja mikla vinnu í atriðin, margir koma að undirbúningi þeirra og alls 945 krakkar taka þátt í Skrekk í ár, fyrir utan þau sem taka þátt í forkeppnum skólanna.



**HLÍÐASKÓLI** Með skrautlega sýningu.

Undanfarin ár hefur keppnin verið send út í sjónvarpi en í kvöld verður hún send út á slóðinni www.siminn.is/skrekkur og hefjast herlegheitin klukkan átta.



# FRÁ MORGNI TIL MIÐNÆTTIS

## ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER 2005

**07:00** Ísland í bítið
Morgunþáttur í umsjá Heimis Karlssonar og Ragnheiðar Guðfinnu Guðnadóttur

**09:00** Fréttavaktin fyrir hádegi
Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Lóu Aldísardóttur og Hallgríms Thorsteinssonar

**12:00** Hádegisfréttir
- **12:14** Markaðurinn
- **12:15** Íþróttafréttir
- **12:20** Veðurfréttir
- **12:28** Leiðarar dagblaða
- **12:40** Hádegisviðtal

**13:00** Íþróttir
Íþróttaþáttur í umsjá Þorsteins Gunnarssonar

**14:00** Hrafnaþing
Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar

**15:00** Fréttavaktin eftir hádegi
Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur og Þorfinns Ómarssonar

**18:00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður
- **18:00** Fréttayfirlit
- **18:02** Ítarlegar veðurfréttir
- **18:12** Íþróttafréttir
- **18:30** Kvöldfréttir NFS
- **18:54** Ísland í dag
- **19:30** Yfirlit frétta og veðurs

**19:35** Kvölddagskrá
- **19:40** Samantekt úr Fréttavaktinni
- **20:10** Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi

**21:10** 48 Hours
Bandarískur fréttaskýringaþáttur

**21:55** Kvölddagskrá
- **22:00** Fréttir/íþróttir/veður
- **22:30** Samantekt úr Fréttavaktinni

**23:00** Endursýningar

FRÉTTIR OG FRÉTTAYFIRLIT Á HEILA OG HÁLFA TÍMANUM

## HVAR SÉRÐU NFS?

- Á rás 6 á Digital Íslandi*
- Í beinni á visir.is

## MYNDLYKLAR

Þú færð stafrænan myndlykil í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild að Krókhálsi 6 í Reykjavík. Aðrir en áskrifendur geta fengið stafrænan myndlykil afhentan gegn 500 kr. leigugjaldi á mánuði í minnst þrjá mánuði.

* Ef þú nærð ekki NFS á stafræna myndlyklinum ferðu í sjálfvirka eða handvirka leit á aðalvalmynd.

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

digital ísland | vísir VEF TV











**KELLY OSBOURNE** Hún er ekki ánægð með nýja kærastann hennar Paris Hilton og segir hann hafa eyðilagt 21 árs afmæli hennar.

# Ósátt við kærasta Hilton

Kelly Osbourne talar ekki fallega um nýja kærastann hennar Paris Hilton og segir hann hafa eyðilagt 21 árs afmælið hennar í Las Vegas. Kelly hélt veislu í svítu á Hard Rock hótelinu en yfirgefa þurfti hótelið eftir að bátaerfinginn og kærasti hótelerfingjans, Stavros Niarchos, rústaði herbergi einu nokkrum hæðum neðar. Byrjaði það víst með koddaslag sem fór úr böndunum og á endanum fóru vatnsúðarar í loftinu á fullt og þar af leiðandi þurftu allir að yfirgefa hótelið.

„Heimski kærastinn hennar Parisar eyðilagði afmælið mitt," sagði Kelly. „Þetta var svo ósanngjarnt. Hótelstjórinn reyndi að láta mig borga fyrir skaðann sem hljóðaði upp á 60 þúsund dollara en ég vildi ekki sjá það. Ég sagði honum að gleyma því vegna þess að ég gerði þetta ekki. Stavros olli skemmdunum svo hann getur borgað, hann á nóga peninga," sagði Kelly reið.

# Robbie var að ljúga

Robbie Williams hefur nokkrum sinnum talað um það hversu illa honum hafi liðið þegar hann var í hljómsveitinni Take That en nú hafa hinir Take That-gæjarnir gert lítið úr þeim yfirlýsingum. Gary Barlow og Jason Orange segja Robbie hafa stórlega ýkt sögusagnir um þunglyndi einungis til þess að bæta ímynd sína sem sólóartista.

„Þegar Robbi segist ekki hafa haft gaman af dögunum í Take That er hann einfaldlega að ljúga," sagði Barlow sem nú er vinsæll lagasmiður. „Ég á sannanir fyrir því að hann hafði gaman af þessum tíma. Ég á fullt af myndum og myndböndum af Robbie að knúsa okkur og hlæja. Þetta er allt læst í öryggisskápnum mínum," sagði Barlow og Orange bætti við: „Ég þoldi ekki það sem Robbie sagði eftir að hann hætti í Take That, mikið af þessu var lygi og það tók mig mörg ár að fyrirgefa honum. Ég er ekki að segja að hann eigi ekki að þurfa að takast á við erfiðleika. En ég held að Robbie sé klár og viti hvað hann á að segja og viti hvernig hann á að vera dramadrottning og fá þannig athygli."


**ROBBIE WILLIAMS** Hann hefur oft talað um hversu illa honum hafi liðið á Take That árunum en nú segja aðrir fyrrverandi meðlimir sveitarinnar að hann hafi verið að ljúga.


**FJÖR Á FRUMSÝNINGU** Mike Newell, Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint voru kampakát á frumsýningu í New York.
FRÉTTABLAÐIÐ/ GETTY IMAGES

# Harry halar inn hundrað milljónir

Aðdáendur Harrys Potters héldu sig ekki heima um helgina því Harry Potter og eldbikarinn laðaði að langflesta bíógesti vestur í Bandaríkjunum um helgina og halaði inn alls rúmlega 101 milljón dala, sem samsvarar tæplega 6,3 milljörðum íslenskra króna. Annars staðar í heiminum hefur myndin þegar þénað tæpa fimm milljarða króna.

Engin fyrri myndanna um galdrastrákinn hefur fengið jafn mikla aðsókn fyrstu sýningarhelgina og er aðeins fimmta myndin í sögunni til að græða hundrað milljónir eða meira um frumsýningarhelgi. Myndin slæst þar með í hóp Spiderman 1 og 2, Star Wars: Episode III – Revenge og the Sith og Shrek 2.

Þetta er fjórða myndin af sjö um ævintýri galdrastráksins. Daniel Radcliffe, Rupert Grint og Emma Watson eru öll á sínum stað í hlutverkum Harrys, Rons og Hermiones. Breski leikstjórinn Mike Newell leikstýrir að þessu sinni. J.K. Rowling, höfundur bókanna, kveðst hæstánægð með útkomuna og óskaði Newell og leikurunum innilega til hamingju að lokinni frumsýningu. Næstu mynd, Harry Potter og Fönixreglan, leikstýrir enginn annar en David Yates, sem leikstýrði sjónvarpsmyndinni The Girl in the Café sem var að miklu leyti tekin upp hér á landi.

Harry Potter og eldbikarinn verður frumsýnd hér á landi föstudaginn 25. nóvember en forsala miða hófst í gær. Alls verður selt í 27 þúsund sæti. Myndin verður sýnd í Sambíóunum Álfabakka, Kringlunni, Keflavík og á Akureyri, Háskólabíói, Selfossbíói og Ísafjarðarbíói.




HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

























ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.45-8-10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR VIP | KL. 8-10.30 | |
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |
| LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal | KL. 4-6 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6-8-10.10 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 8.15 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 3.45 | |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SERENITY | KL. 8 | B.I. 16 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 8 | |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| SERENITY | KL. 8-10.10 |
| LORD OF WAR | 8-10.10 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| SERENITY | KL. 5.45-8.10-10.30 | B.I. 16 |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 6 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10.30 | B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 8-10 | |

| | |
|---|---|
| THE MARCH OF THE PENGUINS | KL. 6-8-10 |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 6 |
| DRABET | KL. 8-10 |

Háskólabíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kylie Minogue er greinilega öll að hressast því hún hefur bókað fjölda tónleika á næsta ári. Hún neyddist til að fresta tónleikaferðalagi um Ástralíu þegar hún veiktist en mun nú standa við gefin loforð og halda tónleikana átján mánuðum seinna en ætlunin var í fyrstu. „Kylie hefur hugsað mikið um þessa tónleika og er snortin yfir því hversu lengi aðdáendur hennar hafa beðið þolinmóðir eftir þeim,“ sagði Michael Gudinski, kynningarfulltrúi tónleikanna.



Joss Stone er í ástarsorg eftir að hafa nýlega hætt með kærasta sínum, Beau Dozier. Parið hafði verið saman í tvö ár og Joss segist enn elska Beau, sem er sjö árum eldri en hún, eða 25 ára. „Ég veit ekki hvað gerðist en hvað getur maður gert. Svona hlutir eru svo sorglegir. Ég elska hann meira en allt annað. Hann er besti vinur minn og mun alltaf vera. Það skiptir ekki máli hvort við séum saman eða ekki, ég mun alltaf elska hann,“ sagði söngkonan. Ástæða sambandsslitanna telja margir vera hversu sjaldan þau hafa getað hist nú þegar Stone er úti um allan heim á tónleikaferðalögum.



# Rosalegur rokkdúett

**[ TÓNLIST ]**
**UMFJÖLLUN**

Laugardalshöllin var troðfull þegar tónleikar rokkdúettsins The White Stripes hófust klukkan rúmlega 21.00 í fyrrakvöld. Áður hafði Jakobínarína, sem vann síðustu Músíktilraunir, séð um upphitun. Sveitin sýndi skemmtilega takta, bæði hvað varðar tónlistina og hressilega sviðsframkomu. Jakobínarína lofar mjög góðu og er tvímælalaust ein efnilegasta sveit Íslands í dag.

Þau Jack og Meg White gengu á svið klædd að sjálfsögðu hvítum og rauðum fötum eins og þeirra er von og vísa. Jack skartaði svörtum hatti og löngum hökutoppi. Hefði hann haft sverð í höndunum í staðinn fyrir gítar hefðu eflaust margir haldið að þarna væri sjálfur Zorró mættur í Höllina.

The White Stripes er óvenjuleg hljómsveit að því leyti að meðlimirnir eru aðeins tveir og enginn bassaleikari er til staðar. Sveitin hefur lagt áherslu á naumhyggjuna og hráleikann og reynir til að mynda að taka upp plöturnar sínar á sem allra skemmstum tíma. Þess vegna var forvitnilegt að sjá hvernig Jack leysti „vandamálið“ sem fylgir því að flytja lögin uppi á sviði, því vitaskuld er nostrað aðeins meira við hlutina þegar komið er í hljóðver og t.d. tvenns konar gítarleikur notaður í sama laginu.



**THE WHITE STRIPES: LAUGARDALSHÖLL 20. NÓVEMBER**

**Niðurstaða:**
**The** White Stripes sýndu allar sínar bestu hliðar í Höllinni. Jack og Meg náðu gríðarlega vel saman og mynduðu á köflum öflugan hljóðmúr.

Til að redda málunum hafði hljóðnemum verið stillt upp víðs vegar um sviðið og þannig gat Jack sungið við hlið Meg, við píanóið eða bara hvar sem var. Þrátt fyrir að hann gæti ekki notað tvo gítara í einu gekk flutningurinn alveg upp og dúettinn hélt áhorfendum vel við efnið.

Jack var eins og krakki í leikfangabúð þegar hann valdi þau hljóðfæri sem hentuðu í hvert sinn. Hljóðfærin voru gríðarlega mörg, sér í lagi gítararnir, og átti aðstoðarmaður hans fullt í fangi með að koma til hans réttu græjunum. Jack flakkaði á milli hljóðfæra ótt og títt, enda lögin mörg hver ansi stutt, og stundum spilaði hann meira að segja á píanóið með gítarinn í fanginu. Auk þess að vera nánast eins og eins manns sveit brá Jack sér í hlutverk tæknimanns þegar hann reyndi að stilla magnarann sem gerði honum á köflum skráveifu í gítarleiknum.

Á meðan öllu þessu stóð sat Meg í rólegheitum við trommusettið og trommaði á svo einfaldan hátt að nánast, að því er virtist, hver sem er á meðal áhorfenda hefði getað leikið það eftir. Engu að síður passaði trommuleikurinn eins og flís við rass við gítar- og píanóleik Jacks.

The White Stripes sýndu allar sínar bestu hliðar í Höllinni. Þau Jack og Meg náðu mjög vel saman og mynduðu í blúsuðustu lögunum öflugan hljóðmúr. Spilagleðin skein einnig í gegn, sér í lagi hjá Jack. Þau tóku öll sín vinsælustu lög ef undan er skilið Fell in Love With a Girl af hinni frábæru plötu White Blood Sells. Eftir uppklapp yfirgaf dúettinn sviðið og lofaði Jack að þau kæmu aftur hingað til lands sem allra fyrst. Það ætla ég svo sannarlega að vona.

**Freyr Bjarnason**



**KATIE MELUA** Söngkonan er á leiðinni til Íslands í mars á næsta ári.

# Meluna til Íslands

Söngkonan Katie Meluna heldur tónleika í Laugardalshöll þann 31. mars. Melua, sem er 21 árs, þykir einn helsti vonarneisti popp- og djasstónlistarinnar í dag og hefur þegar skipað sér í röð söluhæstu söngkvenna heims.

Önnur plata Meluna, Peace By Peace, kom út á dögunum og fór hún beint á toppinn í Bretlandi. Forsala miða á tónleikana hefst 6. desember í Skífunni, BT úti á landi og á concert.is.

Mig vantar góðar snyrtivörur fyrir mig og kallinn!

GOTT FÓLK McCANN · 30075






L'ORÉAL VOLUME SHOCKING
Nýi tveggja skrefa maskarinn frá L'Oréal. Gerir augnhárin þín 12 sinnum þykkari en þú átt að venjast.
Lyf & heilsa
Við hlustum!



## Dæma í Meistaradeildinni

Handboltadómararnir Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson munu dæma leik Ademar Leon og Portland San Antonio í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í handbolta. Leikurinn sem Stefán og Gunnar dæma fer fram 10. desember á heimavelli Portland í Pamplona.

**sport**

sport@frettabladid.is

HANDBOLTAMAÐURINN PATREKUR JÓHANNESSON: KOMINN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Á NÝ

# *Þetta verða aðeins þessir tveir leikir*



Handknattleiksmaðurinn Patrekur Jóhannesson var í gær valinn á ný í íslenska landsliðið, í fyrsta sinn frá því að hann lék með liðinu á RM í Slóveníu í byrjun síðasta árs. Vegna mikilla meiðsla hægri handar skyttna óskaði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari eftir kröftum Patreks í þremur vináttuleikjum gegn Norðmönnum um næstu helgi. Patrekur ákvað að verða við þeirri ósk – en þó aðeins í þetta eina sinn.

„Viggó bað mig á sínum tíma að koma með liðinu á HM í Túnis en þá var ég meiddur og gaf það frá mér. Hann telur að hann geti notað mig í þessum leikjum og ég er tilbúinn að hjálpa til. Ég gat eiginlega ekki neitað honum aftur,“ sagði Patrekur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þrátt fyrir að taka þátt í leikjunum tveimur um helgina, sem eru þáttur í undirbúningi landsliðsins fyrir EM í Sviss í byrjun næsta árs, hefur Patrekur ákveðið að gefa ekki kost á sér í það mót. Segir hann nokkrar ástæður liggja þar að baki. „Ég er á fullu í námi, ég á von á barni í desember og síðan er ég bundinn ákveðnum tryggingum sem tengjast því hvernig atvinnumannaferill minn endaði. Svo að það kemur ekki til greina,“ segir Patrekur sem mun ekki spila fyrsta leikinn gegn Norðmönnum í Eyjum þar sem hann ætlar að vera í bænum ef ske kynni að kona hans skyldi fara af stað.

Patrekur telur sjálfan sig í góðu formi og vel hafa getuna til að spila á alþjóðlegum vettvangi. „Það er frábært að fá tækifæri að spila aftur með landsliðinu. Ég hef fundið gleðina af því að spila handbolta á ný með Stjörnunni og finnst mér hafa gengið þokkalega á tímabilinu. En ég átti aldrei von á því að vera aftur valinn í liðið og því er þetta mjög ánægjulegt.“

### > Ótrúleg óheppni Ólafar

Ólöf María Jónsdóttir var verulega óheppin að komast ekki áfram á 2. stigi úrtökumóts evrópsku mótaraðarinnar á Spáni en hún var tveimur höggum frá því að komast áfram og endaði keppni á samtals fjórtán höggum yfir pari vallarins. Tvö teighögg hennar enduðu á gangstíg og skoppaði kúlan þaðan út í skóg. „Þetta var ótrúleg óheppni hjá mér. Ég hef aldrei lent í því áður að skjóta þrisvar sinnum á gangstíg í sama hringnum. Vonandi á ég ekki eftir að upplifa það aftur,“ sagði Ólöf María í gærkvöld. Auk teighögganna tveggja skaut Ólöf María á stíg þar sem kúlan rúllaði rúma 50 metra til baka. Ólöf María verður þrátt fyrir þetta þátttakandi á vel flestum mótunum í mótaröðinni á næsta ári.





**ROY KEANE** Fer ekki til Juventus eða Roma.

Mörg félög vilja Roy Keane:

## Ekki til Ítalíu

**FÓTBOLTI** Ítölsku félögin Juventus og Roma ætla ekki að reyna að fá Roy Keane í sínar raðir en orðrómur þess efnis hefur verið í gangi síðan Keane hætti hjá Manchester United. Talsmaður Juventus sagði félagið ekki þurfa á kröftum Roy Keane að halda.

„Leikmannahópur Juventus er sterkur þessa stundina og við þurfum ekki á fleiri leikmönnum að halda.“ Athyglisvert hefði verið að sjá erkifjendurna Roy Keane og Patrick Vieira leika saman á miðjunni hjá Juventus en ekki mun verða að því. **- mh**

# Fyrirliðastaðan ennþá ómönnuð

**Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. Utd., á enn eftir að velja arftaka Roy Keane sem fyrirliða liðs síns. Ruud van Nistelrooy hefur verið fyrirliði í síðustu leikjum og er líklegur til að halda því áfram.**

**FÓTBOLTI** Alex Ferguson hefur ekki enn ákveðið hver verði næsti framtíðarfyrirliði Manchester United eftir að Roy Keane var látinn fara frá félaginu.

„Ég er ánægður með þá kosti sem ég hef. Ruud van Nistelrooy hefur brugðist vel við því að verða fyrirliði. Framkoma hans hefur verið til fyrirmyndar og það er alltaf hægt að treysta því að hann hagi sér fagmannlega. Mér fannst á Paul Scholes að það væri íþyngjandi fyrir hann að bera fyrirliðabandið. Það hentar honum betur að fá að vera laus við það,“ sagði Ferguson í gær.

Ferguson hefur ekki áhyggjur af því að hann geti ekki fundið sterkan fyrirliða í leikmannahópi liðsins. „Mér finnst margir leikmenn í liðinu koma til greina sem fyrirliði. Gary Neville er einn af þeim. Hann hefur staðið sig vel sem fyrirliði þegar hann hefur gegnt þeirri stöðu. Svo eru líka yngri leikmenn í hópnum sem hafa rétta hugarfarið til þess að vera fyrirliði, til dæmis Wayne Rooney og Alan Smith.“

Sá síðarnefndi segist tilbúinn til þess að taka við stöðu fyrirliða ef hann verður beðinn um það. „Það er ekki hægt að segja nei við því að vera fyrirliði Man. Utd. En mér finnst samt líklegast að annaðhvort Ryan Giggs eða Gary Neville muni verða fyrirliðar. Þeir hafa mikla reynslu og geta miðlað henni til yngri leikmannanna.“ **mh**



**GARY NEVILLE** Gary Neville þykir líklegastur til þess að verða næsti fyrirliði Manchester United.









Fullt af leikjum á dagskrá í Meistaradeild Evrópu í kvöld:

# Man. Utd. verður að vinna

**FÓTBOLTI** Manchester United verður að vinna Villarreal í kvöld til þess að eiga möguleika á því að komast áfram í Meistaradeild Evrópu. Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, segir leikinn gegn Villarreal vera einn þann mikilvægasta í sögu félagsins. „Þetta er líklega mikilvægasti leikur okkar í mörg ár. Við verðum að komast upp úr riðlinum. Ég hef fulla trú á liði mínu og veit að leikmennirnir munu gefa allt sem þeir eiga til þess að komast upp úr riðlinum. Við erum komnir á sigurbraut á nýjan leik og það á eflaust eftir að hjálpa okkur. Við mætum til leiks fullir sjálfstrausts.“

Argentíski leikstjórnandinn Juan Roman Riquelme verður ekki með Villarreal í kvöld vegna meiðsla sem hann varð fyrir á æfingu. Þá mun Diego Forlan, fyrrverandi leikmaður Manchester United, ekki leika með Villareal vegna meiðsla.

Arsenal, sem er þegar komið áfram í næstu umferð, mætir svissneska liðinu Thun á útivelli en Arsenal og franska liðið Lyon eru einu liðin sem eru með fullt hús stiga í keppninni eftir fyrstu fjórar umferðirnar.

**- mh**

### LEIKIR KVÖLDSINS

| | |
|---|---|
| A-Riðill | Juventus - Club Brugge |
| A-Riðill | Bayern Munchen - Rapid Vín |
| B-Riðill | Thun - Arsenal |
| B-Riðill | Ajax - Sparta Prag |
| C-Riðill | Barcelona - Werder Bremen |
| C-Riðill | Panathinaikos - Udinese |
| D-Riðill | Lille - Benfica |
| D-Riðill | Manchester United - Villarreal |

# *Örvæntingarfullur landsliðsþjálfari á villigötum*

**UTAN VALLAR**
ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA



**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, kom vægast sagt verulega á óvart í gær þegar hann ákvað að velja Patrek Jóhannesson í landsliðið fyrir æfingaleikina gegn Norðmönnum um næstu helgi. Ekki hefur sést slík kúvending á eigin skoðunum síðan Ragnar Reykás birtist síðast í Spaugstofunni.

Ég spyr mig einfaldlega að því hver tilgangurinn sé með því að velja Patrek og hverju sú ákvörðun eigi að skila? Sú fyrsta sem flaug í hugann var að Viggó ætlaði að taka Patrek með á EM enda eru þetta undirbúningsleikir fyrir mótið sem fram fer í janúar. Nei, svo er víst ekki enda staðfestir Patrekur við Fréttablaðið í dag að hann fari ekki á EM. Svo má ekki gleyma því að Patrekur hefur ekki spilað heilan leik í allan vetur enda er hann ekki heill heilsu og langt frá því að vera nógu frískur til þess að taka þátt í stórmóti eins og EM. Það sem meira er þá getur Patrekur ekki einu sinni spilað alla þessa leiki gegn Norðmönnum þar sem konan hans á von á barni.

Því spyr maður sig að því hver sé tilgangurinn með þessu vali? Þessi ákvörðun er á allan hátt óskiljanleg með fullri virðingu fyrir Patreki sem hefur skilað sínu, og vel það, fyrir landsliðið.

„Það eru komin kynslóðaskipti og það var engin ástæða til að halda áfram í sömu sporum eftir vonbrigði tveggja síðustu móta,“ sagði Viggó Sigurðsson eftir vonbrigðin á HM í Túnis spurður hvort hann sæi ekki eftir því að hafa skilið mann eins og Rúnar Sigtryggsson eftir heima, sem þá var að leika sem atvinnumaður, en klárlega vantaði leiðtoga í vörnina í Túnis, sérstaklega þar sem Sigfús Sigurðsson komst ekki með.

Nei, það átti að horfa til framtíðar og kominn tími á að ungu mennirnir öxluðu ábyrgð og tækju við keflinu. Hvaða skilaboð er Viggó að senda þessum ungu mönnum núna? Að þeir séu svo lélegir að hann vilji frekar taka eldri mann, sem fer ekki á EM, í stað þess að gefa ungum strákum nauðsynlega reynslu?

Ákvarðanir Viggós síðustu vikur hafa margar hverjar verið mjög áhugaverðar en Viggó hefur meðal annars verið staðinn að því að hafa ekki hugmynd um hvort leikmenn sínir séu meiddir eður ei. Þessi síðasta ákvörðun hans ber síðan vott um þar sé á ferð örvæntingarfullur þjálfari sem er til í að varpa stefnu sinni og skoðunum fyrir róða í von um skammtíma árangur.




515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
MasterCard
GOTT FÓLK McCANN
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
Í KVÖLD KL. 19:30
MAN.UTD
VILLARREAL
Í KVÖLD KL. 19:30
Man. Utd. - Villareal
Barcelona - W. Bremen Sýn Extra
ANNAÐ KVÖLD KL. 19:30
Liverpool - Real Betis
Anderlecht - Chelsea Sýn Extra
vodafon
sýn
besta sætið



**FRANK LAMPARD** Hefur verið stórkostlegur með Chelsea upp á síðkastið.

Frank Lampard:

## Vill ekki vera hvíldur

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, miðjumaður Chelsea, sem nýlega jafnaði met yfir flesta leiki spilaða í ensku úrvalsdeildinni í röð, hefur beðið Jose Mourinho um að hvíla sig ekki þó að metið sé nú í höfn. Ef Lampard spilar um næstu helgi verður það 160. leikur Lampards í röð og mun hann þar með slá met markvarðarins David James, sem á sínum tíma lék 159 leiki í röð.

„Það er stjórinn sem ákveður þetta en ég vil ekki vera hvíldur. Ég vil helst ekki missa af einum einasta leik, en auðvitað fer það eftir meiðslum og því ástandi sem ég er í,“ segir Lampard, sem viðurkennir þó að hafa verið tæpur á því að geta spilað í sumum þessara 159 leikja.

„En þá fæ ég bara nudd til að mýkja mig upp. Stundum hef ég meira segja spilað mína bestu leiki án þess að vera í 100% standi,“ segir Lampard.

# Örn kemur sterkari til baka eftir þræðinguna

**Sundkappinn Örn Arnarson og þjálfari hans, Nenad Milos, eru vissir um að Örn geti komið sterkari til baka eftir hjartaþræðingu.**

**SUND** Örn Arnarsson vonast til þess að verða kominn á fulla ferð í byrjun næsta árs en hann þarf að öllum líkindum að fara í hjartaþræðingu á næstu dögum vegna hjartaveilu, en Örn hneig niður á Íslandsmeistaramótinu í sundi að lokinni keppni í 100 metra skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu um síðastliðna helgi.

„Það er í rauninni ekki vitað hvað það er sem amar að mér en það kemur vonandi í ljós í rannsóknunum á næstu dögum. Þetta er auðvitað mikið áfall þar sem mér fannst ég vera að komast á skrið aftur. En ég ætti að geta verið búinn að ná mér í byrjun næsta árs ef ég fer í hjartaþræðingu á næstu dögum. Það þýðir ekkert annað en að stefna að því að koma fljótt til baka. Fólk var svolítið skelkað í kringum mig þegar ég hneig niður, og ég sjálfur auðvitað líka, en ég ætla mér að koma sterkur til baka eftir þetta.“



**ÖRN ARNARSON Á HJARTADEILDINNI** Örn verður í rannsóknum næstu daga en vonast til þess að ná fullum bata innan skamms tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Örn fór á föstudaginn í hjartaómskoðun sem leiddi ekkert óeðlilegt í ljós en hann hefur áður fundið fyrir óþægindum vegna óreglulegs hjartsláttar.

Nenad Milos, þjálfari Arnar hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar, segist hafa vitað til þess að Örn ætti við hjartsláttartruflanir að stríða. „Bæði ég og Örn vissum fyrir mótið um liðna helgi að hann ætti við hjartavandamál að stríða. Örn fór til læknis í rannsókn en það kom ekkert út úr þeim. Fyrir mér er aðalatriðið það að hann hefur verið að ná góðum árangri að undanförnu. Hann hefur alla burði til þess að bæta árangur sinn enn frekar. Hann bætti Íslandsmetið í 50 metra flugsundi á Íslandsmeistaramótinu og hefur verið að synda vel að undanförnu. Það verður svo að koma í ljós hvenær hann mun geta farið að láta að sér kveða á alþjóðlegum mótum eftir að hann nær sér eftir hjartaþræðinguna.“

Örn mun gangast undir frekari rannsóknir á næstu dögum en niðurstöðu úr þeim er ekki að vænta fyrr en eftir nokkra daga.

magnush@frettabladid.is



**GEORGE BEST** Best berst nú fyrir lífi sínu á Cromwell sjúkrahúsinu.

Best við dauðans dyr:

## Beðið fyrir bættri heilsu

**FÓTBOLTI** George Best, fyrrverandi leikmaður Manchester United sem af mörgum hefur verið kallaður fyrsta stórstjarnan í breskum íþróttaheimi, liggur nú þungt haldinn á sjúkrahúsi vegna lungnasýkingar.

Roger Williams, prófessor á Cromwell sjúkrahúsinu í London, segir Best, sem er 59 ára gamall, ekki geta lifað mikið lengur ef hann fer ekki að sýna framfarir. „Það er ljóst að Best getur ekki lifað þetta af nema að líkamlegt ástand hans batni til mikilla muna á næstu dögum.“ Fjölskylda Best hefur setið við sjúkrarúm hans síðustu daga og beðið fyrir bættri heilsu hans. - mh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn. Umræðuþáttur um allt það heitasta í íþróttaheiminum hverju sinni.

18.12 **Sportið** á Sýn. Farið yfir fréttir dagsins.

18.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttaþáttur um Meistaradeildina.

19.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn. Spáð í spilin fyrir leiki kvöldsins.

19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Man. Utd** og **Villarreal**.

20.00 **Þrumuskot** á Enska boltanum. Mörk helgarinnar úr ensku úrvalsdeildinni.

21.00 **Að leikslokum** á Enska boltanum.

21.40 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn. Leikir kvöldsins krufnir til mergjar og öll mörkin sýnd.

22.20 **Meistaradeildin** á Sýn. Útsending frá leik **Barcelona** og **Werder Bremen**.

00.50 **Ensku mörkin** á Sýn. Markasúpa úr ensku 1. deildinni.

Máttur Romans Abramovich kom bersýnilega í ljós um helgina:

# Wenger mjög ósáttur við Rajkovic

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, er sagður æfur út í hinn 16 ára gamla Slobodan Rajkovic frá Serbíu og Svartfjallalandi, en hann náði um helgina samkomulagi við Chelsea um að ganga til liðs við ensku meistarana. Chelsea kaupir Rajkovic af OFK Belgrade í heimalandi hans og mun hann koma til liðsins eftir næsta tímabil. Wenger er ósáttur því að hann taldi sig hafa verið búinn að tryggja sér Rajkovic eftir að hann dvaldi í nokkrar vikur í æfingabúðum hjá Arsenal síðasta sumar.

Rajkovic, sem verður 17 ára í febrúar, er miðvörður og hefur um nokkur skeið átt fast sæti í U-21 árs landsliði þjóðar sinnar. Hann er gríðarlega stór og sterkur, mjög öflugur skallamaður en það sem gerir hann svo eftirsóttan er sagður leikskilningurinn sem á að jafnast á við fullmótaðan atvinnumann. Enda kostaði Rajkovic skildinginn – 350 milljónir króna sem heimsmet fyrir leikmann undir 18 ára aldri. Um Rajkovic er talsvert rætt á internetinu og á einni spjallsíðu sem er tileinkuð stuðningsmönnum OFK Belgrad er hann sagður blanda af Jaap Stam og Franco Baresi.

Nokkrir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Wenger hafði verið í stöðugu sambandi við Rajkovic allt frá því að honum var boðið til Arsenal síðasta sumar og var fyrirhugað að hann kæmi aftur til félagsins næsta sumar, til þess eins að æfa með aðalliðinu og kynnast leikmönnunum sem hann myndi spila með innan skamms tíma. En máttur Romans Abramovich og Chelsea er mikill og er mál Rajkovic aðeins nýjasta dæmið til að sanna það. Hann lét freistast af gylliboði þeirra bláklæddu og sveik það sem Wenger vill meina að hafi verið munnlegt loforð um að hann myndi ganga til liðs við Arsenal þegar hann færi frá heimalandi sínu. - vig



**SLOBODAN RAJKOVIC** Hér sést hann í leik með OFK í baráttu við einn leikmanna Lokomotiv Moskva í Evrópukeppni félagsliða í sumar.


**Heimsóknir til erlendra liða, hvað getum við lært ?**

**Laugardaginn 26. nóvember kl. 13:00 – 17:00**

Á undanförnum árum hafa fjölmargir knattspyrnuþjálfarar heimsótt erlend félagslið og kynnt sér þjálfun þeirra. Nokkrir þjálfarar hafa hlotið styrk frá Verkefnasjóði ÍSÍ vegna þessa, en sjóðurinn hefur á undanförnum árum styrkt einstaklinga til að kynna sér þjálfun erlendis.

Á þessari ráðstefnu er ætlunin að kynna það helsta sem fyrir augu bar og gefa öðrum þjálfurum möguleika á að fá innsýn í heim þjálfunar í Evrópu sem eflaust kemur að góðum notum við þjálfun barna- og unglinga á Íslandi.

Meðal fyrirlesara að þessu sinni verða þeir **Willum Þór Þórsson** sem heimsótti Bolton í Englandi, **Gunnar Guðmundsson** sem heimsótti Werder Bremen í Þýskalandi, **Lárus Grétarsson** sem fór til Empoli á Ítalíu, **Björgvin Finnsson** sem heimsótti Bröndby í Danmörku og **Þórður Þórðarson** sem fór á markmannsþjálfunarnámskeið í Svíþjóð.

**Aðgangur er ókeypis** en óskað er eftir skráningu. Hægt að skrá sig í síðasta lagi föstudaginn 25. nóvember á heimasíðu ÍSÍ, með því að senda tölvupóst á netfangið **ragga@ksi.is** eða með því að hringja í síma 510 2900. Ráðstefnan fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á **www.ksi.is** og **www.isisport.is**

Ráðstefna ÍSÍ og KSÍ um þjálfun


Mikil spenna í C-riðli Meistaradeildarinnar:

# Hart barist í Grikklandi í kvöld

**FÓTBOLTI** Þrjú lið eru jöfn að stigum í C-riðli Meistaradeild Evrópu með fjögur stig eftir fjóra leiki, Udinese, Werder Bremen og Panathinaikos, en Barcelona er efst í riðlinum með tíu stig og hefur nánast gulltryggt sér sæti í næstu umferð en liðið mætir Werder Bremen á heimavelli sínum í kvöld.

Panathinaikos og Udinese mætast í gífurlega mikilvægum leik í Grikklandi en það lið sem vinnur leikinn gæti farið langt með að tryggja sér sæti í næstu umferð keppninar.

Franski bakvörðurinn Vincent Candela, sem lék með Bolton á síðustu leiktíð, segir leikmenn Udinese vel meðvitaða um mikilvægi leiksins. „Við verðum að standa okkur í þessum leik. Udinese hefur aldrei komist í Meistaradeildina og auðvitað ætlum við okkur að komast áfram. Ef við spilum okkar leik og verðum afslappaðir þá eigum við góðan möguleika á að sigri í þessum leik.“ - mh



**STEFANO MAURI** Mikið mun mæða á Mauri á miðjunni hjá Udinese í kvöld en hann hefur leikið ágætlega í Meistaradeildinni.



**PETER CROUCH** Crouch hefur ekki fundið sig í framlínu Liverpool í vetur.

Peter Crouch:

# Crouch vongóður

**FÓTBOLTI** Peter Crouch, framherji Liverpool og enska landsliðsins, segist vera vongóður um að fyrsta markið hans fyrir Liverpool komi von bráðar en Croch var keyptur frá Southampton fyrir sjö milljónir punda í sumar. „Ég get ekki beðið mikið lengur eftir því að skora mitt fyrsta mark fyrir Liverpool. Ég hef verið óheppinn upp við markið og um leið og ég fæ tækifæri til þess að skora þá ætla ég mér að nýta það. Allir leikmenn Liverpool styðja mig og það fær mig til þess að hafa trú á því sem ég er að gera.“

Crouch verður líklega í eldlínunni með Liverpool á morgun þegar liðið mætir Real Betis í Meistaradeild Evrópu. - mh



**JOE COLE** Cole ætlar sér að ekki að láta sæti sitt í Chelsea-liðinu af hendi baráttulaust.

Joe Cole vill bæta sig:

# Berst fyrir sæti sínu

**FÓTBOLTI** Joe Cole, leikmaður Chelsea, ætlar sér að halda sæti sínu í liði Chelsea en hann hefur verið að spila vel að undanförnu. „Hugarfar mitt hefur breyst mikið og nú hugsa ég fyrst og fremst um að reyna að standa mig vel í þau skipti sem ég spila. Það hefur skilað mér sæti í liðinu og ég er ekki tilbúinn til þess að láta það af hendi. Undanfarið ár hefur verið einstaklega gott fyrir mig. Ég er að spila með besta liði á Englandi og er í landsliði Englands. Ég get ekki beðið um mikið meira.“

Joe Cole er orðinn einn af lykilmönnum Chelsea en ekki er langt síðan hann þurfti að verma varamannabekkinn hjá liðinu löngum stundum. - mh

Slæm tíðindi fyrir Real:

# Raul frá fram í janúar

Fyrirliði Real Madrid, Raul Gonzalez, mun ekki leika með liði sínu að minnsta kosti næstu tvo mánuði en Raul meiddist á hné í 3-0 tapi Real Madrid gegn Barcelona.

Raul hefur ekki náð sér nægilega vel á strik með Real Madrid í vetur en hann hefur þó verið einn af skástu leikmönnum Real Madrid í undanförnum leikju. „Það er alltaf slæmt meiðast en ég vonast til þess að koma sterkari til baka eftir þessi meiðsli. Ég hef meiðst áður á hné og var þá frá í langan tíma. Vonandi eru þessi meiðsli ekki eins alvarleg og þau líta út fyrir núna,“ sagði Raul við fjölmiðla í gær.

Raul skaddaði liðbönd í hné auk þess að liðþófi skemmdist þegar hann ætlaði að skjóta að marki Barcelona. - mh

Gunnar Heiðar meiddist á æfingu í Tyrklandi:

# Gunnar Heiðar ökklabrotinn

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji Halmstad og íslenska landsliðsins, verður frá keppni í í fjórar til sex vikur vegna meiðsla sem hann varð fyrir á æfingu í Tyrklandi í fyrrakvöld.

Gunnar braut bein í ökkla þegar hann teygði löppina í átt að boltanum. Gunnar, sem varð markahæsti leikmaðurinn í sænsku úrvalsdeildinni, mun því ekkert geta leikið meira með Halmstad á þessu ári en ætti að vera orðinn klár í slaginn í janúar þegar félagsskiptaglugginn opnar á nýjan leik, en mörg félög hafa fylgst náið með Gunnari Heiðari að undanförnu og reiknað er með því að Halmstad fái tilboð í hann þegar knattspyrnufélögin í Evrópu reyna að styrkja leikmannahópa sína í janúar.

Þessi meiðsli gætu þó haft einhver áhrif á það hvort Gunnar Heiðar verður seldur eða ekki. - mh



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** Gunnar verður vonandi búinn að ná sér áður en félagsskiptaglugginn opnar í janúar.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

REIKNAÐU MEÐ NUMBERS

Snúin sakamál leyst með hjálp stærðfræði, kl. 21.15 Í kvöld

2



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Every time I try to talk to someone it's „sorry this“ and „forgive me that“ and „I'm not worthy“...“**

**Svar:** Guð úr kvikmyndinni Monty Python and the Holy Grail frá árinu 1975.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON HORFIR STUNDUM Á STUMP THE SCHWAB

## *Hómer Simpson holdi klæddur*

Spurningaþættir njóta alltaf mikilla vinsælda í sjónvarpi. Við Íslendingar erum þar engin undantekning enda höfum við verið með nánast allar gerðir af þessu sjónvarpsefni. Ég er þess hins vegar fullviss um að við eigum engan í líkingu við ESPN nördið Howie Schwab. Þrátt fyrir að hann teljist sérfræðingur í íþróttum og öllu sem þeim tengist er fátt sem minnir á líkamlega hreyfingu þegar kemur að Schwab. Hann er feitlaginn með gleraugu, með stutta og frekar asnalega klippingu. Klæðist yfirleitt einhverjum liðsbúningi og skiptir engu hvort um er að ræða hafnabolta, ruðning eða körfubolta. Spurningakeppnin „Stump the Schwab“ gengur út á að velta meistaranum úr sessi. Í hverri viku koma sjálfskipaðir íþróttaspekingar og spreyta sig gegn honum. Fáránleg vitneskja þessarar smávöxnu sjónvarpsstjörnu er mesta gamanefnið og ég velti því iðulega fyrir mér þegar þátturinn birtist á skjánum: Hvernig nennir náunginn að hafa fyrir því að muna öll úrslit, alla leikmenn og öll fáránleg atvik sem hafa komið fyrir í öllum íþróttagreinum Bandaríkjanna? Schwab er mjög vinsæll vestanhafs og fjölmiðlaspekingar þar vestra segja hann eiga útliti sínu margt að þakka. Hann sé nefnilega Bandaríkjamaðurinn holdi klæddur. Hann er ekki eitthvert sólbrúnt vaxtaræktarfrík sem á konu í hverri höfn og lætur berast á. Nei, Schwab þykir fátt betra en að liggja með tærnar upp í lofti og horfa á íþróttamenn leggja sig í líma við að reyna hafa sigur í kappleik. Eini munurinn á Schwab og öllum hinum er að hann hefur þá fáránlegu náðargáfu að muna eftir öllu.



**ÍÞRÓTTIR** Howie Schwab myndi ekki eingöngu vita hvað gerðist næst heldur einnig hvað báðir náungarnir heita, hvaðan þeir kæmu og með hvaða liði þeir léku fyrst.



▶ 21.25 *Fræðsla*

SPÆNSKA VEIKIN



▶ 21.15 *Nýtt*

NUMBERS



▶ 21.30 *Stjörnulíf*

FABULOUS LIFE OF



▶ 20.30 *Lífsstíll*

ALLT Í DRASLI



▶ 19.30 *fótbolti*

MANCHESTER UNITED – VILLARREAL

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (13:25) **18.25** Tommi togvagn (8:26)

**18.30 Gló magnaða (26:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.40 Veronica Mars (9:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
▶ **21.25 Spænska veikin** Elín Hirst hefur gert nýjan þátt um spænsku veikina vegna aðsteðjandi hættu í heiminum af völdum fuglaflensu. Þátturinn er byggður á efni úr samnefndum þáttum sem sýndir voru í Sjónvarpinu fyrir nokkrum árum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ódáðaborg (3:4)** (Murder City) Breskur sakamálaflokkur.

**23.35** Örninn (4:8) **0.35** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (7:145) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air (19:25) **13.30** Life Begins (2:8) **14.20** The Guardian (8:22) **15.05** Extreme Makeover – Home Edition (2:14) **16.00** Shin Chan **16.20** Töframaðurinn **16.40** He Man **17.05** Ginger segir frá **17.30** Finnur og Fróði **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (13:23)**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Amazing Race 7 (12:15)** (Kapphlaupið mikla)
▶ **21.15 Numbers (1:13)** (Tölur) Nýir bandarískir sakamálaþættir um stærfræðisnilling sem vinnur með bróður sínum, sem er yfirmaður hjá FBI, við að leysa snúin sakamál. Þættirnir koma úr smiðju bræðranna Ridleys og Tonys Scott. Bönnuð börnum.
**22.00 Over There (4:13)** (Á vígaslóð) Bönnuð börnum.
**22.45 Crossing Jordan (14:21)** (Réttarlæknirinn) Hörkuspennandi bandarískir sakamálaþættir.

**23.25** Deadwood (9:12) (Stranglega bönnuð börnum) **0.10** Hudson Hawk (Stranglega bönnuð börnum) **1.45** RFK **3.15** Fréttir og Ísland í dag **4.20** Ísland í bítið **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veggfóður** Hönnunar- og lífsstílsþáttur.
**20.00 Friends 4 (23:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Nú fáum við að sjá enn meira af því sem gerist á bak við tjöldin ásamt því að leynigestur kíkir á svæðið.
**21.00 Laguna Beach (8:11)**
▶ **21.30 Fabulous Life of** (Fabulous Life of: Celebrity Couples) Í þessum frábæru þáttum er farið á bak við tjöldin með þotuliðinu í Hollywood.
**22.00 HEX (8:19)** Yfirnáttúrulegir þættir.
**22.45 Fashion Television (4:34)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

**23.10** David Letterman **23.55** Friends 4 (23:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Herrarnir** Annar þátturinn um undirbúning keppninnar um Herra Ísland 2005 sem fer fram í beinni útsendingu frá Broadway á fimmtudagskvöldið kemur.
**20.00 Borgin mín – NÝTT!** Íslenska þjóðin er ekki svo ýkja fjölmenn en þó finnast Íslendingar á ólíklegustu stöðum.
▶ **20.30 Allt í drasli** Það má með sanni segja að Allt í drasli sé hreinasta snilld!
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Judging Amy** Í þessari nýju röð er Amy dæmd til setu á öðru réttarstigi, og telur það refsingu fyrir úrskurð sinn í Casey Ives-málinu.
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur) Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaradeildin – upphitun)
▶ **19.30 UEFA Champions League** (Man. Utd. – Villarreal) Bein útsending frá Meistaradeild Evrópu. Það er mikil spenna í D riðli en Ferguson og félögum hefur ekki gengið of vel.
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Berg** (Meistaramörk 2)
**22.20 UEFA Champions League** (Barcelona – Werder Bremen) Útsending frá Meistaradeild Evrópu.

**0.10** Meistaradeildin með Guðna Berg **0.50** Ensku mörkin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Hot Chick **8.00** Nell **10.00** Dinner With Friends **12.00** Something's Gotta Give **14.05** The Hot Chick **16.05** Nell **18.00** Dinner With Friends **20.00** **Something's Gotta Give** (Undan að láta) Rómantísk gamanmynd. **22.05 Sunshine State** (Sólskinsfylkið) Dramatísk verðlaunamynd. **0.25** Concpiracy (B. börnum) **2.00** Some Girl (B. börnum) **4.00** Sunshine State

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** What Hollywood Taught Us About Sex **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** The Soup UK **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup UK **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Birmingham – Bolton frá 22.11 **16.00** Middlesbrough – Fulham frá 20.11 **18.00** Charlton – Man. Utd. frá 19.11
**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Chelsea – Newcastle frá 19.11** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.
**0.00** Liverpool – Portsmouth frá 19.11 **2.00** Dagskrárlok




ENNEMM / SÍA / NM

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Borgin mín** Skjár einn **kl. 20.00**

*Bryndís Schram kynnir uppáhaldsstaði sína í Helsinki*

### *Stórborgir í nýju ljósi*



Fjölmargir Íslendingar dveljast langdvölum erlendis við nám, leik eða störf og þekkja því eina borg öðrum betur og fá á henni dálæti. Í þáttaröðinni Borgin mín verða þjóðþekktir Íslendingar beðnir um að leiða áhorfendur í allan sannleika um borgina sína og mun Bryndís Schram taka á móti áhorfendum í fyrsta þættinum og sýna þeim sína uppáhaldsstaði í höfuðborg Finnlands, Helsinki. Borgin mín er þáttaröð sem gefur áhorfendum færi að sjá stórborgir í nýju ljósi og upplifa menningu og þjóð á skemmtilegan máta.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Fréttir

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Á skólastjóravaktinni **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Goðsagnir um landvinninga Spánverja í nýja heiminum **21.10** Púsl **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Powersolo **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.00** *Fræðsla*

KVÖLDFRÉTTIR

## NFS

**07.00** Ísland í bítið **09.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Íþróttafréttir. **12.20** Veðurfréttir. **12.28** Leiðarar dagblaða. **12.40** Hádegisviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/ Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður

**18.30** **Kvöldfréttir NFS.**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.30** **Yfirlit frétta og veðurs.**
**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. 20.10 Sögur af fólki e.
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**21.55** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. 20.10 Sögur af fólki e.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**11.45** Football: Football World Cup Season Journeys **12.00** Football: UEFA Champions League **13.00** Football: UEFA Champions League **14.00** Football: UEFA Champions League **15.00** Football: Eurogoals **16.00** Football: UEFA Champions League Vintage **17.30** Football: Football World Cup Season Playoff **18.30** Football: Football World Cup Season News **18.45** Football: Football World Cup Season Journeys **19.00** Boxing **20.00** Boxing **22.00** Sumo: Aki Basho Japan **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** All sports: WATTS **23.45** Freestyle Motocross: US Tour **0.15** News: Eurosportnews Report

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Insects from Hell **13.30** Insects from Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** When Expeditions Go Wrong **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megacities **19.00** Bug Attack **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** When Expeditions Go Wrong **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** The Life of Birds **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Nightmares of Nature **20.30** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** K9 Cops **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Nightmares of Nature **1.30** Animal Precinct

**DISCOVERY**

**12.05** Brain Story **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Secret Life of Formula One **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Ultimates **21.00** Submarine **22.00** The Road to Le Mans **22.30** The Road to Le Mans **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Newlyweds **19.30** MY Super Sweet 16 **20.00** Power Girls **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Michael Jackson **22.00** Punk'd **22.30** Wonder Showzen **23.00** Alternative Nation

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits






## HRÓSIÐ

*...fær Gísli Örn Garðarsson fyrir að vera boðið að leika með einum virtasta leikhópi Breta.*

## HVERNIG FANNST ÞÉR WHITE STRIPES TÓNLEIKARNIR?



**Jón Ólafsson tónlistarmaður.**

Það sem mér finnst flott við tónlistina þeirra er þessi hráleiki sem þau búa yfir. Reyndar lentu þau í einhverjum græjuvandræðum um miðbik tónleikanna og þá duttu þeir aðeins niður en þau kláruðu þetta vel í restina. Mér fannst þetta bara mjög skemmtilegir tónleikar.

**Ólafur Páll Gunnarson dagskrárgerðarmaður.**

„Mér fannst þetta ágætt, Ég stóð aftarlega og það var svolítið eins og að vera í frímínútum í grunnskóla. Það var endalaus straumur af unglingum sem gerðu lítið annað en að rápa fram á gang en mér fannst gaman að því þó að ég hafi verið reyndar orðinn frekar þreyttur á því undir lokin. Annars fannst mér tónleikarnir koma nokkuð vel út en ég var samt ekkert heillaður upp úr skónum. Þetta var hin þokkalegasta skemmtun."



**Ævar Örn Jósepsson dagskrárgerðarmaður og rithöfundur.**

Mér fannst þetta bara nokkuð gott. Það var reyndar einhver óværa í gítarnum hjá honum á ákveðnum tímapunkti en það lagaðist þegar leið á. Mér fannst heildarútkoman bara flott."



**Andrea Jónssóttir dagskrárgerðarmaður og plötusnúður.**

„Mér fannst gaman á þessum tónleikum. Ég var reyndar svolítið þreytt en þau voru mjög flott á sviðinu. Svolítið mikið ráp á fólkinu í salnum. Þrátt fyrir það fannst mér tónleikarnir góðir, þeir höfðu bæði rokk og sjarma."





**LÁRÉTT** **2** plat **6** í röð **8** hæfileikamikill **9** veitt eftirför **11** á líðandi stundu **12** land **14** dans **16** samtök **17** mælieining **18** titill **20** klukkan **21** horfðu.

**LÓÐRÉTT** **1** afl **3** Austfirðir **4** biblía **5** steinbogi **7** drollari **10** traust **13** bókstafur **15** óskiptur **16** kraftur **19** utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gabb, **6** rs, **8** fær, **9** elt, **11** nú, **12** kórea, **14** rúmba, **16** aa, **17** mól, **18** frú, **20** kl, **21** litu.
**LÓÐRÉTT:** **1** þrek, **3** af, **4** bænabók, **5** brú, **7** slórari, **10** trú, **13** emm, **15** alls, **16** afl, **19** út.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Aðalsteinn Þorsteinsson.
2. Valgerður Sigurðardóttir.
3. Björk Guðmundsdóttir.




GULLKINDIN: SILVÍA NÓTT AÐALKYNNIR

# Baráttan um verðlaunin óvenju hörð í ár

Gullkindin, verðlaun sem veitt eru fyrir verstu frammistöðu í fjölmiðlum og hvers kyns afþreyingu, verða afhent á Ölveri næstkomandi fimmtudag við hátíðlega athöfn. Þetta er í annað skiptið sem þessi hátíð fer fram en í fyrra stóð útvarpsþátturinn Tvíhöfði að þeim í fyrsta skipti. Hann er nú hættur í þeirri mynd og að þessu sinni er það því morgunþátturinn Capone á X - Fm sem tekur við keflinu en umsjónarmenn þáttarins eru þeir Andri Freyr Viðarsson og Búi Bendtsen. „Sigurjón Kjartansson kom hingað upp í hljóðver og afhenti okkur réttindin formlega," útskýrir Andri þegar hann er spurður af hverju þeir standi í þessu þetta árið.



**ANDRI FREYR VIÐARSSON OG BÚI BENDTSEN** Hafa tekið við umsjón Gullkindarinnar sem fram fer næstkomandi fimmtudag á Ölveri. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

Áhugasamir geta kosið á heimasíðu útvarpsstöðvarinnar, www.xfm.is. Mun vægi netkosningarinnar vega 60 prósent til móts við val akademíunnar en mikil leynd hvílir yfir því hverjir skipa hana. „Það verður ekki gefið upp," segir Andri dularfullur. Ekkkert verður til sparað svo Gullkindin verði sem glæsilegust úr garði gerð, dúkar verða á borðum og lifandi tónlistaratriði á milli afhendinga en meðal þeirra sem koma fram er Hairdoctor og Rass en hún ætlar að spila órafmagnað. Það er engin önnur en Silvía Nótt sem verður aðalkynnir en eflaust er það kaldhæðni örlaganna að sjónvarpsmaður ársins frá Eddu verðlaununum skuli sinna því hlutverki þetta árið. „Þetta er auðvitað í léttum dúr en líka smá vísbending um að fólk ætti að hysja upp um sig buxurnar," segir Andri og bætir því við að hann vonist til að sjá þá sem eru tilnefndir. „Ef fólk hefur ekki smá húmor fyrir sjálfum sér ætti það bara að fara út í horn," bætir hann við.



Um er að ræða tíu flokka og býst Andri við óvenju harðri keppni þetta árið. „Ég held að Málið eigi eftir að taka Gullkindina sem versta tímaritið og Reykjavíkurnætur sem versti sjónvarpsþátturinn en Kvöldþátturinn gæti líka komið sterkur inn," lýsir útvarpsmaðurinn yfir en reiknar þó með því að baráttan um titilinn versti sjónvarpsmaðurinn verði hvað hörðust. „Þar stendur baráttan á milli þeirra Guðmundar Steingrímssonar og Ragnheiðar Guðfinnu í morgunsjónvarpin Stöðvar 2. Ég hallast samt að Ragnheiði," segir Andri. Þá verður ekki gefið upp hver hlýtur Heiðursverðlaun Gullkindarinnar en Helgi Seljan afhendir þau.

**RAGNHEIÐUR GUÐFINNA GUÐNADÓTTIR** Kemur að mati Andra Freys hjá útvarpsþættinum Capone sterklega til greina sem versti sjónvarpsmaður ársins.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Grínvefurinn www.baggalutur.is birtir frétt í léttum dúr um brotthvarf Alfreðs Þorsteinssonar úr borgarstjórnmálum en þar segir að „Reykvíkingar, eins og raunar íslenska þjóðin öll" séu harmi slegin eftir yfirlýsingu Alfreðs um að hann gefi ekki kost á sér til endurkjörs. Í frétt Baggalúts segir jafnframt að almennt vonleysi ríki „í höfuðborginni ásamt mikilli óvissu um framtíðina og er reiknað með hruni verðbréfamarkaða á hverri stundu". Þá er þess getið að Alfreð hyggist snúa sér að „því að stjórna byggingu nýs hátæknisjúkrahúss, en hann hefur mikla reynslu af smíði glæsihúsa á kostnað skattgreiðenda".



Það vakti athygli þegar útvarpsmaðurinn Gústaf Níelsson strunsaði nánast út af Útvarpi Sögu í beinni útsendingu eftir að honum lenti saman við útvarpsstjórann Arnþrúði Karlsdóttur. Það eru vitaskuld fyrst og fremst hlustendur Sögu sem velta fyrir sér framtíð Gústafs og á heimasíðu stöðvarinnar getur fólk nú greitt atkvæði um það hvort fólk vilji hafa Gústaf áfram sem þáttastjórnanda á Sögu. Þegar 134 hafa greitt atkvæði vilja 68,35% halda Gústaf áfram en 31,65% sakna hans ekki.



Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er hæstánægður með helgina og liðna viku sem hann telur hafa verið þá bestu síðan Halldór Ásgrímsson tók við forsætisráðuneytinu. Tilkynning Björns Inga um að hann sækist eftir efsta sæti Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar setti vitaskuld mikinn svip á helgina hjá Birni Inga sem bauð fjölmiðlum heim stil sín á laugardag til þess að kynna framboð sitt. „Baráttan er rétt að hefjast, en ég get ekki annað en verið sáttur við fjölmiðlaumfjöllun helgarinnar. Þá var ég gestur í Silfri Egils í dag og varð aukinheldur þess heiðurs aðnjótandi að fá Nýju fréttastöðina (NFS) heim til mín í gær í beina útsendingu," segir Björn Ingi á heimasíðu sinni.



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

# Örfáir miðar eftir á jólatónleika Frostrósa í Laugardalshöll

Íslendingar eru komnir í hátíðarskap ef marka má miðasölu á jólatónleika Frostrósa í Laugardalshöll 10. desember næstkomandi. Um 2400 miðar seldust í sérstakri Visa-forsölu og þegar almenn miðasala var farin vel af stað í gær voru einungis rúmir þrjú hundruð miðar eftir. Þetta er í fjórða skiptið sem Frostrósir halda jólatónleika en nú á að tjalda öllu til enda er þetta í síðasta skipti sem þeir verða í þessari mynd. 25 manna stórhljómsveit og 150 manna kór verða söngdívunum sjö innan handar auk Bjarna Ara, Leone Tinganelli og Gunnars Guðbjörnssonar.



**FROSTRÓSIR** Stúlkurnar sjö sem hafa skipað Frostrósir undanfarin fjögur ár koma í fyrsta sinn allar saman til að syngja á síðustu tónleikum dívanna.

„Þetta er alveg fáránlegt," sagði Samúel Kristjánsson hjá 2112 þegar hann var inntur eftir viðbrögðum sínum við góðri miðasölu og sagði þetta vera mun meiri sala en undanfarin ár. „Við erum að skoða möguleika á því að bæta við tónleikum sem yrðu þá fyrr um daginn," bætti hann við en samkvæmt tónleikahaldaranum yrði það í fyrsta skipti sem íslenskum tónlistarmönnum tækist að fylla Höllina tvívegis.

Samúel sagðist ekki kunna neinar skýringar á þessari góðu sölu aðrar en þær að tónleikar undanfarinna ára hefðu spurst vel út. Þá skemmdi það heldur ekki fyrir að umgjörðin yrði með glæsilegasta móti. „Sú staðreynd að þetta eru síðustu Frostrósa-tónleikarnir trekkir örugglega vel að." - fgg

# í jólaskapi



SPARIÐ 25.000,-

BORÐ + 6 STÓLAR
VERÐ ÁÐUR 74.900,-
**49.900,-**

## „NOVA" BORÐ + 4 STÓLAR

Stílhreint og sérstaklega glæsilegt borð úr gegnheilli, olíuborinni eik. Stólar fáanlegir í stíl, einnig úr gegnheilli, olíuborinni eik og sessu með svörtu áklæði. Sérstaklega langt og gott borð, lengd 200 sm. Borð st. 200 x 90 sm.



SPARIÐ 10.000,-
VERÐ ÁÐUR 24.900,-
**14.900,-**

## „LIVA" KOMMÓÐA

Glæsileg kommóða með 5 skúffum úr gegnheilli eik. St. H:93 x B:104 x D:38 sm.



SPARIÐ 6.910,-
VERÐ ÁÐUR 16.900,-
**9.990,-**

SPARIÐ 4.910,-
VERÐ ÁÐUR 12.900,-
**7.990,-**

SPARIÐ 7.000,-
VERÐ ÁÐUR 19.900,-
**12.900,-**

## „HELENA" KOMMÓÐUR

Kommóður úr gegnheilli, antikbæsaðri furu með sérstaklega djúpum skúffum.

| 4+2 skúffur | 3+2 skúffur | 2+2 skúffur |
|---|---|---|
| Hæð 134 sm | Hæð 109 sm | Hæð 84 sm |
| Breidd 86 sm | Breidd 86 sm | Breidd 86 sm |
| Dýpt 43 sm | Dýpt 43 sm | Dýpt 43 sm |



SPARIÐ 3.000,-
VERÐ ÁÐUR 9.990,-
**6.990,-**

SPARIÐ 2.000,-
VERÐ ÁÐUR 6.990,-
**4.990,-**

## „JAN" BÓKAHILLUR

Falleg bókahillur úr gegnheilli, antikbæsaðri furu. Gæðavara á lágu verði.




SPARIÐ 10.000,-

90X200 SM:
VERÐ ÁÐUR 29.900,-
**19.900,-**

Bonell | Poka | Þæginda-svæði | Miðlungs | 15 ára ábyrgð | Dönsk gæða-framleiðsla

## PLUS B20 BOXDÝNA

Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. m2 og í neðra lagi eru 150 BONELL-gormar pr. m2. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretansvampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/ polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.



## HJARTA- OG FÓTBOLTASTÓLL

Flottir fellistólar.

VERÐ ÁÐUR 990,-
**299,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

GÆLDU VIÐ BRAGÐLAUKANA
FAXE AMBER
LÉTTUR ÖLLARI



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

# *Sólarlagsfólkið*

Í Sólarlagsborg er meðalaldurinn sjötíu og sjö. Þar svamla íbúar í sundlaugum, bruna um græna velli í golfkerrum, sötra sjerrí á ströndinni, borða plómur af trjánum, fylla pilluskápa af gleðigjöfum, spila rommí undir pálmunum og hverfa svo inn í sólarlagið á hvítum kadilakk þegar kallið kemur. Fæstir eldri borgarar fá þó þetta forskot á himnaríki. Víða í henni veröld er svo komið að aldraðir rölta um stræti stórborga með aleiguna í innkaupakörfu og leggjast til svefns undir pappaspjöldum utan af neysluvarningi nútímans. Aðrir leita í skýli heimilislausra og fylla þar svefnsali.

Í New York borg búa átján prósent aldraðra við eða undir fátæktarmörkum. Þrjátíu og fimm þúsund einstaklingar á öllum aldri eru þar heimilislausir. Svona er ástandið þó ekki á landinu bláa, segjum við og dæsum. Löngum hefur þó landinn freistast til að líta fremur vestur en austur í leit að fyrirmyndum, en sérfróðir segja Íslendinga vera nokkrum áratugum á eftir öðrum Norðurlöndum hvað varðar vistunarmál aldraðra. Leitin að hinum milda meðalvegi er endalaus.

**KAUPKRAFTUR** landans hefur aukist stórlega, segja ráðamenn á Fróni stoltir og leggja fram skýrslur og línurit. Tölur má lesa eins og ljóð – sitt sýnist hverjum og lesandinn fær það út úr lestrinum sem hann sjálfur vill. Kjör aldraðra Íslendinga batna minnst, segja talsmenn þessa minnihlutahóps sem við munum þó vonandi öll fylla í mis náinni framtíð. Kaupmáttur aldraðra hefur í raun rýrnað frá því fyrir sextán árum, segja þessir talsmenn eldri borgara.

**ÖLDRUÐ** kona þjáist af næringarskorti á elliheimili í Reykjavík. Þar hefur hún brotnað nokkrum sinnum áður en hún mætir dauða sínum eftir hátt fall í hjólastól niður stiga. Á hjúkrunarheimili kúldrast margir í sama herbergi líkt og í sumarbúðum barna. Einkalíf er ekki til staðar og heilabilaðir eru með heilbrigðum í herbergi. Bil á milli rúma er í 200 millimetrum þar sem hagræðingin er mest. Gripið hefur verið til þess að gefa öldruðum svefnlyf vegna þrengsla. Við reisum háskóla í hverjum hreppi. Það er þjónusta við fólk sem hefur bolmagn til að gera kröfur. Þeir sem byggðu grunninn að hamingjuhöll nútímans ættu kannski að fá að gista hana líka. ■

OFUR ÚTSALA
– ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

Tryggjum stöðugleika!
Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum

100%
Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

SP-FJÁRMÖGNUN

VW Polo 1.2 árg. 2004
ek. 59.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.050.000. Tilboð: 830.000.

MMC Pajero 3500 GLS árg. 2001
ek. 95.000, sjálfsk. Ásett verð: 2.990.000. Tilboð: 2.500.000.

Renault Laguna árg. 1999
ek. 90.000, sjálfsk. Ásett verð: 790.000. Tilboð: 550.000.

Hyundai Terracan árg. 2003
ek. 114.000, sjálfsk. Ásett verð: 2.650.000. Tilboð: 2.190.000.

VW Golf 1.4 árg. 2000
ek. 77.000, 5 gíra. Ásett verð: 820.000. Tilboð: 640.000.

Skoda Octavia 2.0 4x4 árg. 2003
ek. 78.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.390.000. Tilboð: 1.090.000.

Alfa Romeo 156 árg. 1999
ek. 68.500, 5 gíra. Ásett verð: 690.000. Tilboð: 530.000.

Opel Corsa árg. 2001
ek. 97.000, 5 gíra. Ásett verð: 690.000. Tilboð: 390.000.

Útsalan Klettshálsi opin frá kl. 10 til 18

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháls 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum okkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

HEKLA, Klettháls 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is

SPRON Tekjuvernd
Fagleg ráðgjöf og ítarleg úttekt á stöðu þinni komi til áfalls

Núverandi sparnaður, áunnin lífeyrisréttindi og tryggingar vegna alvarlegra sjúkdóma, slysa eða andláts tryggja þér tiltekið hlutfall af núverandi tekjum.
+
SPRON Tekjuvernd
=
Tryggir þér þær tekjur sem þú kýst komi til áfalls

Veistu hvernig þú stendur? Pantaðu ráðgjöf í síma 550 1400 eða á www.spron.is

SPRON Tekjuvernd er í samvinnu við KB líf

spron
– fyrir allt sem þú ert